


ÓREYNDIR FJALLGÖNGUMENN

*Klífa fimm tinda á einni helgi*

Heilsa Heimili

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




TÍSKA & FEGURÐ

*Í sandölum og ermalausum bol*

Sérblað um tísku og fegurð

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

TIGER

bæklingurinn fylgir blaðinu í dag



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

15. maí 2007 — 131. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## ÞRIÐJUDAGUR



### Lalli Johns fyrir 300 þúsund

Auglýsing Ör-yggismiðstöðvar Íslands er umdeild.

FÓLK 38

### Silja í leikstjórastólinn



Stýrir næstu þáttaröð af sjónvarpsþátt-unum Stelp-urnar.

FÓLK 38

### Hreyfingarlaust Ísland

„Íslenskir kjósendur eru nefnilega svo sauðtrúir „flokknum sínum“ að þeim verður lítið haggað,“ segir Hallgrímur Helgason.

Í DAG 20

### KR-tap í Vesturbænum



Keflvíkingar gerðu sér lítið fyrir og lögðu KR-inga 1-2 í Frosta-skjólinu.

ÍÞRÓTTIR 34

## VEÐRIÐ Í DAG




**LÍTILSHÁTTAR VÆTA -** Í dag verður suðaustan- og austan átt, 3-8 m/s. Lítilsháttar væta suðvestan og vestan til þegar líður á daginn og einnig austan til. Bjart með köflum annars staðar og þurrt. Hiti 3-12 stig, svalast á annesjum nyrðra.

VEÐUR 4




# Framsókn opin í báða enda

**Forystumenn Framsóknarflokksins mátu stöðuna að loknum kosningum í allan gærdag. Þeir hafa kallað eftir sjónarmiðum grasrótarinnar, sem eru á þrjá vegu; núverandi samstarf, vinstristjórn eða stjórnarandstaða.**

**STJÓRNMÁL** Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins, varði gærdeginum í að ræða við flokksmenn sína og meta stöðu flokksins eftir kosningarnar. Ráðherrar Framsóknar hittust á fundi síðdegis og þingflokkurinn kom saman í gærkvöldi í höfuðstöðvum flokksins við Hverfisgötu.

Innan Framsóknarflokksins eru gjörólík sjónarmið uppi um hvað gera skuli og horfa menn til þriggja kosta. Einn er áframhaldandi ríkisstjórnarsamstarf með Sjálfstæðisflokknum, annar er myndun vinstristjórnar með Samfylkingunni og Vinstrihreyfingunni – grænu framboði og sá þriðji er að flokkurinn verði í stjórnarandstöðu á nýju kjörtímabili.

Ekki er einasta um að tefla völd eða ekki völd heldur er framtíð Framsóknarflokksins undir. Endurreisn Framsóknar er helsta viðfangsefni flokksmanna en hin ólíku viðhorf snúast um við hvaða aðstæður slíkt viðreisnarstarf verði best unnið.

Helstu forystumenn eru fáorðir um afstöðu sína en segjast vilja skoða alla kosti.

Höskuldur Þór Þórhallsson, nýkjörinn þingmaður flokksins í Norðausturkjördæmi, sagðist í gær vilja að flokkurinn færi í stjórn og að ekki skipti höfuðmáli hvort hún væri til hægri eða vinstri.

Persónuleg og pólitísk staða Jóns Sigurðssonar, sem náði ekki kjöri til þings, blandast inn í vangavelturnar. Fari Framsóknarflokkurinn í stjórnarandstöðu hefur hann ekki aðkomu að umræðum á Alþingi, líkt og hann hefur við setu í ríkisstjórn.

Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins hittist einnig í gær og greindi Geir H. Haarde, formaður flokksins og forsætisráðherra, þingmönnum frá stöðu mála.

Geir hefur óskorað umboð þingflokksins til allra athafna og viðræðna um myndun ríkisstjórnar og öfugt við Jón Sigurðsson þarf hann ekki að leita sérstaklega eftir afstöðu grasrótarinnar í flokknum.

Guðni Ágústsson, varaformaður Framsóknarflokksins, tók í gær fálega hugmyndum Ögmundar Jónassonar, þingflokksformanns VG, og annarra um að Framsókn verði minnihlutastjórn VG og Samfylkingarinnar falli. Verður sá kostur að teljast afskrifaður og hefur mögulegum stjórnarmynstrum þar með fækkað um eitt.

Ríkisstjórnarfundur, sá fyrsti eftir kosningar, er fyrirhugaður á venjubundnum tíma í Stjórnarráðinu fyrir hádegi í dag.

**- bþs / sjá síðu 18**



**ELDUR OG EYÐILEGGING** Dönsk kona horfir á eyðilegginguna sem fylgdi óeirðunum í Kaupmannahöfn í gær. Mótmælendur voru vopnaðir bensínsprengjum en lögreglan táragasi og kylfum. Lætin snerust um hús sem yfirvöld vildu rífa. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Íslenskur námsmaður lenti í miðjum óeirðunum í Kaupmannahöfn:

# Varð fyrir grjótkasti og táragasi

**KAUPMANNAHÖFN** Jón Hnefill Jakobsson, námsmaður í Kaupmannahöfn, lenti í óeirðum í Kristjaníu í gærmorgun. Tveimur klukkustundum áður hafði lögreglan ráðist inn í nálægt hús, sem er kallað Vindlakassinn, í þeim tilgangi að rífa það.

„Ég kom á vettvang í hópi alþjóðlegra blaðamanna þegar mótmælendur gerðu tvær tilraunir til að grýta okkur og virtu alþjóðlega blaðamannapassa okkar að vettugi,“ segir Jón Hnefill. Stuttu síðar beitti lögreglan táragasi og kylfum til að dreifa mannfjöldanum. Jón Hnefill varð fyrir táragasi en var ekki meint af að eigin sögn.

„Mótmælendurnir voru bæði íbúar Kristjaníu og úr hópi þeirra sem létu til sín taka þegar Ungdómshúsið var rifið,“ segir hann. „Þeir koma alls staðar að úr heiminum til að stofna til óeirða.“

Hluti hússins sem deilan stendur um brann árið 2002 og hefur það síðan staðið mannlaust. Þrátt fyrir mótmælin var það rifið að lokum.

Í viðtali við danska dagblaðið Politiken sagðist Flemming Steen Munch, blaðafulltrúi lögreglunnar í Kaupmannahöfn, hissa á mótmælunum: „Þeir hefðu frekar getað glaðst yfir því að við komum og fjarlægðum þetta ónotaða hús.“

Búist er við því að óeirðir milli lögreglu og mótmælenda stigmagnist næstu daga.

**- lbb / sþs / sjá síðu 12**



**HART BARIST** Lögregla tekur hart á einum mótmælendanna. Húsið sem slegist er um hafði staðið mannlaust síðan 2002. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Sex hundruð Skagamenn í fýlu:

# Mótmæla ólykt frá fiskverkun

**UMHVERFISMÁL Yfir sex hundruð íbúar á Akranesi krefjast aðgerða varðandi lyktarmengun frá hausaverkun og fiskimjölsbræðslu. Þeir hafa skrifað bréf til bæjaryfirvalda þar sem þess er krafist að starfsleyfi verksmiðjanna verði strax afturkölluð.**

**„Það er ekki við þetta búandi,“ segir Ketill Björnsson, einn þeirra sem skrifuðu undir. „Maður getur aldrei farið frá húsinu með opnum gluggum og á nóttinni þarf að loka þeim öllum. Það er ekki hægt að hafa börn úti að sofa því vagnarnir, sængurfötin og föt barnanna lykta svo mikið að það verður allt hálfónýtt.“**

**Bæjarráð hefur fundað með óánægðu íbúunum. Heilbrigðisnefnd segir ekki hægt að koma í veg fyrir lyktarmengun frá hausaþurrkuninni en endurnýjaði þó starfsleyfið.**

**- gar / sþs / sjá síðu 4**



**MIKILL HEIÐUR** Dorrit Moussaieff forsetafrú óskar Helga til hamingju.

Æðsta orða lýðveldisins:

# Helgi Tómasson fær stórkrossinn

**VIÐURKENNING** Helgi Tómasson, stjórnandi San Francisco-ballettsins, var sæmdur stórkrossi hinnar íslensku fálkaorðu í gær. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, veitti honum viðurkenninguna við hátíðlega athöfn á Bessastöðum.

Stórkrossinn er æðsta viðurkenningin sem íslenska lýðveldið veitir einstaklingum. Halldór Laxness hlaut hann á sínum tíma. Dansarar úr San Francisco-ballettinum voru viðstaddir athöfnina í gær ásamt fjölskyldu Helga og ýmsum úr íslensku menningarlífi.

**- sþs / sjá síðu 26**

SPURNING DAGSINS



*Þóra, vilja ekki flestir halda viðhaldinu leyndu?*

„Það fer eftir því hvers lags viðhald það er.“

Þóra Jónsdóttir, eðlis- og tölvunarfræðingur, er hönnuður gagnagrunnsins Viðhaldsbókin. Í hann er hægt að skrá allar fasteignaframkvæmdir.

Eggert Magnússon heitir fé fyrir upplýsingar um hvarf Madeleine McCann:

# Styður leitina að Madeleine

**MANNÚÐARMÁL** Eggert Magnússon, eigandi og stjórnarformaður West Ham, er í hópi þeirra sem heitið hafa fé fyrir upplýsingar um Madeleine McCann, fjögurra ára breska stúlku, sem hvarf í Portúgal 4. maí. Í sjóðinn hafa safnast 315 milljónir króna. „Ég ákvað að leggja mitt af mörkum fyrst og fremst vegna þess að ég er faðir, afi og fjölskyldumaður. Fótboltaklúbburinn West Ham er líka mikill fjölskylduklúbbur og þess vegna fannst mér viðeigandi að veita framlag í sjóðinn. Hann er hugsaður til að greiða fyrir allar vísbendingar sem gætu leitt til þess að stúlkan finnist.“

Eggert vonast til að fjölmiðlafárið í kringum hvarfið á Madeleine auðveldi leitina að henni. „Ef fundarlaun eru í boði kemur fólk frekar fram með upplýsingar. Með sjóðnum er því verið að auka pressuna á fólk sem liggur á upplýsingum eða þá sem eru í vitorði með glæpamönnunum.“

Eggert veit ekki um frekari fjárframlög í sjóðinn en segir lögfræðinga foreldra Madeleine sjá um að halda utan um hann. Á fréttavef BBC er listi yfir þá sem gefið hafa í sjóðinn en í þeirra hópi eru J.K. Rowling, Wayne Rooney og Richard Branson. - lbb



**MADELEINE LITLA** Ekkert hefur spurst til stúlkunnar síðan 4. maí.

Átök milli Palestínumanna:

## Afsögn ráðherra í kjölfar átaka

**GAZA-BORG, AP Hani Kawasmeh, innanríkisráðherra Palestínustjórnar, sagði af sér í gær eftir að fjórir menn fórust af völdum innbyrðis átaka milli Palestínumanna á Gazasvæðinu.**

**Átökin hafa farið vaxandi síðustu daga og snúast að hluta um það hvort Hamas eða Fatah, tvær helstu fylkingar Palestínumanna, hafa yfirráð yfir öryggissveitum stjórnarinnar.**

**Palestínustjórn hvatti hópana til að hætta að berjast, en átti fá ráð til að knýja þá til að fara að þeirri hvatningu. Íbúar í Gaza-borg héldu sig heima við og reyndu að forðast að lenda í víglínu átakanna. - gb**

Harma misbrest enn á ný:

## Atkvæðin aftur ógilt af DHL

**KOSNINGAR Starfsmaður DHL í Bandaríkjunum reif upp umslag með tveimur utankjörfundaratkvæðum sem greiða átti í nýafstöðnum kosningum. Atkvæðin voru ógild vegna þessa. Í yfirlýsingu frá DHL á Íslandi harmar fyrirtækið að misbrestur hafi orðið á afgreiðslu atkvæðanna og segist munu fara yfir verklagsreglur sínar.**

**Yfirlýsingin er nánast orðrétt sú sama og send var fjölmiðlum rétt eftir alþingiskosningarnar 2003. Þá voru atkvæði gerð ógild af starfsmönnum DHL.**

**„Það er erfitt að koma í veg fyrir mannleg mistök,“ segir Atli Freyr Einarsson, sölu- og markaðsstjóri DHL á Íslandi. - sþs**

# Melónuskurðarvél sögð ástæða ferðar

**Tveir menn eru ákærðir fyrir innflutning á 834 e-töflum. Annar kennir vini sínum um smyglið. Hinn segist hafa átt von á bókapakka að utan. Svartir peningar og melónuskurðarvél eru nefnd sem ástæða Hollandsferðar.**

**DÓMSMÁL** Annar ákærðu í stóru fíkniefnamáli, sem tekið var til aðalmeðferðar í gær, kennir vini sínum um smygl á 834 e-töflum til landsins og segir hann hafa hótað sér lífláti hlýddi hann ekki skipunum hans. Tveir menn, Mohamed Tatou og Randiya Keshara Lankathilaka, eru ákærðir í málinu fyrir að hafa staðið að innflutningi á e-töflunum til landsins í nóvember í fyrra. Mennirnir eru af erlendum uppruna en búsettir hérlendis. Báðir neita sök.

Talsvert var um ósamræmi í málflutningi þeirra sem fyrir dóminn komu. Tatou, sem ákærður er fyrir skipulagningu smyglsins, bar því við að hann hefði átt erindi til Hollands, þar sem hann ætlaði að skoða melónuskurðarvél fyrir tengdaföður sinn, íslenskan mann búsettan hér. Tengdafaðirinn mætti fyrir dóminn og staðfesti frásögnina að hluta. Ákærði sagði að vinur hans, sem fór utan með honum, hefði hótað honum lífláti í vitna viðurvist vegna hárrar skuldar, en boðið honum niðurfellingu skuldarinnar gegn því að hann aðstoðaði hann við að senda pakka til Íslands frá Hollandi.

Vitnisburður vinarins, sem ekki er ákærður í málinu, var nokkuð óljós sökum tungumálaörðugleika, en af honum mátti skilja að tilgangur ferðarinnar út hefði verið að sækja „svarta peninga,“, en ekki kom fram hvað átt var við með því. Síðar sagði hann tilganginn þó fyrst og fremst hafa verið að heimsækja móður ákærða í föstumánuði múslima, Ramadan. Verjandi ákærða spurði vininn hvort hann kannaðist við að vera þekktur undir nafninu „Snake,“ eða Snákurinn, í undirheimum Reykjavíkur. Það sór hann af sér.

Lankathilaka er ákærður fyrir að hafa tekið við efnunum hérlendis, en hann kveðst hafa átt von á pakka með tveimur bókum eða fötum. Sakborningarnir opnuðu pakkann saman og segjast hafa hent töflunum út um gluggann þegar þeim varð ljóst hvað í honum var. Tollgæslan hafði þá skipt töflunum út fyrir gerviefni og voru þeir handteknir á staðnum 17. nóvember síðastliðinn.

Geðlæknirinn Tómas Zoëga mætti fyrir dóm og sagði Mohamed Tatou sakhæfan, þrátt fyrir að hann hefði borið við minnisleysi og verið – eða þóst vera – óviðræðuhæfur við yfirheyrslur hjá lögreglu.

stigur@frettabladid.is



**Í DÓMSAL** Eldri sakborningurinn, Mohamed Tatou, fyrir miðju, ásamt dómritara, verjanda og dómtúlkum. Geðlæknir sagði hann sakhæfan þótt hann hefði borið sig undarlega í varðhaldi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**LYFTUGÖNGIN** Hér má sjá hvernig málningu var hellt í lyftugöng hússins. MYND/SKESSUHORN

Skemmdarverk á Akranesi:

## Tvisvar brotist inn í sama hús

**LÖGREGLUMÁL** Fjölbýlishús á Akranesi var stórskemmt í tveimur innbrotum um síðustu helgi. Um tuttugu rúður voru brotnar, málningu hellt út um allt og rafmagnstöflur eyðilagðar. Tjónið nemur milljónum króna.

Fyrra innbrotið var aðfaranótt sunnudags, þar sem rúður voru brotnar og málningu hellt í lyftugöng. Fulltrúar verktakans komu á staðinn um morguninn og gengu frá til bráðabirgða, en aftur var brotist inn seinni partinn sama dag og fleiri rúður brotnar. Varðstjóri lögreglunnar á Akranesi segir ekki vitað hver eða hverjir voru að verki, en málið sé í rannsókn. - sþs

Morgunninn eftir víndrykkju:

## Fór ölvuð að sækja börnin

**SLYS** Kona á þrítugsaldri missti stjórn á bifreið sinni á sunnudagsmorgun með þeim afleiðingum að hún hafnaði á vegriði við Grettisgötu. Bifreiðin og vegriðið skemmdust töluvert en konan slapp ómeidd.

Konan hafði verið að skemmta sér um nóttina og áttaði sig ekki á því að hún var enn undir áhrifum áfengis þegar hún lagði af stað eftir stuttan svefn. Að sögn varðstjóra lögreglunnar var konan á leið að sækja börnin sín úr pössun þegar óhappið varð. - þo

Par handtekið á Hellisheiði:

## Stolið sjónvarp féll af bifreið

**LÖGREGLUMÁL Par var handtekið með fullan bíl af þýfi á Hellisheiði aðfaranótt mánudags.**

**Lögregla veitti parinu athygli þegar sjónvarp féll af bíl fólksins. Við nánari eftirgrennslan kom í ljós að í bílnum voru ýmsir munir sem ætla mátti að væru illa fengnir. Þeir reyndust vera þýfi úr tveimur innbrotum.**

**Ökumaðurinn var að auki grunaður um að vera undir áhrifum fíkniefna. Parinu var sleppt að lokinni yfirheyrslu og telst málið upplýst. - þo**

SUÐURNES

### Rafmagnslaus flugvöllur

Rafmagnslaust varð á Keflavíkurflugvelli í hálftíma um fjögurleytið í gær. Öll þjónusta lá niðri um stundarsakir og einhverjar tafir urðu á flugi. Ekki er ljóst hvers vegna rafmagnið fór af.


BÍLL DAGSINS
NISSAN NOTE VISIA 1,6
Nýr sýningarbíll - Sjálfskiptur - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Japanska þingið undirbýr stjórnarskrárbreytingar að beiðni Abe forsætisráðherra:

# Vilja fá herskárri stjórnarskrá

**JAPAN, AP** Japanska þingið lagði í gær grunninn að stjórnarskrárbreytingu sem færir her landsins nýtt svigrúm til að athafna sig utanlands. Enn er þó langt í land áður en efnt verður til þjóðaratkvæðagreiðslu um breytinguna.

Afgreiðsla þingsins þykir töluverður sigur fyrir Shinzo Abe forsætisráðherra, en stjórnarskrárbreytingin er þó mjög umdeild í Japan. Um 500 manns létu í sér heyra fyrir utan þinghúsið í Tókýó og mótmæltu af krafti fyrirhugaðri breytingu á stjórnskipun landsins. Hún hefur frá lokum seinni heimsstyrjaldar miðað að því að koma í veg fyrir að Japanar geti tekið þátt í stríðsátökum erlendis.

Efri deild þingsins, sem einkum gegnir táknrænu hlutverki, samþykkti í gær stjórnarskrárbreytinguna, sem neðri deildin hafði afgreitt í síðasta mánuði. Þingið hefur nú sett sér þriggja ára frest til að koma sér saman um orðalag stjórnarskrárbreytingarinnar. Þennan tíma á einnig að nýta til almennrar umræðu í þjóðfélaginu um hlutverk hersins.

Stjórnarskránni hefur ekki verið breytt frá því að hún tók gildi árið 1946, meðan Japan var enn hernumið land eftir skilyrðislausa uppgjöf í lok heimsstyrjaldarinnar. Stærstan hlut í samningu hennar áttu bandarískir lögfræðingar. - gb



**FRIÐARSINNAR MÓTMÆLA** Hópur manna mótmælti harðlega fyrirhuguðum stjórnarskrárbreytingum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


FABRIKAN 2007
Nissan Patrol / Diesel
Eknir km á ári: 15 þús.
Koltvísýringslosun: 5.503 tonn
Kolefnisjöfnun: 7.704 kr
Fyrir það verða
gróðursett 52 tré
Jafnaðu þig í einum grænum
www.kolvidur.is
Einn tankur á ári!
Kolviður er sjóður á vegum **Skógræktarfélags Íslands** og **Landverndar** sem hvetur Íslendinga til að kolefnisjafna samgöngutæki sín. **Á vefsíðu Kolviðar** er hægt að reikna út á einfaldan hátt það magn koldíoxíðs sem þú losar út í andrúmsloftið.
Einstaklingum og fyrirtækjum gefst tækifæri til að greiða fyrir þann fjölda trjáa sem þarf til að kolefnisjafna ökutæki og flugferðir.
Fyrir meðalkeyrslu er þumalputtareglan andvirði einnar áfyllingar eldsneytis á ári.
Þú getur jafnað þig á vefsíðu Kolviðar: www.kolvidur.is
KOLVIÐUR
ICELAND CARBON FUND
BAKHJARLAR:
KAUPÞING
Orkuveita Reykjavíkur

## GENGIÐ 14.05.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 63,53 | 63,83 |
| Sterlingspund | 125,91 | 126,53 |
| Evra | 86,07 | 86,55 |
| Dönsk króna | 11,549 | 11,617 |
| Norsk króna | 10,499 | 10,561 |
| Sænsk króna | 9,322 | 9,376 |
| Japanskt jen | 0,528 | 0,531 |
| SDR | 96,48 | 97,06 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

116,6103

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Segir neytendur yfirleitt ekki leita á vef N1 til að kanna eldsneytisverðið:

# Endurspeglar breyttar áherslur

**NEYTENDUR** Með því að birta ekki verð á eldsneyti á vef félagsins er N1 að undirstrika breyttar áherslur í rekstrinum, segir Bjarni Benediktsson, stjórnarformaður N1. Hann segir það mat stjórnenda félagsins að neytendur fari ekki á vef félagsins til að kynna sér eldsneytisverðið.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu fyrir nokkru hafa bæði Félag íslenskra bifreiðaeigenda og Neytendasamtökin gert athugasemdir við að N1 birti ekki verð á eldsneyti á vef sínum. Framkvæmdastjóri neytendasamtakana sagði það lélega þjónustu. ESSO, forveri N1, birti eldsneytisverð sitt á heimasíðu sinni árum saman, og önnur olíufélög gera það einnig.



**BREYTTA ÁHERSLUR** Bjarni Benediktsson, stjórnarformaður N1, segir félagið stanslaust skoða hvernig best megi þjónusta viðskiptavini.

„Við erum einfaldlega ekki alltaf að hegða okkur með hliðsjón af því hvað samkeppnisaðilarnir eru að gera. Við erum með þessari breytingu einnig að undirstrika að við erum margt annað og meira en eldsneytissöluaðili, það er ákveðin eðlisbreyting að verða á rekstri félagsins við þessa sameiningu og nafnabreytingu,“ segir Bjarni.

Spurður hvort stjórnin muni ræða þessa ákvörðun stjórnenda segir Bjarni: „Við erum stanslaust að skoða hvernig við getum best þjónustað okkar viðskiptavini, en það var mat stjórnenda félagsins að hinn almenni neytandi væri ekki að heimsækja heimasíðu okkar fyrst og fremst í þeim tilgangi að afla sér upplýsinga um eldsneytisverðið, enda birtist það á stórum upplýsingaskiltum á öllum bensínstöðvum félagsins um allt land.“ - bj

Bæjarstjóraskipti í Mosfellsbæ:

# Ragnheiður út, Haraldur inn

**STJÓRNMÁL Ragnheiður Ríkharðsdóttir, bæjarstjóri í Mosfellsbæ, hættir sem bæjarstjóri þegar hún tekur sér sæti á Alþingi í sumar. Við stöðunni tekur Haraldur Sverrisson, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokks í Mosfellsbæ.**

**Ragnheiður komst inn á þing sem sjötti maður á lista Sjálfstæðisflokks í Suðvesturkjördæmi. Hún hefur verið bæjarstjóri síðan 2002. „Ég lít hvorki á þetta sem skref upp á við né niður á við, þetta er bara spennandi nýr vettvangur og virðingarstaða í samfélaginu. Bæði störfin eru krefjandi og ekki hægt að sinna báðum í einu,“ segir hún.** - sþs

Aquanetworld:

# Starfsemi skoðuð í Bretlandi

**FJÁRMÁL Breska blaðið Slough and Windsor Observer greindi nýlega frá því að verið væri að kanna meint svik af hálfu Aquanetworld. Verslunareigendur á Farnham Road í bænum Slough á Englandi hefðu verið gabbaðir til að láta af hendi hundruð punda til Aquanetworld sem skráð væri í Windsor og ekki fengið neitt í staðinn.**

**Haft var eftir Mike Hembry frá Slough Trading Standards að vitað hefði verið um málið í nokkra mánuði. „Við hvetjum öll fyrirtæki sem hafa orðið fyrir þessu að láta okkur vita. Við tökum þetta mjög alvarlega.“** - ghs

# Skagamenn mótmæla ólykt frá fiskverkun

**Yfir 600 íbúar á Akranesi krefjast aðgerða gegn óþolandi lyktarmengun frá hausaverkun og fiskimjölsbræðslu. Heilbrigðisnefnd segir ekki hægt að koma í veg fyrir lyktarmengun frá hausaþurrkuninni en endurnýjaði þó starfsleyfið.**

**UMHVERFISMÁL** „Það er alls ekki við þetta búandi,“ segja Ketill Björnsson og Guðmundur Sigurbjörnsson, sem ásamt 600 öðrum Akurnesingum skrifuðu undir bréf til bæjaryfirvalda til að mótmæla lyktarmengun frá fiskhausaverkun Laugafisks og fiskimjölsverksmiðju HB Granda.

Laugafiskur, sem áður var með starfsemi í Njarðvík, hefur frá árinu 2003 rekið hausaverkun á tveimur stöðum á hafnarsvæðinu á Akranesi. Hausaverkunin er stunduð árið um kring en fiskimjölsverksmiðja Granda er í rekstri meðan loðnuvertíð varir. Að sögn Ketils og Guðmundar eru aðeins 150 metrar í næstu íbúðarhús.

„Maður getur aldrei farið frá húsinu með opnum gluggum og á nóttinni þarf að loka öllum gluggum. Það er ekki hægt að hengja upp þvott nema vera öruggur á því að það verði norðanátt allan daginn. Það er ekki hægt að hafa börn úti að sofa því vagnarnir, sængurfötin og föt barnanna lykta þá svo mikið að það verður allt hálfónýtt,“ segir Ketill og Guðmundur hefur sömu sögu að segja.

Íbúarnir krefjast þess að starfsleyfi verksmiðjanna verði strax afturkölluð. Síðan verði hausaverkun Laugafisks flutt fjær byggðinni og HB Granda gert að hætta að vinna bein og kolmunna, sem af stafi mikil ólykt.

Í síðustu viku áttu fulltrúar hinna óánægðu íbúa fund með bæjarráðinu og fulltrúum Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Bæjarráðið kvaðst taka undir að óþolandi væri ef ekki væri farið eftir útgefnum starfsleyfum en sagðist vilja frekari skýringar frá Heilbrigðiseftirliti og Umhverfisstofnun áður en afstaða yrði tekin til krafna íbúanna.

Ketill og Guðmundur segjast telja að bæjarráðið geti tekið strax af skarið. Á fundinum hafi Heilbrigðiseftirlitið og Umhverfisstofnun upplýst að verksmiðjurnar uppfylltu ekki starfsleyfi. Þess utan hafi komið fram á fundi Heilbrigðisnefndar Vesturlands í lok júní í fyrra að ljóst væri að ekki væru til lausnir sem kæmu í veg fyrir lyktarmengun hausaþurrkunarinnar og að upplýsingar sem forráðamenn Laugafisks gáfu Heilbrigðiseftirlitinu og hefðu verið forsendur starfsleyfis þess hefðu „ekki reynst í samræmi við raunveruleikann og lyktarmengun meiri en forsendur starfsleyfisins gera ráð fyrir,“ eins og segir í fundargerð heilbrigðisnefndarinnar, sem engu að síður framlengdi starfsleyfið nokkrum mánuðum síðar.



**KETILL BJÖRNSSON OG GUÐMUNDUR SIGURBJÖRNSSON** Segja algerlega ólíðandi að búa við ólykt frá hausaþurrkun og loðnubræðslu sem uppfylli ekki starfsleyfi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Aðalmálið er að bæjarstjórnin standi með íbúunum í því að losna við þetta og við trúum ekki öðru en að það verði niðurstaðan,“ segja Ketill og Guðmundur.

gar@frettabladid.is



**SKIILABOÐ TIL GUÐS** Ehud Olmert stingur skilaboðum frá Michael Bloomberg, borgarstjóra New York, inn í Grátmúrinn.

Umdeild hátíðarhöld:

# Ísraelar halda upp á hernám

**ÍSRAEL, AP** Ísraelar halda þessa dagana upp á 40 ára afmæli sex daga stríðsins, sem þeir líta á sem eitt helsta hernaðarafrek sitt. Hvorki Bandaríkin né Evrópusambandið sendu þó fulltrúa sinn í gær til hátíðarsamkomu, sem haldin var í ísraelska þinghúsinu.

Í sex daga stríðinu árið 1967 hertóku Ísraelar bæði Vesturbakkann og Gazaströnd ásamt austurhluta Jerúsalemborgar, allt saman svæði sem Palestínumenn gera kröfu til. Einungis 20 af 100 erindrekum erlendra ríkja, sem boðið var til samkomunnar í gær, þáðu boðið. - gb

Dæmdur í fangelsi fyrir árás:

# Sparkaði í bak og rauf skilorð

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítugur piltur hefur verið dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi, þar af tvo mánuði skilorðsbundna, fyrir að ráðast á karlmann fyrir utan Eldsmiðjuna í Reykjavík í september í fyrra, kýla hann og sparka í bakið á honum. Fórnarlambið hlaut sár, blæðingu í auga, eymsli í andliti og stirðleika víða.

Árásarmaðurinn rauf með árásinni skilorð sem hann hlaut fyrir ofbeldisbrot í fyrra. Hann var dæmdur til að greiða 190 þúsund krónur í miskabætur. - sh

Sautján ára á ofsahraða:

# Þarf að taka ökuprófið aftur

**UMFERÐ Sautján ára drengur var stöðvaður á 171 kílómetra hraða á Vesturlandsvegi aðfaranótt mánudags. Hann var sviptur ökuréttindum og þarf að taka prófið aftur.**

**Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi Umferðarstofu, segir að pilturinn sé ekki sá fyrsti sem sektaður sé samkvæmt nýjum lögum. „Þessi ökumaður er ekki hæfur til þess að vera í umferðinni. Það þarf að gefa honum tækifæri til þess að læra meira og bæta sig,“ segir Einar.** - þo

## LEIÐRÉTT

Sýning Eddu Björgvinsdóttur, Alveg Brilljant skilnaður, hefur verið flutt yfir 160 sinnum en ekki fimmtíu sinnum eins og stóð í blaðinu í gær.

Í frétt um fyrirhugaða byggingu menningarmiðstöðvar í Spönginni í Grafarvogi var sagt í millifyrirsögn að miðstöðin yrði byggð í Mjóddinni í Breiðholti. Hið rétta er að menningarmiðstöðin verður byggð í Spönginni.





30% afsláttur af Vega vítamínum

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 37559 05/07

**Acidophilus Bifidus + FOS**
Mjólkursýrugerlar, góðir fyrir meltinguna.

**Champignon DETOX + FOS og Spirulina**
Hreinsaðu líkamann að innan
- minnkar óæskilega lykt.

**Milk Thistle DETOX**
Hreinsaðu líkamann að innan.

**Psyllium Husk Fibre**
Rúmmálsaukandi, gott fyrir meltinguna.

Apótekið lægra verð
Grafarvogi • Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri

www.lyfja.is

LYFJA - Lifið heil


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**BREYTINGAR**
Það er nokkuð annar taktur í veðrinu í dag og næstu daga frá því sem verið hefur. Vindurinn verður reyndar hægur í dag en nú andar hann suðri og því má búast við lítilsháttar vætu á Vesturlandi og vestan til á Suðurlandi. Þetta verður reyndar hverfandi úrkoma í fyrstu en eindregnari í kvöld. Á Austurlandi má einnig búast við lítilsháttar vætu í dag.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Suðaustan 5-8 m/s. Úrkomulítið í fyrstu en síðan lítilsháttar væta síðdegis. Hiti 5-9 stig.

um hádegi »




» á morgun




Vaxandi SA-og A-átt, 10-18 m/s um kvöldið.

» fimmtudagur




5-13 m/s, stífastur með ströndum.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 12°C heiðskírt | London | 14°C skúrir | Alicante | 24°C heiðskírt |
| Billund | 13°C léttskýjað | París | 18°C hálfskýjað | Mallorca | 22°C heiðskírt |
| Osló | 11°C rigning | Frankfurt | 15°C skúrir | Eindhoven | 17°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 17°C heiðskírt | Friedrichshafen | 7°C skúrir | Basel | 14°C rigning |
| Gautaborg | 11°C alskýjað | Berlín | 17°C skúrir | Las Palmas | 22°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# SUMIR NOTAÐIR BÍLAR ERU EINFALDLEGA BETRI EN AÐRIR



**Toyota Hilux** 2500 Dísel 5 gíra
Á götuna: 06/06 Ekinn: 18.000 km
Verð: 3.190.000 kr. Skr.nr. PX-199



**Toyota Corolla S/D Terra**
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05/06 Ekinn: 28.000 km
Verð: 1.570.000 kr. Skr.nr. YH-524



**Toyota Aygo** 1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05/06 Ekinn: 10.000 km
Verð: 1.240.000 kr. Skr.nr. UT-845



**Toyota Corolla W/G Terra** 1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 08/05 Ekinn: 26.000 km
Verð: 1.610.000 kr. Skr.nr. VS-329



**Toyota Corolla W/G Luna „Nýr Bíll“**
1600 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.07 Ekinn: 100 km
Verð: 2.050.000 kr. Skr.nr. AG-499



**Toyota RAV4 2WD** 1800 Bensín 5 gíra
Á götuna: 04.04 Ekinn: 50.000 km
Verð: 1.590.000 kr. Skr.nr. OM-460



**Toyota Land Cruiser 120 VX**
4000 Bensín sjsk.
Á götuna: 06.03 Ekinn: 84.000 km
Verð: 3.750.000 kr. Skr.nr. YS-711



**Toyota Corolla Verso** 1800 Bensín 5 gíra MM
Á götuna: 03.06 Ekinn: 16.000 km
Verð: 2.290.000 kr. Skr.nr. UD-327



**Toyota Land Cruiser 100, VX**
4700 Bensín sjsk.
Á götuna: 02.04 Ekinn: 77.000 km
Verð: 5.400.000 kr. Skr.nr. VY-763



**Toyota Corolla H/B Sol** 1600 Bensín 5 gíra
Á götuna: 01.04 Ekinn: 55.000 km
Verð: 1.590.000 kr. Skr.nr. PA-976



**Toyota Avensis S/D EXE** 2000 Bensín sjsk.
Á götuna: 04.06 Ekinn: 65.000 km
Verð: 2.720.000 kr. Skr.nr. UI-633



**Toyota Avensis W/G Sol** 1800 Bensín sjsk.
Á götuna: 06.05 Ekinn: 101.000 km
Verð: 1.890.000 kr. Skr.nr. JE-076



**Toyota Avensis S/D Sol** 1800 Bensín sjsk.
Á götuna: 01.06 Ekinn: 18.000 km
Verð: 2.390.000 kr. Skr.nr. JY-556



**Toyota RAV4 4WD** 2000 Bensín sjsk.
Á götuna: 06/05 Ekinn: 47.000 km
Verð: 2.450.000 kr. Skr.nr. ED-595



**Toyota Yaris 5 dyra Terra**
1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 06.01 Ekinn: 109.000 km
Verð: 750.000 kr. Skr.nr. ZV-681



**Lexus LS430 S/D President** 4300 Bensín sjsk.
Á götuna: 08/03 Ekinn: 43.000 km
Verð: 4.590.000 kr. Skr.nr. PF-233

BNB-sölugreining

Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

**Núna bjóðum við 16 betri notaða bíla á sannkölluðum úrvalskjörum.**

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR **TOYOTA**

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 37643 05/07

**KJÖRKASSINN**



*Eru úrslit kosninganna þér að skapi?*

| | |
|---|---|
| Já | 43% |
| Nei | 57% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú að heimsækja Kárahnjúkavirkjun í sumar?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Helgafellsbyggingar ehf. stöðvaðar öðru sinni í Álafosskvosinni í Mosfellsbæ:

# Íbúar gengu fyrir gröfurnar

**UMHVERFISMÁL** Verktakar í Álafosskvos þurftu frá að hverfa með gröfur sínar í gær eftir mótmæli nokkurra íbúa í Mosfellsbæ.

Íbúarnir stilltu sér upp fyrir framan gröfur sem voru notaðar til að fjarlægja tré þar sem átti að leggja holræsi að nýju hverfi.

„Það eru skemmdarverk hér í gangi og ég óska eftir því að þessir menn verði fjarlægðir strax, þeir eru í leyfisleysi á vinnusvæði,“ sagði Hannes Sigurgeirsson frá Helgafellsbyggingum við lögregluna, sem hafði skorist í leikinn. „En hvaða leyfi eruð þið með fyrir þessari vegfyllingu sem liggur hér?“ spurði Gunnlaugur Ólafsson, varaformaður Varmársamtakanna, á móti. Samtökin telja að um ólöglega vegagerð sé að ræða, ekki einungis holræsisgerð.

Stríðandi fylkingar héldu áfram að kýta, en deilunni var skotið á frest eftir að Hörður Jóhannesson, aðalvarðstjóri í Mosfellsbæ, mætti á svæðið. Hann tók mótmælendur afsíðis og ræddi við þá. Lagði og til að menn róuðu sig niður og færu heim að grilla í góðviðrinu. Úr varð að verktakinn bauðst til að skjóta framkvæmdum á frest til morguns. Fóru þá allir til síns heima.

Sigrún Pálsdóttir, stjórnarmaður í Varmársamtökunum, hét því að íbúarnir myndu mæta aftur á vettvang í fyrramálið. **- kóþ**



**GUNNLAUGUR FJARLÆGIR GRINDVERK** Mótmælendur klipptu sig inn á svæðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nýtt fyrirkomulag Framsóknar:

# Samböndin verði sameinuð

**STJÓRNMÁL** **Björn Ingi Hrafnsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, stefnir að því að efla flokksstarfið með sameiningu kjördæmissambanda flokksins í Reykjavík.**

**„Það gefur auga leið að framsóknarmaður í Reykjavík norður er ekkert öðruvísi en framsóknarmaður í Reykjavík suður. Flokkurinn fór þá leið að hafa tvö kjördæmissambönd í Reykjavík árið 1999. Þetta hefur leitt til of lítilla samskipti og ég heyri að flokksmenn vilja breyta þessu.“**

**Framsóknarflokkurinn fékk engan þingmann kjörinn í Reykjavíkurkjördæmunum tveimur.** **- mh / sþs**






# Frönsku risafeðginin kostuðu 30 milljónir

**Heildarkostnaður vegna sýningar franska götulistahópsins Royal de Luxe á risessunni nam 25 til 30 milljónum króna. Framkvæmdastjóri Listahátíðar segir atriðið hafa vakið mikla ánægju.**

**MENNING** Sýningin um risessuna og risann sem franska götuleikhúsið Royal de Luxe setti upp í Reykjavík um liðna helgi kostar 25 til 30 milljónir króna, samkvæmt upplýsingum frá Listahátíð í Reykjavík.

„Það er ekki búið að gera upp endanlega en það er allt útlit fyrir að áætlanir standist,“ segir Hrefna Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri Listahátíðar.

Kostnaðurinn skiptist að sögn Hrefnu á fjóra aðila. Listahátíðin sjálf borgar sjö milljónir króna. Reykjavíkurborg greiðir fimm milljónir. Culture France, sem er útflutningsmiðstöð menningar í Frakklandi, borgar tíu milljónir króna og afgangurinn er lagður til af Pourquoi Pas-verkefninu, Glitni og Samskipum.

Hrefna segir aðstandendur Listahátíðar afar ánægða með framlag Royal de Luxe. „Við höfum fengið gríðarlega góð viðbrögð frá ungum og öldnum og erum alveg í skýjunum,“ segir hún.

Að sögn Hrefnu eru frönsku listamennirnir nú að pakka öllu sínu dóti í gáma áður en þeir halda úr landi.

„Það sem risinn skemmdi hér á götum borgarinnar verður þó hér eftir og því væntanlega fargað,“ segir Hrefna, sem kveðst reyndar búast við að einhverjir hinna skemmdu bíla fái enn um sinn að standa á sínum stað. Starfsmenn framkvæmdasviðs borgarinnar létu hendur standa fram úr ermum í gær og fjarlægðu gosverinn sem komið var fyrir á bílastæðinu í Grófinni og var hluti af ævintýrinu um risessuna.

Hrefna segir Frakkana sjálfa hafa verið mjög ánægða með sýninguna í Reykjavík og íslenska áhorfendur. „Þeir voru mjög ánægðir og fara glaðir héðan á næsta áfangastað,“ segir hún.

Samtals er áætlað að velta Listahátíðar í Reykjavík að þessu sinni verði 140 milljónir króna. Hrefna segir miðasölu ganga mjög vel. „Það er uppselt eða aðeins örfá sæti laus á marga viðburði. Það fer hver að verða síðastur að tryggja sér miða.“ **gar@frettabladid.is**



**RISESSAN OG RISINN** Franska risessan. Karl faðir hennar fylgir í humátt á eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ummerki um ævintýrið um risann og rissesuna að hverfa úr borgarmyndinni:

# Hver risans fluttur úr landi

**MENNING** Goshverinn sem komið var fyrir í Grófinni að undirlagi franska leikhópsins Royal de Luxe var hífður upp úr holu sinni í gær. Hverinn verður fluttur úr landi.

„Frakkarnir smíðuðu hverinn og þeir eiga hann,“ segir Hrólfur Jónsson, sviðstjóri Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, sem annaðist ýmsa vinnu í kringum uppsetningu goshversins sem vakti mikla lukku á meðan hans naut við.

Til stóð að láta nokkra af bílunum sem risinn í leikverki Frakkanna átti að hafa skemmt vera áfram um sinn á götum borgarinnar. Hrólfur segir raunverulega skemmdarvarga setja þá áætlun úr skorðum. „Það er búið að brjóta rúður í sumum bílana svo það er varla annað hægt en að skila þeim þangað sem þeir komu – upp í Vökuport.“ **- gar**



**HVERINN** Fyrsti goshverinn sem fluttur er úr landi er á leið í skip. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

www.icelandexpress.is/afangastadir

# Nú tökum við flugið til fimm nýrra áfangastaða!

Nú stækkar leiðakerfi Iceland Express til muna, því fyrstu vélarnar til fimm nýrra áfangastaða eru að búast til brottfarar. **Ósló, Billund, Basel, Eindhoven** og **París** bætast nú við og eru áfangastaðirnir orðnir þrettán.

Af þessu tilefni höfum við bætt **fjölda flugsæta** við til nýju áfangastaðanna á **lægsta verðinu** og því um að gera að smella sér strax inn á www.icelandexpress.is og bóka draumaferðina til Evrópu á **hlægilegu verði!**

**Fjöldi flugsæta**
til nýju áfangastaðanna á lægsta verðinu!

**13** áfangastaðir í sumar

Billund
Ósló
Basel
Eindhoven
París




**VERÐ FRÁ:**
**7.995 kr.**
Aðra leið með sköttum.

**BÖRN:**
**50%**
Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsafslátt af verði fyrir skatta og gjöld.

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600

www.icelandexpress.is

Iceland Express

Fíton/SÍA FI18659




Réttur fyrrverandi þingmanna til biðlauna ræðst af lengd þingsetu:

# Tólf eiga rétt á launum í sex mánuði

**STJÓRNMÁL** Þeir sem hverfa af þingi í kjölfar kosninganna á laugardag eiga rétt á biðlaunum í þrjá eða sex mánuði, eftir því hve lengi þeir sátu.

Tólf eiga biðlaunarétt í þrjá mánuði og tólf í sex mánuði.

Biðlaunin eru jafnhá þingfararkaupi, sem nemur nú tæpum 518 þúsund krónum á mánuði. Taki þingmaður, sem fær biðlaun, við starfi meðan þeirra nýtur falla þau niður ef launin sem starfinu fylgja eru jafnhá, annars skerðast biðlaunin sem laununum nemur.

Eftir því sem næst verður komist hefur Hjálmar Árnason einn þingmanna ráðið sig í nýja vinnu.

Í hópi þeirra sem fá biðlaun í þrjá mánuði eru fjögur sem ekki sátu á þingi frá upphafi kjörtímabilsins en sú venja hefur skapast að greiða öllum fyrrverandi þingmönnum biðlaun.

Eftir að biðlaunaréttinum sleppir geta sex hafið töku eftirlauna; þau Guðmundur Hallvarðsson, Halldór Blöndal, Jóhann Ársælsson, Jón Kristjánsson, Rannveig Guðmundsdóttir og Sigríður Anna Þórðardóttir. - bþs

**ÞAU FÁ BIÐLAUN**

| Í þrjá mánuði: | Í sex mánuði: |
|---|---|
| Anna Kristín Gunnarsdóttir | Drífa Hjartardóttir |
| Dagný Jónsdóttir | Guðmundur Hallvarðsson |
| Guðjón Hjörleifsson | Guðrún Ögmundsdóttir |
| Guðjón Ólafur Jónsson | Halldór Blöndal |
| Gunnar Örlygsson | Hjálmar Árnason |
| Jón Gunnarsson | Jóhann Ársælsson |
| Magnús Þór Hafsteinsson | Jón Kristjánsson |
| Mörður Árnason | Jónína Bjartmarz |
| Sigurjón Þórðarson | Margrét Frímannsdóttir |
| Sigurrós Þorgrímsdóttir | Rannveig Guðmundsdóttir |
| Sæunn Stefánsdóttir | Sigríður Anna Þórðardóttir |
| Valdimar Leó Friðriksson | Sólveig Pétursdóttir |

Flugslysið í Kamerún beinir athyglinni að flugöryggi í Afríku:

# Flugslysahættan óvíða meiri

**KENÍA, AP** Að fljúga hátt yfir sólbökuðum savannasléttum Afríku, fagurgrænum frumskógum eða endalausum eyðimörkum getur verið stórbrotin reynsla og heillandi. En þó ekki hættulaus, því flugöryggi hefur löngum þótt ábótavant í Afríku. Óvíða er hættan á flugslysum meiri.

Í liðinni viku fórust 114 manns þegar farþegaflugvél frá flugfélaginu Kenya Airways fórst í Kamerún. Slysið varð til þess að athygli beindist að öryggi flugsamgangna í álfunni, þar sem fátítt er að miklu fé sé varið í ratsjárbúnað, hvað þá annað sem ráðið getur úrslitum um líf og dauða þeirra sem hætta sér þar um borð í flugvélar.

„Stundum stafar hættan af því að hæft starfsfólk skortir eða nauðsynlegum verkum er ekki sinnt, eða þá að almennt er bara litið fram hjá öryggismálum,“ sagði William Voss, forseti alþjóðlegu flugöryggisstofnunarinnar Flight Safety Foundation, sem hefur aðsetur í Bandaríkjunum.

Voss segir að fátæktin, stríðsátök og spillt stjórnvöld sem víða í Afríku setja mark sitt á þjóðlíf hafi greinileg áhrif á flugstarfsemi í álfunni. Þegar opinber stjórnvöld sinni lítt eftirlitsskyldu sinni freistist flugfélögin um leið til að slaka á öryggiskröfum sínum.



**SYRGJENDUR** Stjórnvöld í Kamerún buðu ættingjum og vinum þeirra sem fórust til fundar þar sem farið var yfir málin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sérfræðingar í flugmálum segja litlu flugfélögin þó hættulegust. Þau stærri, eins og Kenya Airways sem átti vélina sem hrapaði í Kamerún, þykja örugg og lenda ekki oft í alvarlegum óhöppum. - gb




Sólveig, Jón og Rannveig hætt:

# Birgir starfandi forseti Alþingis

**STJÓRNMÁL** Birgir Ármannsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, gegnir störfum forseta Alþingis þar til þing verður sett á ný.



BIRGIR ÁRMANNSSON

Birgir er þriðji varaforseti þingsins en forseti þess, Sólveig Pétursdóttir, og fyrsti og annar varaforseti, Jón Kristjánsson og Rannveig Guðmundsdóttir, létu öll af þingmennsku á kjördag.

Þing kemur saman eftir að botn hefur fengist í skipan ríkisstjórnar og stýrir aldursforseti þess – Jóhanna Sigurðardóttir – fundi og kjöri nýs þingforseta. - bþs

Danir veita sérstök verðlaun:

# Besta hjúkrunarheimilið

**DANMÖRK Félagsmálaráðherra Danmerkur, Eva Kjer Hansen, kom íbúum hjúkrunarheimilisins Sjörup í Viborg á óvart þegar hún mætti þangað með viðurkenningu á laugardag.**

**Í mars síðastliðnum efndi félagsmálaráherrann, í samstarfi við danska dagblaðið BT, til samkeppni um besta hjúkrunarheimili landsins og bárust þeim um sjöhundruð tilnefningar. Viðurkenninguna hlaut hjúkrunarheimilið meðal annars vegna þess að sérlega vel þykir hafa tekist til við að mynda teymi af framúrskarandi hæfu starfsfólki.** - mhg

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Veifuðu leikfangabyssu

Tveir menn hafa verið kærðir fyrir að veifa leikfangabyssu framan í mann á dráttarvél á Þorlákshafnarvegi um helgina. Lögregla lagði hald á byssuna og telst málið upplýst.


Þinn stökkpallur
að **námi** loknu
90% íbúðalán við kaup á fyrstu íbúð
Námslokalán
Áframhaldandi námsmannakjör í 1 ár
Sérkjör á bílafjármögnun
Frítt kreditkort fyrsta árið
15.000 króna inneign á VISA kreditkort
Þegar námi lýkur taka við spennandi tímar. Sparisjóðurinn býður þeim sem lokið hafa háskólanámi eða sambærilegu námi, og eru að koma undir sig fótunum, þjónustu sem er sérsniðin að þeirra þörfum. Farðu inn á **spar.is** eða komdu til okkar í næsta sparisjóð og kynntu þér kosti þjónustunnar – reiknum dæmið saman.
SPARISJÓÐURINN
– fyrir þig og þína




Hlutfall sjávarafurða af heildarverðmæti íslensks vöruútflutnings lækkar milli ára:

# Minna magn en meiri verðmæti

**SJÁVARÚTVEGUR** Minna magn var flutt út af sjávarafurðum á síðasta ári samanborið við árið á undan, en verðmæti útfluttra sjávarafurða jókst þó um 12,9 prósent milli ára. Hlutfall sjávarafurða af heildarverðmæti vöruútflutnings fer lækkandi, úr 56,7 prósentum árið 2005 í 51,1 prósent á síðasta ári.

Þetta kemur fram í riti Hagstofu Íslands um útflutning sjávarafurða sem kom út í gær.

Flutt voru út 661 þúsund tonn af sjávarafurðum á síðasta ári, samanborið við 755 þúsund tonn árið áður, sem er 12,4 prósenta samdráttur. Ekki hefur verið flutt út minna magn síðan árið 1995.


**VERÐMÆTI** Þrátt fyrir að minna magn sjávarafurða hafi verið selt úr landi á síðasta ári samanborið við árið á undan jókst verðmætið á milli ára. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þrátt fyrir þetta var verðmæti útflutningsins 12,9 prósentum hærra í fyrra en árið 2005. Í fyrra voru fluttar út sjávarafurðir fyrir 123,6 milljarða króna, samanborið við um 110 milljarða árið 2005.

Eins og verið hefur eru löndin innan Evrópska efnahagssvæðisins mikilvægasta markaðssvæðið fyrir íslenskar sjávarafurðir. Árið 2006 voru fluttar þangað sjávarafurðir fyrir 97,5 milljarða króna, eða 78,4 prósent af útflutningnum. Verðmætið jókst um 14 prósent milli ára.

Bretland er mikilvægasta viðskiptalandið, og kom fjórðungur af tekjum af útflutningi sjávarafurða í fyrra frá Bretlandi. Annað mikilvægasta viðskiptalandið var Spánn, en þaðan komu 11,4 prósent af tekjunum. **- bj**

Dómur hæstaréttar Póllands áfall fyrir Kaczynski:

# Umdeild lög ógild

**PÓLLAND, AP** Hæstiréttur Póllands kvað á föstudag upp þann úrskurð að ný og umdeild lög um að rannsaka þurfi fortíð allt að 700 þúsund Pólverja brjóti að stórum hluta í bága við stjórnarskrá landsins.

Úrskurðurinn verður að teljast áfall fyrir íhaldsmanninn Jaroslaw Kaczynski forsætisráðherra. Lögin eru smíði flokks Kaczynskis og áttu að þjóna því markmiði að hreinsa úr opinberum störfum alla sem unnið höfðu með kommúnistastjórninni sem var við völd í landinu til ársins 1989. **- gb**


**JAROSLAW KACZYNSKI** Forsætisráðherrann hafði ekki sitt fram. FRÉTTABLAÐIÐ/AP







Göran Persson í nýju starfi:

# Ráðgjafi hjá einkafyrirtæki

**STOKKHÓLMUR, AP Göran Persson, fyrrverandi forsætisráðherra Svíþjóðar, hefur fengið vinnu sem ráðgjafi hjá ráðgjafarfyrirtækinu JKL, sem er eitt hið stærsta á sínu sviði á Norðurlöndum. Persson þykir vel að starfinu kominn en verkefnin snúa bæði að stjórnmálum og viðskiptum.**

**Anders Lindberg, talsmaður JKL, segir Persson vera draumastarfsmanninn en hann hefur reynslu úr viðskiptalífinu og lauk tíu ára forsætisráðherraferli í október og enn lengri formannsferli í sænska Jafnaðarmannaflokknum í mars.** **- lbb**


**FLEIRI TJÓN** Iðgjöld af kaskótryggingum og framrúðutryggingum TM hækka vegna þess að tjón voru fleiri fyrstu þrjá mánuði ársins en reiknað var með. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Kaskótryggingar hækka:

# 15 prósenta hækkun hjá TM

**NEYTENDUR** Iðgjöld frjálsra bifreiðatrygginga, kaskó- og framrúðutrygginga, hjá Tryggingamiðstöðinni (TM) hækka um fimmtán prósent hinn 1. júlí.

Í tilkynningu frá félaginu segir að verulegur halli hafi verið á frjálsum ökutækjatryggingum á fyrsta ársfjórðungi 2007, aðallega vegna þess að tjón voru fleiri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Miðað við fimmtán prósenta hækkun mun iðgjald Reykvíkings af kaskótryggingu 2005 árgerðar Toyota Corolla bifreiðar með sjötíu þúsund króna eiginháhættu hækka um 4.300 krónur á ári, ef marka má niðurstöðu úr reiknivél á vef TM. **- bj**

## ÞÝSKALAND

### Kosið í Bremen

Jafnaðarmenn fóru með sigur af hólmi í fylkisþingkosningum í Bremen, hinu minnsta af sextán sambandslöndum Þýskalands. Leikar fóru svo að Jafnaðarmannaflokkurinn fékk 36,8 prósent atkvæða, Kristilegir demókratar 25,7 prósent og græningjar 16,4 prósent. Þessi úrslit opna á þann möguleika að jafnaðarmenn skipti um stjórnarsamstarfsflokk; taki græningja inn í stað kristilegra.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Festi sig utan vegar

Lögregla á Suðurnesjum gómaði í gær ökumann sem ók utan vegar skammt frá Reykjanesvita. Ökumaðurinn hafði ætlað að stytta sér leið en ekki vildi betur til en svo að hann sökk í jarðveginn og festi sig svo kyrfilega að kalla þurfti á björgunarsveit til þess að ná bifreiðinni upp.

# Okkur tókst það!



Við syntum og söfnuðum

**3.500.000 kr.**

til styrktar sundfólki
Íþróttasambands fatlaðra

800 7000 – siminn.is

Síminn



**FLÓÐ Í ST. LOUIS** Mississippifljót í Bandaríkjunum hefur verið í miklum ham undanfarið. Skammt frá bakka fljótsins í St. Louis stendur þessi stytta sem kastar kveðju áður en hún sekkur alveg á kaf. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Viðbrögð fjármálamarkaðarins eftir kosningar til Alþingis:

# Úrvalsvísitalan setur met

**VIÐSKIPTI** Úrvalsvísitala Kauphallarinnar hækkaði um rúmt prósent í gær eftir að niðurstöður þingkosninga lágu fyrir.

Vísitalan endaði í 7.932 stigum í fyrsta sinn, á degi þar sem fjórtán félög hækkuðu en þrjú lækkuðu. Fimm félög hækkuðu um tvö prósent eða meira en það voru Atorka Group (+8,4 prósent), Teymi (+5,3 prósent), Hf. Eimskipafélagið (+4,4 prósent), Marel (+2,4 prósent) og 365 hf. (+2,0 prósent).

Kaupþing, stærsta félagið á hlutabréfamarkaði, hækkaði um 1,89 prósent en félagið tilkynnti að það væri komið með fimmtungshlut í Storebrand í Noregi.

Jónas Gauti Friðþjófsson, sérfræðingur hjá Greiningu Glitnis, segir að fjárfestar hafi tekið úrslitum kosninga með jákvæðum hætti þótt enn sé óvissa um hverjir leiði næstu ríkisstjórn.

„Þróunin á hlutabréfamarkaðnum gefur til kynna að fjárfestar hafi litlar áhyggjur af myndun næstu ríkisstjórnar. Fókusinn virðist frekar vera á spennandi fréttir af markaðnum eins og til dæmis aukinni stöðu Kaupþings í Storebrand, áform Novators um yfirtöku á Actavis, væntingar um yfirtökur annarra félaga og nýjar verðmatsgreiningar.“

Krónan styrkist einnig um hálft prósent eftir töluverðar sveiflur á gjaldeyrismarkaði í síðustu viku.

Stóð gengisvísitalan í 116,35 stigum og hefur krónan því styrkst um níu prósent frá ársbyrjun. Úrvalsvísitalan hefur hins vegar hækkað um 23,7 prósent á árinu.

- sjá síðu 21 / - eþa

SVONA SAFNAR ÞÚ GLITNISPUNKTUM

- Kreditkortanotkun
- Viðskiptavinir í Vildarþjónustu*
- Bílalán hjá Glitni Fjármögnun
- Viðbótarlífeyrissparnaður
- Eignastýring
- Einkabankaþjónusta
- Tryggingar hjá Sjóvá og margt fleira

Vinnumarkaður:

## Raungreinafólk vantar verulega

**VINNUMARKAÐUR** Raungreinafólk vantar bagalega á íslenskan vinnumarkað. Magnús Ingi Óskarsson, deildarstjóri hjá hugbúnaðarfyrirtækinu Calidris, telur að töluvert vanti af verkfræðimenntuðu fólki og einnig fólki úr sérhæfðum raungreinum, til dæmis efnafræðingum. Þetta kom fram nýlega á fundi hjá Framtíðarlandinu.



**MAGNÚS INGI ÓSKARSSON**

„Það er alveg klárlega gríðarlega mikil þörf fyrir topp raungreinamenntun og kemur til með að vera áfram. Það er líka mikil þörf fyrir fólk sem getur blandað saman raungreinamenntun og skapandi hugsun,“ segir hann og bendir á að þekkingarverkamenn á Íslandi séu „í bullandi samkeppni“ við 200 milljónir þekkingarverkamanna í Asíu. - ghs

Herferð austurrískra yfirvalda:

## 40 teknir vegna barnakláms

**AUSTURRÍKI, AP** **Lögreglan í Austurríki tilkynnti á föstudag að fjörutíu manns hefðu verið handteknir og hald lagt á þúsundir myndbanda í herferð yfirvalda gegn barnaklámi.**

**Hinir grunuðu eru allt frá sextán ára drengjum upp í ellilífeyrisþega á sjötugsaldri. Handtökurnar tengjast umfangsmiklum barnaklámhring sem flett var ofan af í febrúar síðastliðnum og teygði sig til 77 landa, þar á meðal Íslands.** - sdg

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Slasaðist við árekstur

Einn var fluttur á slysadeild eftir harðan árekstur tveggja bíla á Korpúlfsstaðavegi í gærmorgun. Bílarnir komu úr gagnstæðri átt og virðist sem annar þeirra hafi farið yfir á öfugan vegarhelming. Meiðsl mannsins voru ekki talin alvarleg.



**MÓTMÆLANDI BORINN ÚT** Lögregluþjónar bera einn mótmælenda, sem slasaðist í átökunum, út um eitt af hliðum Kristjaníu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Hentu grjóti eldsprengjum og í lögreglu

**Mótmælendur slógust við lögreglu í Kristjaníu í Kaupmannahöfn í gær. Lögreglan beitti táragasi á móti. Búist er við frekari átökum næstu daga.**

**KAUPMANNAHÖFN** Átök brutust út í fríríkinu Kristjaníu í Kaupmannahöfn í gærmorgun strax og lögreglan hófst handa við að rífa niður timburhús sem jafnan var kallað Vindlakassinn, eða Cigarkassen.

Lögreglan beitti meðal annars táragasi á fólkið sem mótmælti niðurrifi hússins. Mótmælendurnir eru bæði úr röðum íbúa Kristjaníu og utanaðkomandi fólks, þar á meðal hópur grímuklæddra ungmenna sem stóð fyrir mótmælum þegar Ungdómshúsið í Kaupmannahöfn var rýmt í vetur.

Mótmælendurnir reistu götuvígi rétt fyrir utan aðalinngang Kristjaníu og báru eld að til að hindra umferð. Sumir köstuðu grjóti í lögregluna og einnig var eldsprengjum kastað. Síðdegis í gær hafði lögreglan handtekið á annan tug manna.

Hátt í þúsund manns voru samankomnir í litla miðbæjarkjarnanum í Kristjaníu, á svæðinu í kringum götuna „Pusher Street“ þar sem hass var áður selt fyrir opnum tjöldum. Mikill hiti var í fólki og jafnvel búist við að átök gætu staðið þarna dögum saman.

Húsið, sem deilan stendur um, stóð nokkuð fyrir utan miðbæinn í Kristjaníu, handan við síkið sem liggur innan marka fríríkisins og þar með í nokkurri fjarlægð frá aðalvettvangi átakanna.

Hluti hússins brann árið 2002 og hefur það síðan staðið mannlaust. Samkvæmt dönskum fjölmiðlum varð bruninn árið 2002 aðeins fáeinum tímum eftir að maður og kona, sem höfðu búið þar, fluttu út úr Kristjaníu eftir að aðrir íbúar höfðu krafist þess að þau hefðu sig á brott.

Í viðtali við danska dagblaðið Politiken sagðist Flemming Steen Munch, blaðafulltrúi lögreglunnar í Kaupmannahöfn, hissa á þeim hörðu móttökum sem lögreglan fékk í gær, þegar húsið var rifið: „Þeir hefðu frekar getað glaðst yfir því að við komum og fjarlægðum þetta ónotaða hús.“

gudsteinn@frettabladid.is

### FRÍRÍKIÐ KRISTJANÍA

Árið 1971 lagði hópur fólks undir sig yfirgefnar herbúðir á Kristjánshöfn í Kaupmannahöfn og stofnaði þar fríríki, sem átti að vera sjálfstætt svæði utan áhrifasviðs danskra stjórnvalda. Íbúarnir eru nú um 800 talsins og reka þar atvinnustarfsemi af ýmsu tagi, einkum veitingarekstur og handverksiðnað. Kristjanía er orðinn einn af vinsælli áfangastöðum ferðamanna í Kaupmannahöfn, en hefur jafnan verið stjórnvöldum þyrnir í augum.




Ársfundur **Sameinaða lífeyrissjóðsins** verður haldinn fimmtudaginn **24. maí 2007, kl. 16.00, á Nordica hotel, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.**

DAGSKRÁ

1. Fundarsetning
2. Skýrsla stjórnar
   Ábyrgar fjárfestingar:
   Georg Páll Skúlason, stjórnarmaður fjallar um stefnumörkun sjóðsins
3. Erindi Þórðar Friðjónssonar, forstjóra Nordic Exchange á Íslandi um ábyrgar fjárfestingar
   Kaffihlé
4. Almenn ársfundarstörf
5. Tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum sjóðsins
6. Önnur mál löglega upp borin

Auk kjörinna fulltrúa eiga allir sjóðfélagar og rétthafar séreignarsparnaðar rétt til setu á fundinum.

Þeim sjóðfélögum sem hafa áhuga á að kynna sér tillögur til breytinga á samþykktum eða ársreikning sjóðsins fyrir fundinn er bent á að hægt er að nálgast þær á eftirfarandi hátt:

- Á skrifstofu sjóðsins í Borgartúni 30, Reykjavík
- Fá þær sendar með því að hafa samband í síma 510 5000
- Fletta þeim upp á vefsíðu sjóðsins, **www.lifeyrir.is**

Reykjavík, 14. maí 2007.
Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins

Lífeyrir
Sameinaði lífeyrissjóðurinn

Borgartún 30 • 105 Reykjavík • S. 510 5000
mottaka@lifeyrir.is • **lifeyrir.is**


GÓÐIR VIÐSKIPTAVINIR
GÓÐIR PUNKTAR
VILDAR KLÚBBUR GLITNIS
DÆMI UM GLITNISPUNKTASÖFNUN
Viðskiptavinur með 200.000 kr. kreditkortanotkun á mánuði, í Gullvild, með bílalán, viðbótar-lífeyrissparnað og tryggingar hjá Sjóvá, safnar um 42.000 punktum á ári.
SKRÁÐU ÞIG NÚNA!
Þeir sem skrá sig fyrir 17. júní fá 10.000 Glitnispunkta strax!
NÝJUNG Í BANKAVIÐSKIPTUM
Vildarklúbbur Glitnis er nýtt tryggðarkerfi fyrir viðskiptavini í Vildarþjónustu Glitnis.* Meðlimir safna verðmætum Glitnispunktum fyrir það eitt að vera í viðskiptum við Glitni og samstarfsaðila.
Vildarklúbbur Glitnis margborgar sig ... punktur!
* Viðskiptavinir í Vild, Gullvild, Platínum og Námsvild.
GLITNIR
Kynntu þér málið á www.glitnir.is, í næsta útibúi eða hjá Þjónustuveri í síma 440 4000.




www.urridaholt.is

Náin tengsl við náttúru svæðisins - Stutt í útivistarperlur - Samfélagsvænt skipulag - Góðir skólar - Fjölbreytt
Lifandi byggðakjarni við torg - Grænir geirar og göngustígar - Sólrík og skjólsæl byggð í suðurvesturhlíð



# Urriðaholt
# Nýtt hverfi. Ný hugsun. Nýr lífsstíll.

Þráin eftir þeim gildum sem við ólumst upp við er sterk í manneskjunni. Þrátt fyrir það viljum við njóta alls þess besta sem nútíminn hefur að bjóða.

Urriðaholt er nýtt hverfi við Urriðavatn í Garðabæ. Í nýju hverfi viljum við svara þörf okkar fyrir jafnvægi náttúru og menningar, einkalífs og samfélags.

**Hugmyndafræðin að baki hverfinu er einföld: við viljum að þér líði vel. Þetta er hverfið þitt.**

Frestur til að skila inn tilboðum í lóðir í Urriðaholti rennur út 24. maí klukkan 18.00. Hægt er að nálgast tilboðsgögn á www.urridaholt.is og hjá fasteignasölunum Eignamiðlun og Miðborg.

Þú átt heima hér



URRIÐAHOLT

íbúðagerð fyrir alla aldurshópa - Einbýlishús - Raðhús - Fjölbýlishús - Nálægt helstu umferðaræðum - Umhverfisvænar skipulagslausnir - Barnvænt hverfi

## „ORÐRÉTT“

### Stjórnin fallin

**„Þessi ríkisstjórn er auðvitað fallin, þótt hún hangi inni tæknilega séð. Þjóðin hafnaði henni og sérstaklega Framsóknarflokknum.“**

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON VILL EKKI SJÁ AÐ STJÓRNIN SITJI ÁFRAM.
*Morgunblaðið 14. maí.*

### Hið saklausa Ísland

**„Á máli auðhringa er Ísland ekki land heldur ódýrt orkusvæði og litið á ráðherrana sem barnalega einfeldninga sem auðvelt er að eiga við.“**

GUÐBERGUR BERGSSON HEFUR ÁHYGGJUR AF MÆTTI ÁLRISANNA.
*DV 14. maí.*

*nær og fjær*
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** EINAR HREINSSON SAGNFRÆÐINGUR

## Undirbýr komu 400 gesta á ráðstefnu

„Ég er að vinna að undirbúningi norræna sagnfræðingaþingsins sem verður haldið í Háskóla Íslands 8. til 12. ágúst næstkomandi,“ segir Einar Hreinsson, sagnfræðingur og framkvæmdastjóri Norræna sagnfræðingaþingsins í ár. „Þetta er stærsta ráðstefna sem nokkurn tíma hefur verið haldin um sagnfræði og fortíðarrannsóknir á Íslandi. Þetta er 21. norræna sagnfræðingaþingið sem haldið er og í annað sinn sem það er haldið hér á Íslandi. Það var síðast haldið hér á landi árið 1987 og verður ekki haldið hér aftur fyrr en í fyrsta lagi árið 2030.“ Yfir 200 fyrirlesarar verða á þinginu og að sögn Einars er þingið mikill menningarviðburður. „Málstofurnar eru hátt í fimmtíu og fjalla um nánast allt sem maður getur látið sér detta í hug varðandi rannsóknir úr fortíðinni, allt frá þýðingu vinskapar fyrir pólitísk sambönd á miðöldum yfir í það hvernig auglýsingar og matargerð og annað hafa áhrif á hvernig við upplifum hið ókunnuga. Í kringum þetta allt saman er mikið og stórskemmtilegt félagslíf. Ef vel er að þessu staðið má búast við að þarna verði yfir 400 gestir. Við munum nánast leggja undir okkur allt háskólasvæðið meðan á þessu stendur. Þetta er einstakt tækifæri fyrir alla sem hafa áhuga á íslenskri sagnfræði eða bara sagnfræði yfir höfuð til að kynnast því hvað er að gerast úti í hinum stóra heimi, því það er ekki fyrirsjáanlegt að svona stór ráðstefna verði haldin aftur hér á landi á næstu tuttugu til þrjátíu árum.“



## HVÍTA HÚSIÐ

### KEILUBRAUT OG BÍÓ

Hvíta húsið í Washington, aðsetur bandaríska forseta í yfir 200 ár, virðist smátt þegar það er skoðað úr fjarlægð. Þar leynist þó ýmislegt, enda telst húsið sex hæðir, þar af þrjár neðanjarðar. Þar er hægt að hafa ýmislegt fyrir stafni. Ef gestum fer að leiðast eftir að hafa rölt um herbergin í 132 og skoðað baðherbergin 35 geta þeir skellt sér í tennis, fellt keilur, horft á bíómyndir í fullkomnum sal, farið í sund eða púttað á púttvelli hússins. En bara ef húsráðandi leyfir.



## SJÓNARHÓLL

### AÐSTOÐ LÖGREGLU VIÐ SÍGAUNANA TIL NOREGS

## Farsæl niðurstaða



**ELLIÐI VIGNISSON**
Bæjarstjóri í Vestmannaeyjum.

„Ég tel að það hafi verið eðlilega staðið að þessu máli. Þessu fólki var boðin aðstoð við að komast annað og engum þvingunum beitt heldur þau studd til að komast þangað sem þau vildu vera. Ég tel þetta bara vera eðlilega framvindu málsins. Enginn þeirra hafði óskað eftir landvistarleyfi mér vitanlega eða hafði hér fasta vinnu eða hugðist dvelja hér sem ferðamaður. Og þau leituðu eftir aðstoð við að komast annað. Ég tel að þetta hafi verið farsæl niðurstaða.“

# Sauðburður langt kominn

**Sauðburður er hafinn. Ein ærin var að því komin að bera á bænum Brekku í Eyjafjarðarsveit þegar ljósmyndara bar að garði.**

„Sauðburðurinn er langt kominn en samt er talsvert eftir ennþá,“ segir Sverrir Friðriksson, sauðfjárbóndi að Brekku í Eyjafjarðarsveit. Þegar ljósmyndara og blaðamann Fréttablaðsins ber að garði er ein ærin komin að því að bera, en kindurnar á Brekku eru um 230 talsins. Sverrir bóndi gerir sér lítið fyrir og athugar hvort lambið snúi rétt. Eftir nokkra baráttu kemur það í heiminn og er staðið upp og komið á spena innan tíðar.

Sverrir segir sauðburðinn erfiðan en skemmtilegan tíma og það leynir sér ekki að honum þykir vænt um dýrin. „Ég held að það sé þannig með flesta bændur en samband okkar við dýrin er mjög sérstakt. Ég verð alveg miður mín ef eitthvað amar að þeim en sendi svo lömbin frá mér á haustin og finnst það ekkert mál,“ segir Sverrir, sem tekið hefur við búinu af föður sínum sem féll frá í febrúar. „Ég hef tekið á móti lömbum frá því ég man eftir mér en þetta er fyrsta vorið sem ég er einn í þessu. Þetta hefur samt gengið ótrúlega vel og það er nóg að gera.“

**indiana@frettabladid.is**



**SVERRIR SEGIR SAMBAND BÆNDA VIÐ DÝRIN SÉRSTAKT** „Ég verð alveg miður mín ef eitthvað amar að þeim en sendi svo lömbin frá mér á haustin og finnst það ekkert mál.“ MYND/HEIÐA.IS






SVERRIR ATHUGAR HVORT LAMBIÐ SNÚI RÉTT

EFTIR NOKKRA BARÁTTU KOMA FÆTURNIR FYRST ÚT







Á LEIÐ Í HEIMINN




ÆRIN SLEIKIR LAMBIÐ SITT MYND/HEIÐA.IS



## Svona erum við

> Þátttaka í alþingiskosningum 1967-2007




HEIMILD: WWW.KOSNING.IS

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** ALÞINGI

# *Með elstu starfandi þingum heims*

Alþingi er með elstu starfandi þingum heims. Undirbúningur að stofnun þingsins er talinn hafa verið á árunum 920 til 930. Alþingi starfaði sem löggjafarsamkoma og æðsti dómstóll landsins þar til á árunum 1262-64 þegar Íslendingar samþykktu Gamla sáttmála og gengu Noregskonungi á hönd. Löggjafarvald var í höndum konungs og Alþingis sameiginlega, einkum konungs. Árið 1662 afsöluðu Íslendingar sér svo sjálfstjórn í hendur konungi með Kópavogssamningi. Þinghaldi lauk á Þingvöllum árið 1798, en Lögrétta kom þó saman í Hólavallaskóla í Reykjavík árið 1799 og 1800. Alþingi var lagt af hinn 6. júní 1800.



**Hvernig var Alþingi endurreist?**
Danakonungur gaf hinn 8. mars 1843 út tilskipun um endurreisn Alþingis. Fyrstu kosningarnar fóru fram ári síðar og þing kom í fyrsta skipti saman á endurreistu Alþingi hinn 1. júlí 1845. Endurreist Alþingi starfaði fyrst um sinn í Latínuskólanum (nú Menntaskólinn í Reykjavík). Árið 1881 flutti Alþingi svo í sitt núverandi húsnæði í Alþingishúsinu við Austurvöll.

Árið 1874 var þingi skipt í tvær deildir, efri og neðri deild. Þingmenn voru þá 36 og í efri deild sat þriðjungur þingmanna, eða 12 þingmenn. Sameiginlegir fundir þingmanna beggja deilda nefndust sameinað Alþingi. Árið 1903 var þingmönnum fjölgað um fjóra og voru þá 40. Við stjórnarskrárbreytingarnar 1915 var konungskjör þingmanna fellt niður og tekið upp landskjör þar sem allt landið var eitt kjördæmi. Árið 1920 var þingmönnum fjölgað í 42 og þá var ákveðið að Alþingi kæmi saman árlega. Árið 1934 var þingmönnum aftur fjölgað, nú um 7, eða í 49. Árið 1942 var þeim svo fjölgað í 52. Þá var landið 28 kjördæmi. Árið 1959 var landinu skipt upp í átta kjördæmi með hlutfallskosningu auk 11 uppbótarþingsæta. Þingmönnum var aftur fjölgað, nú í 60. Árið 1984 var þingmönnum fjölgað í 63 og árið 1991 voru deildirnar tvær, efri og neðri deild, sameinaðar. Kjördæmaskipan var svo breytt árið 1999 með stjórnarskrárbreytingu og kjördæmunum fækkað í sex.

**SPURT & SVARAÐ**
MINNIHLUTASTJÓRN

## *Tekur ekki beinan þátt*

Rætt hefur verið um mögulega minnihlutastjórn undanfarna daga. Er þá átt við að Vinstri grænir og Samfylking myndi stjórn og Framsókn „verji hana falli“. Úlfar Hauksson er stjórnmálafræðingur.



ÚLFAR HAUKSSON
Stjórnmálafræðingur

**Hvað þýðir að verja stjórn falli?**
„Það þýðir að í staðinn fyrir að taka virkan þátt í ríkisstjórn lýsir viðkomandi flokkur yfir hlutleysi við stjórnina, og kemur þannig í veg fyrir að lýst sé vantrausti á hana. Þannig nær flokkurinn sínum áhrifum inn í stjórnina án þess að taka beinan þátt í henni. Hann lofar því að verja hana falli.“

**Er þetta algengt stjórnarfyrirkomulag?**
„Þetta fyrirkomulag er þekkt á Norðurlöndunum, í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Þar er hugmyndafræði flokkanna yfirleitt sterkari en hér og minni valdapólitík. Þá líta flokkarnir þannig á að þeir vilja frekar fría sig ábyrgð á stjórnarathöfnum, en af því viðkomandi stjórnarflokkur er skásti flokkurinn þá veita þeir stjórninni hlutleysi.“





**Hvað er það mikilvægasta í lífinu þínu?**
-heilsan......................ekki satt!!
-fjölskyldan................ekki satt!!
Sameinaðu þessa 2 bestu kosti í lífi þínu og veldu Arctic Spas.
SpaKongen
Lækjargötu 34 • 220 Hafnarfjörður • Sími 554 7755 • www.spakongen.is


# Framsóknarmenn ráðvilltir

**Líf ríkisstjórnarinnar ræðst af vilja framsóknarmanna. Það er þeirra að gera upp við sig hvort þeir vilja halda samstarfinu við sjálfstæðismenn áfram, eiga aðild að nýrri stjórn með öðrum flokkum eða setjast í stjórnarandstöðu.**



**LÁGSTEMMD STEMNING** Fyrstu tölur komu framsóknarmönnum á kosningavökunni í Þjóðleikhúskjallaranum í opna skjöldu. Andrúmsloftið var eftir því. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins, varði gærdeginum í samtöl við áhrifamenn í flokknum. Ráðherrar flokksins hittust síðdegis og þingflokkurinn kom saman í gærkvöldi. Viðfangsefnið var aðeins eitt, að meta stöðu flokksins í ljósi kosningaúrslitanna. Forystumenn Framsóknar hafa oft staðið í sömu sporum en nú er verkefnið stærra og viðkvæmara en oftast áður. Sjálf framtíð flokksins er undir.

Jón og Guðni Ágústsson varaformaður eru sammála um mikilvægi þess að heyra í grasrótinni. Það sé í raun hennar – hins almenna flokksmanns – að skera úr um hvernig byggja eigi flokkinn upp að nýju.

**Kostir og gallar við alla möguleika**
Eftir samtöl við tugi áhrifamanna innan Framsóknarflokksins í gær er niðurstaðan sú að framsóknarmenn vita ekki hvað sé best í stöðunni. Þeir eru í raun ráðvilltir. Allir eru sammála um að byggja þurfi flokkinn upp á ný en vita ekki hvaða leið eigi að fara; hvort halda eigi samstarfinu við Sjálfstæðisflokkinn áfram, taka þátt í nýrri ríkisstjórn með öðrum flokkum eða setjast í stjórnarandstöðu. Kostir og gallar eru sagðir fylgja öllum möguleikum.

Rétt er og skylt að minna á að aðeins eru tveir dagar liðnir síðan úrslit kosninganna lágu fyrir. Menn hafa tekið sér lengri tíma til að taka einfaldari ákvarðanir.

**Formaðurinn áhrifalítill utan þings**
Sú staðreynd að formaður Framsóknarflokksins er utan þings er ekki til að auðvelda verkið. Verði flokkurinn í ríkisstjórn mun Jón eflaust verða ráðherra og hafa sem slíkur rétt til þátttöku í umræðum á Alþingi. Utan stjórnar hefur hann á hinn bóginn enga aðkomu að störfum þingsins og stendur því utan pólitískrar umræðu á Íslandi.

**Kom þeim á óvart**
Vangaveltur framsóknarmanna um hvað heppilegast sé að gera – og sú staðreynd að þeir virðast ekki vita hvað þeir eigi að gera – koma sumpart á óvart. Fylgishrunið blasti við enda skoðanakannanir allar á einn veg þó rokkað hafi á nokkrum prósentum til og frá. Flokksmenn virðast hafa haldið í þá bjargföstu trú að mæling á fylgi Framsóknarflokksins í skoðanakönnunum væri ekki marktæk.

**Viðræður í trássi við yfirlýsingar**
Það kemur einnig sumpart á óvart að framsóknarmenn skuli yfir höfuð eiga í viðræðum við sjálfstæðismenn um áframhaldandi samstarf. Forystumenn flokksins, þar á meðal Jón Sigurðsson, höfðu jú gefið það út fyrir kosningar að ef fylgið yrði lágt yrði ekki af ríkisstjórnarþátttöku flokksins. „Ef niðurstöður kosninga verða hins vegar í takt við nýlegar kannanir mun Framsóknarflokkurinn ekki eiga aðild að næstu ríkisstjórn,“ sagði formaðurinn í Fréttablaðinu 8. maí.

**Ólík staða formanna**
Staða formanna stjórnarflokkanna er ólík. Á meðan Jón þarf að tala við samflokksmenn og hafa við þá samráð nýtur Geir H. Haarde óskoraðs umboðs til ákvarðana meðal þingmanna Sjálfstæðisflokks.

Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins kom saman undir kvöld í gær og gerði Geir þingmönnum grein fyrir stöðu mála. Engin efnisleg ákvörðun var tekin á fundinum en óskorað umboð hans ítrekað.

Þeim sjálfstæðisþingmönnum sem rætt var við hugnast ágætlega tilhugsunin um fjögur ár í viðbót með Framsókn. Þeir segja þó að helmingaskipt stjórn komi ekki til greina. Það vita framsóknarmenn líka og haldi samstarfið áfram er viðbúið að þeir fái þrjá eða fjóra ráðherra, ekki fimm eða sex eins og síðustu þrjú kjörtímabil.

Sjálfstæðismenn segja marga kosti við áframhaldandi stjórnarsamstarf. Þann helstan að ekki þurfi að búa til stjórnarsáttmála frá grunni. Auk þess sé reynslan af samstarfinu almennt góð. Öðru máli gegni um vinstriflokkana og varð einum að orði að vandinn við að vinna með VG væri stefnan og vandinn við að vinna með Samfylkingunni væri fólkið.

**Viðeyjarstjórn með eins manns meirihluta**
Margir hafa velt vöngum yfir því hvort ríkisstjórn með eins manns meirihluta sé á vetur setjandi. Fordæmi eru fyrir slíku því Viðeyjarstjórnin naut slíks meirihluta á tveimur af þeim þremur kjörtímabilum sem hún starfaði. Ekki er annað vitað en að innan þingflokka núverandi stjórnarflokka sé málefnaleg samstaða; í það minnsta varð hvorki vart málefnaágreinings samflokksmanna í prófkjörum né í sjálfri kosningabaráttunni.

**Tíminn ekki endalaus**
Þó að Geir H. Haarde hafi margsinnis sagt að viðræður þeirra Jóns fari ekki fram innan sérstakra tímamarka má ljóst vera að myndun nýrrar ríkisstjórnar er ekki dregin að óþörfu. Báðum – og öllum – er fyrir bestu að stjórnarmyndun sé afgreidd hratt og örugglega. Því má ætla að línur taki að skýrast á allra næstu dögum.

En þó Geir og Jón séu enn að gera upp sín mál er ekki þar með sagt að forystumenn og þingmenn annarra flokki haldi sig til hlés. Hvar sem tveir stjórnmálamenn koma saman þessa dagana ber stjórnarmyndun á góma.



FRÉTTASKÝRING
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON
bjorn@frettabladid.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Gallarnir við íslenzka kosningakerfið:

## Landið eitt kjördæmi

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Ýmsir hafa orðið til þess, eftir nýafstaðna sviptingasama kosninganótt, að halda því fram að meinlegir gallar séu á íslenzka kosningakerfinu. „Úrslitin varpa ljósi á það hversu kosningakerfið er gallað,“ tjáði Baldur Þórhallsson stjórnmálafræðingur Fréttablaðinu. Jöfnunarmannahringekjunni lauk ekki fyrr en síðustu tölur úr síðasta kjördæminu bárust skömmu fyrir klukkan níu á sunnudagsmorgni. Og henni lyktaði með ýmsum skringilegheitum: Sjálfstæðisflokkurinn fékk 35,4 prósent atkvæða í Reykjavíkurkjördæmi norður og fjóra þingmenn kjörna, en Samfylkingin 29,2 prósent og fimm þingmenn, þar af tvo jöfnunarmenn. Mismunandi vægi atkvæða eftir kjördæmum endurspeglast líka mjög skýrt í því, að Framsóknarflokkurinn fékk þrjá þingmenn í Norðausturkjördæmi með 5.726 atkvæðum en engan þingmann út á 4.266 atkvæði í Reykjavíkurkjördæmunum.

Athygli vekur einnig, að eins þingmanns meirihluti ríkisstjórnarflokkanna náðist út á minnihluta atkvæða, 48,3 prósent.

Annar meintur galli sem Ómari Ragnarssyni, formanni Íslandshreyfingarinnar, varð tíðrætt um í kosningasjónvarpsumræðum, er að fimm prósenta heildaratkvæðaþröskuldurinn væri ósanngjarn og ólýðræðislegur.

Þorkell Helgason, stærðfræðingur og orkumálastjóri sem er aðalhöfundur kosningakerfisins, segir það aldrei geta verið fullkomið. Það er rétt og vert að hafa í huga samanburðinn á íslenzka hlutfallskosningakerfinu við kosningakerfi annarra viðurkenndra lýðræðisríkja.

Í Bretlandi, þar sem meirihlutakosningakerfi í stað hlutfallskerfis er við lýði, er það alvanalegt að drjúgur meirihluti þingsæta náist út á minnihluta atkvæða. Það helgast af einmenningskjördæmaskipulaginu, sem ekki gerir ráð fyrir neinum uppbótarþingsætum. Í síðustu þingkosningum í Bretlandi fékk Verkamannaflokkurinn 55 prósent þingsæta út á rúmlega 35 prósent atkvæða.

Slík bjögun á vilja kjósenda er reyndar einnig þekkt úr hlutfallskosningakerfum. Í þingkosningunum í Tyrklandi árið 2002 fékk núverandi stjórnarflokkur, Réttlætis- og þróunarflokkur Erdogans forsætisráðherra, 66 prósent þingsæta út á 34 prósent atkvæða. Þetta kom til af því að þröskuldurinn til að fá menn kjörna á þing er 10 prósent í tyrkneska hlutfallskosningakerfinu. Aðeins tveir flokkar voru yfir þessu marki þegar talið var upp úr kjörkössunum í Tyrklandi árið 2002, þannig að annað hvert atkvæði, sem greitt var öðrum flokkum en þeim tveim sem fengu yfir 10 prósent, féll dautt niður. Í nýafstöðnum alþingiskosningum voru það þó ekki nema á bilinu 3-4 prósent atkvæða sem „duttu dauð niður“.

Þótt það séu skiljanlega vonbrigði fyrir Ómar Ragnarsson að fá ekkert þingsæti út á þau 5.953 atkvæði sem Íslandshreyfingunni voru greidd, eru ágæt rök fyrir því að hafa þröskulda í þingkosningum. Það kann nefnilega ekki góðri lukku að stýra fyrir starfshæfni þjóðþings, ef á því starfa margir tveggja til fimm manna þingflokkar.

Eins og Baldur Þórhallsson bendir á er ein augljós lausn á göllunum á íslenzka kosningakerfinu. Hún er sú að gera landið að einu kjördæmi. Þar með næðist jöfnun atkvæðavægis allra landsmanna og jöfnun þingsætafjölda hvers framboðslista í samræmi við heildaratkvæðamagn yrði miklu einfaldari í framkvæmd en í núverandi kerfi með sex kjördæmum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



SKAPANDI SKRIF

með Þorvaldi Þorsteinssyni

21.- 30 maí

Ertu að feta þín fyrstu skref í skrifum? Skrifarðu fyrir skúffuna? Langar þig að kynnast sagnamanninum í þér?

Leiðbeinandi er Þorvaldur Þorsteinsson leikskáld og barnabókahöfundur (Lífið – notkunarreglur, And Björk, of course..., Vasaleikhúsið, Skilaboðaskjóðan, Blíðfinnsbækurnar)

Nokkrar umsagnir af nýafstöðnu námskeiði hjá St.Rv. og SFR:

*"Frábært námskeið sem opnar nýja sýn á lífið og tilveruna."*

*"Fær mann til að hugsa upp á nýtt!"*

*"Ófyrirgefanlega gaman og nærandi fyrir sálina, hugann og ekki síst hugmyndaflugið."*

*"Frábærlega uppbyggjandi."*

**Skráningu lýkur 19. maí á kennsla.is!**

### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Já, Ísland er lítið**

Jónína Benediktsdóttir bendir á hvað Ísland er einstaklega lítið á heimasíðu sinni. Eins og kunnugt varð fyrir helgi hvatti Jóhannes Jónsson, kenndur við Bónus, kjósendur Sjálfstæðisflokksins til að strika Björn Bjarnason út af listanum. Kjörnefnd Reykjavíkur suður mun svo á næstu dögum vísa útstrikunum til landskjörstjórnar þegar útstrikanir hafa verið reiknaðar út. Í landskjörstjórn situr sem formaður Gestur Jónsson nokkur. Þannig vill til að sá sami Gestur Jónsson var verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar í Baugsmálinu endalausa og hefur nokkrum sinnum vakið upp spurningar um hæfi Björns sem dómsmálaráðherra í ljósi ummæla ráðherrans.



**Takk, Jón Baldvin**

Bæði Össur Skarphéðinsson og Þórunn Sveinbjarnardóttir vildu „þakka“ Íslandshreyfingunni í gær fyrir að hafa tekist að verja ríkisstjórnina frá falli. Hvorugt segir það upphátt, en væntanlega eru þau bæði – svo og fleira samfylkingarfólk – að hugsa fyrrum krataleiðtoganum Jóni Baldvini Hannibalssyni þegjandi þörfina. Eftir að hafa úthúðað Samfylkingunni og hvatt til myndunar nýs stjórnmálaafls, snérist hann aftur á sveif með Samfylkingu og fundaði í kosningabaráttunni með flokknum. Á lokasprettinum fann hann hins vegar þörf hjá sér til að styðja Ómar Ragnarsson og sinn gamla vin Jakob Frímann Magnússon og hvatti fólk til að kjósa Íslandshreyfinguna. Ef einhver hefur svarað kallinu er ólíklegt að þar sé um kjósendur Sjálfstæðisflokksins að ræða. Nokkrum hefur dottið í hug hvort ekki sé rétt fyrir Samfylkinguna að senda Jón Baldvin úr landi nokkrum mánuðum fyrir næstu kosningar, líkt og sagt er að Sjálfstæðisflokkurinn geri við Hannes Hólmstein Gissurarson.



svanborg@frettabladid.is

## Hreyfingarlaust Ísland



HALLGRÍMUR HELGASON

Í DAG | Úrslit alþingiskosninga

Kosningakvöldið var fagurt en nóttin nöpur. Undir morgun var komið sannkallað gluggaveður. Og gluggaúrslit í alþingiskosningum. Þau sýnast góð en eru vond. Sjálfstæðisflokkur og Vinstri græn unnu sigra, Samfylking varnarsigur, Frjálslyndir stóðu í stað og Íslandshreyfing var ósýnileg. Framsókn löskuð.

Þetta eru hálfgerð hvorki né úrslit. Hreyfingarlaust Ísland í boði Íslandshreyfingarinnar. 6000 atkvæði féllu dauð og því varð vilji þjóðarinnar ekki skýr, nema hvað Framsókn varðar. Stjórnin hélt, en samt ekki. Stjórnarandstaðan vann á en samt ekki. Þjóðin vill Geir í forsæti en hún vill líka vinstristjórn. Hægrimenn unnu og vinstrimenn líka. Miðjan tapaði, til beggja handa. Og umhverfissinnar hurfu.

Réttast væri að kjósendur Íslandshreyfingarinnar fengju að kjósa aftur um næstu helgi þar sem valið stæði á milli gömlu flokkanna. Þannig fengjust ef til vill fram skýrari úrslit.

Hvað er til ráða? Ríkisstjórnin situr vart áfram á einum manni (hvort sem hann er útstrikaður eða ekki) og seint mun Geir hífa Frjálslynda um borð. Vinstri græn stinga upp á minnihlutastjórn í boði Framsóknar undir forystu Samfylkingar. Kannski er það rökréttasta niðurstaða kosninganna. VG vann stærsta sigurinn og á því rétt á stjórnarsetu um leið og Framsókn dregur sig réttilega í hlé, án þess þó að verða áhrifalaus.

Ingibjörg Sólrún gæti líka myndað „R-listastjórn“ Samfylkingar, VG og Framsóknar. Og hún gæti líka, eins og Steingrímur, farið með Sjálfstæðisflokki. Stjórn S og D gæti orðið mikil framfarastjórn þar sem haldið yrði áfram að nútímavæða Ísland, stokka upp landbúnaðarkerfið og sigla í átt að evru. Þessi leið hlýtur þó að teljast áhættusöm fyrir Samfylkinguna, upp á framtíðina að gera. Ef formaðurinn vill ekki enda sem sendiherra í Finnlandi eftir fjögur ár í faðmi Geirs, er R-lista-módelið kannski vænlegra. Flokkurinn færi þá líka með forsætisráðuneytið, staða sem er sterkari til að byggja upp flokkinn. En þá þarf að vinna með Framsókn …

Í Silfri sunnudags varð mér á orði að sú staðreynd væri „hræðileg“ og var í kjölfarið skammaður af Hannesi Hólmsteini. „Maður á ekki að líta niður á fólk.“ En er ekki hræðilegt að þurfa að draga til stjórnar flokk sem þjóðin hafnaði í kosningunum?

En svona er flokkakerfið okkar. Og kosningakerfið. Er ekki eitthvað bogið við það síðarnefnda? Ef Framsókn hefði fengið 11 atkvæðum meira hefði stjórnin fallið! Hvers konar rugl er þetta? Skilur einhver þingsæta-hringekjuna sem alltaf fer í gang um fjögurleytið á kosningnóttt og heldur heilu fjölskyldunum á barmi örvæntingar fram undir morgun? Í svefnrofunum heyrði ég að Samúel Örn Erlingsson væri kominn inn, fyrir Framsókn í Kraganum. Hann datt reyndar aftur út áður en yfir lauk, en greina mátti furðu í rödd fréttamannsins þegar hann sagði frá því að Framsókn hefði tapað helmingnum af kjörfylgi sínu í kjördæminu en samt bætt við sig einum manni.

Er ekki kominn tími á eitt einfalt kjördæmi sem væri landið allt?

Menn reyna samt að bera sig vel. Eftir mánaðarlanga baráttutörn reynir hver að sætta sig við orðinn hlut. Sumir fórnuðu sérhverri vökustund fyrir flokkinn sinn, og örkuðu borgina á enda, breiðandi út boðskapinn, á meðan aðrir sátu afslappaðir heima og pússuðu nýju þingmannsskóna sína. Oftar en ekki komust þeir síðarnefndu inn.

Íslenskir kjósendur eru nefnilega svo sauðtrúir „flokknum sínum“ að þeim verður lítið haggað. Tilraunir til að „ná atkvæðum Sjálfstæðisflokksins“ virðast til dæmis dauðadæmdar. Menn eru næstum til í að sitja inni fyrir þann flokk. Eitt sláandi dæmi: Þrátt fyrir að Sjálfstæðisflokkurinn hafi verið með Bónusfjölskylduna í ströngu einelti allt kjörtímabilið birtir höfuð hennar auglýsingu daginn fyrir kjördag og hvetur fólk til að setja X við D.

Formaður Framsóknar komst ekki á þing. Það hlýtur að vera afsagnarsök. Jón er greindur og góður maður en hann talar enn eins og embættismaður. Framsóknarmenn áttu að kjósa valkyrjuna að norðan fyrir formann. Guðjón Arnar situr fastur með flokk sinn utan áhrifa eins og smábátaeigandi án kvóta. Geir kemur grídarlega vel út úr kosningunum sem flokkur hans sneri upp í eins konar forsetakosningar, með endalausum glansmyndum af formanninum. Lítið fór fyrir málefnum og öðrum frambjóðendum var ekkert flaggað. Hugtakið „íhald“ lifnar alltaf við í kosningabaráttum D-listans sem ganga fyrst og fremst út á að viðhalda óbreyttu ástandi. Steingrímur J snýr nú aftur eftir að hafa litið sést í kosningabaráttunni og gerir háværa og sjálfsagða kröfu um völd, enda síðustu forvöð fyrir hann. Ingibjörgu Sólrúnu tókst að komast í mark þrátt fyrir að hafa þurft að hlaupa með Jón Baldvin á bakinu alla baráttuna.

Stjórnin lafir á ellefu atkvæðum. Það hlýtur að þurfa að telja aftur.

## Blágræn kosningaúrslit

UMRÆÐAN

Kosningar



GÍSLI MARTEINN BALDURSSON

Sjálfstæðisflokkurinn er sigurvegari nýafstaðinna kosninga og deilir þeim titli með Vinstri grænum. Samfylkingin og Framsókn töpuðu en Frjálslyndir héldu sínu. Það er sjálfsagt að lesa í þessar staðreyndir þegar ný ríkisstjórn er mynduð, en þær eiga þó ekki að ráða öllu. Fleiri staðreyndir skipta máli, einsog sú að sitjandi ríkisstjórn hélt velli. Úrslit kosninganna eru því blágræn á tvo vegu.

Það er alveg hárrétt sem Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði í umræðuþætti í Sjónvarpinu á sunnudagskvöld, að umhverfismálin voru ekkert sérstakt kosningamál. Ekkert mál var sérstakt kosningamál. Fyrir nokkrum mánuðum leit hinsvegar út fyrir að flokkarnir myndu skiptast í tvo hópa; með og á móti virkjunum, gráa og græna.

Þrýstihópurinn Framtíðarlandið gerði það sem hann gat til að draga flokkana í þessa dilka. Segja kjósendum að sumir flokkar væru góðir, en ríkisstjórnarflokkarnir væru vondir og myndu fara illa með landið okkar, svo ekki sé kveðið fastar að orði. En það tókst ekki. Ástæðan er einföld: Allir flokkar láta sér annt um umhverfi okkar, og kjósendur vita það. Þessi niðurstaða hlýtur að hafa komið andstæðingum ríkisstjórnarinnar á óvart. En hún kom okkur sjálfstæðismönnum ekki á óvart. Saga Sjálfstæðisflokksins í umhverfismálum er glæsileg, einsog allt skynsamt fólk getur séð ef það hefur á því áhuga. Ótal dæmi má nefna úr sögunni, en gleggsta dæmið er kannski það nýjasta: Græn skref í Reykjavík sem meirihlutinn í borginni kynnti í vor. Þar er á ferðinni nútímaleg umhverfisvernd sem stjórnarandstöðuflokkarnir létu sig aðeins dreyma um þegar þeir voru í meirihluta í Reykjavík.

Kjósendur eru ekki fæddir í gær. Þeir vita að í umhverfismálum þurfa að fara saman hugsjónir og kraftur til aðgerða. Þeir vita líka að enginn flokkur hefur einkarétt á hugmyndum og þeir sem hæst tala eru ekki alltaf þeir sem framkvæma mest. Þess vegna kusu þeir Sjálfstæðisflokkinn í nýafstöðnum kosningum og treysta því af fenginni reynslu, að hann muni áfram standa skynsamlegan vörð um umhverfi okkar um leið og hann bætir lífskjör allra Íslendinga.

*Höfundur er formaður umhverfisráðs Reykjavíkur.*






allt auglýsingasími 550 5880

Mjólkurþistill
Hreinsandi og styrkjandi
Heilsuhornið
Póstsendum um land allt
Útsölustaðir: Yggdrasill, Fræið - Fjarðarkaup, Maður lifandi Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind - Hagkaup, Lyfjaval - Mjódd og Hæðarsmára, Nóatún Hafnarfirði, Krónan Mosfellsbæ, Heilsuhúsið Selfossi
s: 462 1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet/heilsuhorn

Höfum til afhendingar strax
Útvegum allar gerðir húsbíla & hjólhýsa nýtt og notað.
Mikið úrval á lager.
Nýjir 2007
Challenger Mageo 109 Lengd 7,04 metrar.
2,3 L 130 hestöfl. Svefnpláss fyrir 3-4. Tvö einföld rúm afturí. Verð 6.300.000 kr.
LMC Dominant 550 RD Nýtt 2007 með gólfhita.
Álfelgur, varadekk. 150 L ísskápur.
Verð 2.500.000 kr.
Bílexport ehf.
www.bilexport.dk • boas@bilexport.dk
Upplýsingar gefur Bóas s. 0049 1752711783
eða Eðvald s.896 6456




Birgir, til vinstri, og Leifur Dam Leifsson. Hægt verður að gefa í söfnunina fyrir Sjónarhól með því að hringja í síma 900 1000, 900 2000 og 900 5000. Seinni hluti númeranna gefur til kynna upphæðina sem á að gefa. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Latibær fyrir fullorðna

***Hópur óreyndra fjallgöngumanna klífur hæstu fjöll landsins til styrktar langveikum og fötluðum börnum.***

Það er ekki á hverjum degi sem hópur óreyndra fjallgöngumanna kemur saman og klífur hæstu fjöll hvers landshluta í einum rykk. Það ætlar hins vegar hópurinn Fimm tindar að gera helgina 8. til 11. júní til að safna fé fyrir Sjónarhól, ráðgjafarmiðstöð fyrir langveik og fötluð börn, svo samtökin hafi efni á að ráða til sín nýjan starfsmann.

„Við byrjum eftir vinnu á föstudegi og mætum aftur til vinnu á mánudegi,“ útskýrir Birgir Skúlason kerfisfræðingur, sem hefur ásamt Leifi Dam Leifssyni haft veg og vanda af skipulagningu göngunnar. „Við förum upp á Heiðarhorn, Kaldbak, Kerlingu, Snæfell og Heklu. Þetta er samtals tæplega 37 km ganga. Við ferðumst líka á nóttunni og keyrum á milli staða til að takmarkið náist. Þarna verður líka tökulið með í för þar sem gera á heimildarmynd um gönguna.“

Ásamt því að vera styrktarsöfnun fyrir Sjónarhól segir Birgir hópinn vilja vekja almenning til vitundar um heilbrigðan lífsstíl. „Ekkert okkar er vant fjallgöngufólk heldur erum við venjulegt fólk. Það mætti jafnvel segja að okkur hafi fundist fjallgöngur hallærislegar áður en við tókum upp á þessu. Nú mætum við í Boot Camp þrisvar í viku. Við bara viljum sýna fólki að hægt er að breyta um lífsstíl. Göngunni mætti því kannski líkja við Latabæ, en bara fyrir fullorðna.“

Að sögn Birgis hefur undirbúningur fyrir ferðina staðið yfir í sjö mánuði, enda um krefjandi verkefni að ræða. Af þeim sökum er ekki tekið við nýjum meðlimum í hópinn, en heimafólk á hverjum stað er hvatt til að ganga með. „Svo viljum við fá fólk með okkur í göngu upp Esjuna 2. júní næstkomandi. Markmiðið er að slá met í fjölda fólks sem hefur farið upp. Allir þátttakendur fá Powerade á „Kaffi Kletti“ og viðurkenningu senda heim, óháð því hvað þeir fara hátt.“

*roald@frettabladid.is*


MAÍ
Kafbátur mánaðarins
BMT
...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða
SUBWAY
6 tommu bátur
kr. 299
Gildir í maí 2007
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjörnumáli
Faxafeni • Kringlunni • Smáralind • Austurstræti • Hamraborg Kópav. • Hringbraut 121 • Spönginni Grafarvogi
Kaupvangsstræti Akureyri • Hafnargötu Keflavík • Eyrarvegi 2 Selfossi • Dalbraut 1 Akranesi
N1 Ártúnshöfða • N1 Borgartúni • N1 Hringbraut • N1 Reykjavíkurv. Hafnarfirði • N1 Mosfellsbæ



**Hjólað í vinnuna** er átak á vegum Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands. Fjölmargir taka þátt í átakinu og stöðu mála má sjá á síðunni isi.is





















# Hreyfing góð á meðgöngu

***Dagmar Heiða Reynisdóttir og Guðrún Lovísa Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingar fjölluðu í lokaverkefninu sínu í hjúkrunarfræði um líkamsrækt á meðgöngu. Þær standa nú fyrir líkamsræktarnámskeiðum fyrir ófrískar konur.***

Dagmar og Guðrún byrjuðu með fyrsta líkamsræktarnámskeiðið sitt fyrir ófrískar konur í janúar síðastliðnum en hugmyndin kviknaði þegar þær unnu lokaverkefni í hjúkrunarfræði árið 2004 um líkamsrækt á meðgöngu. „Við vorum báðar óléttar á þeim tíma og fundum enga leikfimi við okkar hæfi. Það hentaði okkur ekki alveg að fara í jóga eða sund þar sem við vildum hreyfa okkur meira. Okkur langaði því að búa til námskeið sem myndi henta óléttum konum sem vildu hreyfa sig,“ segir Dagmar.



Dagmar og Guðrún fengu hugmyndina að námskeiðunum þegar þær gerðu lokaverkefni í hjúkrunarfræði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Líkamsrækt á meðgöngu hefur marga kosti í för með sér.

Hvert námskeið er sex vikna langt og er boðið upp á leikfimitíma þrisvar sinnum í viku. „Allar konurnar fá svo möppu með fræðsluefni og vikulega fræðslupistla. Á hverju námskeiði er fræðslu- eða skemmtikvöld og við höfum meðal annars fengið sjúkraþjálfara til að kenna mökunum að nudda konurnar og lyfjafræðing til að fara yfir ýmis lyf, fæðubótarefni og slíkt. Við höfum líka verið með leiðbeiningar um mataræði og matardagbækur, ekki til að konurnar megrist heldur til að þær borði hollt og vel,“ segir Dagmar.

Til að byrja með voru námskeiðin haldin í Hreyfingu en nú hafa þau verið flutt í húsnæði Boot Camp að Suðurlandsbraut. „Við tvær sjáum alveg um þetta og reynum yfirleitt að kenna báðar í einu. Okkur finnst gaman að vera með tímana saman og getum þá fylgst betur með konunum.“

Dagmar segir að leikfimitímarnir hjá þeim séu mjög skemmtilegir og fjölbreyttir. „Tímarnir ganga út á þol- og styrktarþjálfun og við leggjum mikla áherslu á að styrkja kvið-, grindarbotns- og bakvöðva. Við bjóðum meðal annars upp á þolfimi, styrktaræfingar, þrekhring, dans, tæki, taí-bo og fleira. Ef konur eru með bakverki eða grindarverki reynum við að útfæra æfingarnar þannig að þær henti þeim.“

Margir kostir fylgja því að stunda leikfimi á meðgöngu að sögn Dagmarar. „Regluleg hreyfing minnkar þyngdaraukningu og fitusöfnun, auðveldar fæðinguna, dregur úr líkum á stoðkerfisverkjum og þvagleka og bætir andlega líðan. Flestar konurnar sem eru hjá okkur og eru að ganga með annað eða þriðja barn segja að þeim líði miklu betur á þessari meðgöngu en þeim fyrri, svo hreyfingin er greinilega að skila sér,“ segir hún.

*emilia@frettabladid.is*

## Grannir geta líka verið feitir

INNRI FEGURÐ GÆTI FENGIÐ NÝJA MERKINGU.



Þótt manneskja sé grönn gæti hún samt verið feit. Fita sem ekki sést með berum augum en umlykur hjarta og önnur mikilvæg líffæri er jafn hættuleg ef ekki hættulegri en sú sem er sjáanleg og mörgum þykir lýti.

Rannsóknarteymi við konunglega háskólann í London hefur undanfarin ár skannað um 800 manns með MRI-tækjum til að kortleggja hvar fitan sest í líkamanum. Kom í ljós að þeir sem passa línurnar með megrun í stað hreyfingar eru líklegri til að hafa töluvert hátt fituhlutfall innra með sér þótt þeir líti að öðru leyti út fyrir að vera mjóir.

Þetta getur leitt til þess að grannt fólk telji sig heilbrigt en sé það ekki. Það sé í jafn mikilli hættu á að fá sykursýki eða hjartasjúkdóma.

Af konunum sem kannaðar voru, voru um 45 prósent þeirra sem voru með venjulegan líkamsmassa samt með of hátt hlutfall innri fitu. Meðal karla var hlutfallið 60 prósent.

Feit? Aldrei að vita.



Thaksin Shinawatra, fyrrverandi forsætisráðherra Taílands, er upphafsmaður þess að taílensk yfirvöld framleiddu ódýr lyf. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Hunsa lyfjarisana

***Taílendingar hunsa einkarétt lyfjafyrirtækja og búa til ódýr alnæmis- og hjartalyf.***

Taílensk stjórnvöld hafa um áralangt skeið framleitt ódýr alnæmislyf framhjá einkaleyfisrétti með þöglu samþykki lyfjaframleiðendanna. Nú hafa þau hafið framleiðslu á hjartalyfinu Plavix og alnæmislyfjunum Efavirenz og Kaletra sem gefin eru þeim sem ekki bregðast við hefðbundinni meðferð. Talsmenn lyfjafyrirtækjanna eru æfir og finnst stjórnvöld hafa launað gott með illu.

Taílensk stjórnvöld feta þannig í fótspor Indverja, sem lengi hafa hunsað einkarétt ýmissa lyfjaframleiðenda og framleitt ódýr lífsnauðsynleg lyf fyrir þegna sína.

*- tg*

# Plastblóð

***Vísindamenn hafa fundið upp plastblóð sem lofar góðu.***

Blóð er erfitt að geyma. Það þarf að vera í kæli og það endist ekki mjög lengi. Vísindamenn binda því miklar vonir við nýja gerð plastblóðkorna.

Flögurnar bera hemóglóbínsameind í miðju sér líkt og venjuleg blóðkorn. Þetta gerir þeim kleift að bera súrefni. Plastblóðið þarf ekki að kæla og endist það mjög lengi.

Það kæmi sér gríðarlega vel í neyðartilvikum og á stríðstímum en kæmi þó seint í stað raunverulegs blóðs.

*- tg*



Plastblóð geymist betur en hefðbundið.

**Gólfin** haldast miklu fallegri ef þau eru þvegin með réttum efnum. Flest gólf, eins og dúkar, plastparkett og flísar þurfa bara heitt vatn og kannski pínu uppþvottalög á bletti. Viðargólf þurfa sérstaka meðferð og þá borgar sig að fá ráð frá verslunum sem selja viðeigandi gólfefni.

## Hreint lyklablorð

***Límband kemur að góðum notum.***



Það er hreint ótrúlegt hvað óhreindi eru fljót að safnast á lyklaborð. Ýmis ráð eru til að ná drullunni burt og eitt þeirra er að hreinsa þau með gagnsæju límbandi. Maður klippir bara temmilega langan límbandsbút, leggur hann á milli takkaraðana og kippir af. Lyklaborðið verður orðið hreint og fínt á stuttum tíma.






# Splunkunýtt af Nálinni

***Verslunin Nálin á Laugavegi 7 hefur gerbreytt um svip en er þó enn með allar helstu hannyrðavörur og meira til.***

„Nálin er búin að vera til í um fimmtíu ár og okkur fannst alveg ómögulegt að svona rótgróin verslun hætti svo við ákváðum að kaupa hana," segja nýir eigendur Nálarinnar, Helga Jóna Þórunnardóttir og Hilda Karen Garðarsdóttir. Þótt fljótt á litið virðist um aðra verslun að ræða er allt þar þegar vel er að gáð; garnið, prjónarnir, tvinninn, skærin og pakkningar með útsaumsefni. Því er bara öðruvísi stillt upp. Meira að segja gömlu innréttingarnar eru þar enn. Svo hefur ýmislegt nýtt bæst við. Til dæmis fullt af flottum tölum, meðal annars keramiktölur.



Handsaumað ungbarnaver með ljóðlínum úr Dýrunum í Hálsaskógi.



Kaupkonurnar nýju í Nálinni, þær Helga Jóna og Hilda Karen, ætla sjálfar að sauma út eftir pöntunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þær Helga Jóna og Hilda Karen eru að búta niður hörefni í ungbarnasett þegar blaðamann ber að og ætla síðan að teikna á það og setja í pakkningar. Einnig taka þær að sér að sauma út í slík sett. „Fólk getur beðið um sérstök nöfn og áletranir og gert settin þannig persónulegri. Sama er að segja um diskaþurrkur og svuntur sem við erum með líka," benda þær á.

Þær stöllur halda líka námskeið á kvöldin og segja þau vel sótt. „Það er greinileg vakning í þjóðfélaginu fyrir útsaumi og alls kyns hannyrðum. Hörinn sem við erum með er vinsæll í sængurföt, gardínur og dúka en sumt handverkið á námskeiðunum er gamalt. Konur koma jafnvel með dúka sem hafa dagað uppi ókláraðir hjá einhverri í fjölskyldunni," segir Helga Jóna.

Auk hannyrðavörunnar fást nú litrík dönsk barnaföt í Nálinni. Þau eru þeirri náttúru gædd að vera eiginlega leikföng í leiðinni. Danskar vörur eru reyndar áberandi í búðinni. Prjónagarnið er til dæmis danskt og er sérmerkt Nálinni. Meira af því á eftir að bætast við, að sögn þeirra Helgu Jónu og Hildu Karenar. Helga Jóna kveðst hafa lært í Danmörku. Fyrst í Skals håndarbeidsskola í eitt ár og síðan Skals textilseminari í þrjú. Kunnáttan mun eflaust nýtast henni hér.

*gun@frettabladid.is*





við höfum lausnina...

Sérhæfum okkur í að finna lausnir sem hámarka nýtingu á plássi. Komdu með hugmynd og við framkvæmum, hvort sem það er fyrir heimilið eða fyrirtækið.




METALSISTEM
Skrúfufrítt - einfalt í uppsetningu

Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

Kíktu á www.isold.is



nettoline
AUÐVELT · FLJÓTLEGT · ÓDÝRT



**Þitt er valið!**
*Þú velur um að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsögðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska - fullkomin þjónusta, eigið verkstæði*

**Við hönnum og teiknum fyrir þig!**
*Komdu með málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherbergjunum - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki.*

**20%**
Allar **Nettoline** innréttingar með 20% afslætti í 3 vikur
(Tilboðið stendur 10. - 31. maí)
*Á tilboðsdögum veitum við einnig 20% afslátt af raftækjum, þegar þau eru keypt með innréttingu*




20% það munar um minna!

Virka daga kl. 9-18
Laugard. kl. 10-16

Friform
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

# tíska&fegurð

MIÐVIKUDAGUR 6. FEBRÚAR 2007



FRÉTTABLAÐIÐ

Glæsilegur sportfatnaður frá Hucke
póstsendum
verðlistinn við Laugalæk • sími 553 3755

# Beyoncé andlit Diamonds

**BEYONCÉ KNOWLES KYNNIR ARMANI-ILM**

Svo gæti farið að söng- og leikkonan Beyoncé Knowles yrði andlit og rödd nýjasta ilms tískuhönnuðarins Giorgio Armani, sem kallast Emporio Armani Diamonds.

Náinn vinur Armani lét hafa eftir sér að hönnuðinum þætti Beyoncé einkennandi fyrir glamúr ilmsins, sem verður fáanlegur í september. Samhliða því að vera andlit Diamonds er fastlega búist við því að Beyoncé muni syngja vinsælan gamlan slagara til að auglýsa ilminn.

Hvorug stjarnan hefur sem stendur viljað staðfesta sögusagnirnar en nærvera Armani á tónleikum Beyoncé í Datch Forum di Assago í Mílanó á föstudag þykir gefa þeim byr undir báða vængi.

- rve



**Beyoncé var í miklu stuði á tónleikum í Mílanó.**

**Útgáfufélag:** 365 - prentmiðlar, Skaftahlíð 25, 105 Reykjavík, sími: 550-5000 **Ritstjórar:** Kristín Eva Þórhallsdóttir kristineva@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is. **Auglýsingar:** Anna Elínborg Gunnarsdóttir, 550-5806, aeg@365.is **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is. **Forsíðumynd:** Valgarður Gíslason tók myndina af Önnu Torfadóttur







1





2

# Strandpíur í stuði

Sumir segja að allir séu eins þegar þeir eru komir í baðföt en það er alls ekki rétt. Með ákveðnum baðfatastíl, svo ekki sé minnst á fylgihlutina, má algerlega skapa vel stíliseraða stranddrottningu sem veit hvað tískuklukkan slær.

**1. Kynbomban** mætir í blettatígursbikiníi, skreytt gulli eins og sólin. Baðfötin og sandalarnir fást í La Senza, sólgleraugun og taskan í Warehouse og skartið í Accessorize.

**2. Jógaskvísan** er kvenleg og sportleg í senn. Kann að meta einfaldleikann og gerir æfingar á ströndinni. Hattur, sólgleraugu, sandalar og skart úr Accessorize en baðfötin fást í Útilífi.

**3. „Yellow polka dot bikini“** og lítið pils. Þetta lúkk minnir á 60s-skvísuna sem alltaf er í sólskinsskapi. Bikiníið fæst í La Senza, skórnir í Zöru, jarðarberjahálsfesti, hattur og sólgleraugu í Oasis en eyrnalokkarnir í Accessorize.

3




NÝJAR VÖRUR
Í HVERRI VIKU
Bolir
Skyrtur
Buxur
Vesti
Flíspeysur
Softshell peysur
Nærfatnaður
Zip-off buxur
Stuttbuxur
Kvartbuxur
Regnfatnaður
Isotex buxur
Istotex jakkar
Gönguskór
Sandalar
Göngustafir
Bakpokar
Svefnpokar
Smávara
ofl.ofl.
-50% TILBOÐ
NÝ BARNAFÖT
Verð áður Verð nú
Bolir ~~kr. 1.990,-~~ kr. 995,-
Skyrtur ~~kr. 2.990,-~~ kr. 1.495,-
Flíspeysur ~~kr. 2.990,-~~ kr. 1.495,-
Softshell peysur ~~kr. 6.490,-~~ kr. 3.245,-
Zip off buxur ~~kr. 4.990,-~~ kr. 2.495,-
Regnjakkar ~~kr. 5.990,-~~ kr. 2.990,-
Regnbuxur ~~kr. 2.990,-~~ kr. 1.495,-
Opið
Virka daga 10-18
Laugardaga 11-16
REGATTA
GREAT OUTDOORS ™
ÚTIVIST&SPORT
verslanir / hópa- og fyrirtækjaþjónusta
Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322



1



2

# Í sandölum og ermalausum bo

● Þegar sólin skín er nauðsynlegt að nota góðar varnir, hvort sem er í sólbaði eða gönguferð. Fyrir þau sem vilja gjarna fá á sig fallegan lit, en nenna ekki að liggja í sólbaði, er líka sniðugt að nota hin svokölluðu brúnkukrem en þau eru flest mjög góð sé rétt með þau farið.

**2. Brúnkukrem** frá franska merkinu Biotherm sem löngum hefur þótt skara fram úr þegar það kemur að framleiðslu húðvara, enda söluhæsta merki sinnar tegundar í Danmörku.

**3. Chanel** setur nú brúnkukrem í fyrsta sinn á markað, en bætir um betur því þetta krem inniheldur einnig sólvörn nr. 8 og er fyrirtaks rakakrem í senn. Ilmar af karamellum og vanillu og er meðfærilegt og gott.

**4. Terracotta-kremið** frá Guerlain er meðfærileg blanda af kremi og geli sem gefur fallega bronsaðan lit. Sun Elexir frá Guerlain gefur húðlitnum ljóma og dregur fram það fegursta við andlitið. Í sömu línu er einnig fáanlegt brúnkusprey fyrir líkamann sem virkar samstundis og endist í sólarhring.

**5. Börnin okkar** þurfa bestu og sterkustu sólarvörn sem völ er á en sú sem kemur nú frá Clarins er vatnsheld og helst hvít í svolitla stund eftir að hún er borin á sem tryggir að enginn líkamshluti verði útundan. Frá Clarins eru einnig fáanlegar margar sólarvarnir fyrir mömmu og pabba en rétt er að benda strandarförum á að nota háar varnir fyrstu dagana og gera hlé á sólböðum um hádegisbilið. Frá Clarins er einnig fáanlegur sjálfbrúnkandi vökvi (intense bronze self tanning kit), en hann er borinn á með bómullarhnoðra og gefur af sér djúpan, fallegan og náttúrulegan sólarlit.

**1. Lancomé** setur nú á markað nýja línu í sólvarnarkremum sem innihalda nýja DNA-formúlu sem ver húðina enn frekar fyrir óæskilegum áhrifum sólarinnar. Einnig er nú fáanlegt nýtt brúnkukrem frá Lancomé sem kallast Flash Bronzer, eitt fyrir andlitið og annað fyrir líkamann, en það ilmar vel og liturinn er klár á nokkrum mínútum.

**6. Sexí súkkulaði** sólargyllinig frá Bourjouis fyrir kinnar og bringu. Nammilykt og freistandi pakkningar.



3





4



5



6


L'ANZA HEALING HAIRCARE

touch
HÁRSTOFA

L'ANZA HEALING HAIRCARE


Þórdís, Svava og Guðný

Höfum fengið frábærar móttökur, og nú hafa Halla og Harpa einnig gengið til liðs við okkur.

Verið velkomin til okkar í Austurver, Háaleitisbraut 68.

**Tökum vel á móti öllum.**

Tímapantanir í síma 553 7171.


Halla og Harpa


NÝ SENDING
KAREN MILLEN
Kringlunni og Smáralind
KAREN MILLEN
ALLT AÐ 50% afsláttur
vorútsala
Enn meiri lækkun


ALLSAINTS
Herra dagar
Herrabolir og peysur
30%
afsláttur
ALLSAINTS | Kringlunni | Sími 517 3890 | www.allsaints.co.uk

camel active
REALITY WEAR
Dömuskór


Herraskór
www.xena.is
xena
SPÖNGINNI S: 587 0740
MJÓDDINNI S: 557 1291
GLÆSIBÆ S: 553 7060
BORGARNESI S: 437 1240


Kjóll, All Saints 17.990. Skór, GS skór 8.990. Skart, einkaeign.


Jakki, Miss Sixty (Gallerí 17) 24.990. Skart, Gallerí 17 2x1.490.


Gallabuxur, Miss Sixty (Gallerí 17) 12.990. Kjóll, Warehouse 6.990. Belti, Gallerí 17 3x1.990. Jakki, All Saints 15.990. Skór, einkaeign.

# Barnaleg & töff útlitsbreyting

● Allir fá einhvern tíma leið á útliti sínu en til að fríska upp á sig er gott að sýna hugrekki og vera tilbúinn í breytingar.





Anna María var búin að fá leið á hárinu og fataskápnum þegar hún fór í „meikóver“ með Fréttablaðinu.

„Krakkarnir sögðu að ég væri „barnalegri“ eftir breytinguna.“

Anna María Torfadóttir er þrjátíu og þriggja ára kennari í Austurbæjarskóla. Anna var orðin leið á hárinu og fataskápnum þegar hún fór í yfirhalningu með aðstoð Fréttablaðsins, Birnu Sifjar förðunarfræðings og stílista frá EMM, og Hönnu Báru frá Salon Veh.

Fyrsta skrefið var að fara í Laugar Spa þar sem hún fékk ESPA ilmolíu-andlitsmeðferð og brúnkusprautun.

„Það var frábært að koma í Laugar Spa. Ég fékk ESPA-húðhreinsun, plokkun og litun og svo brúnkusprautun að lokum. Húðin varð dásamlega mjúk eftir þetta og glansaði mjög fallega. Ég hafði aldrei prófað svona brúnkusprautun áður, en ég gæti vel hugsað mér að gera þetta annað slagið og kannski sérstaklega við hátíðleg tækifæri,“ segir Anna María glöð í bragði.

Eftir meðferðina í Laugum Spa fór hún svo á Salon Veh þar sem Hanna Bára Kristinsdóttir fór fagmannlega um hár hennar.

„Ég lýsti á henni hárið til að undirstrika fallegu bláu augun og fríska upp á hana,“ segir Hanna Bára. „Þegar Anna settist í stólinn hjá mér var hún með mjög sítt og líflaust hár. Ég ákvað því strax að klippa á hana þungan topp og stytta hárið töluvert. Það skemmtilega er að við styttinguna sléttist úr liðunum og hárið virkaði mun þykkara um leið og því þarf hún að hafa mjög lítið fyrir því að klippingin komi vel út. Svo getur hún notað sléttujárn í að móta liði en hver sem er getur gert svoleiðis með örlítilli lagni,“ segir hún.

Anna segir að viðbröðin við breytingunni hafi verið stórkostlega jákvæð. „Það tók mig reyndar svolítinn tíma að venjast þessu og verða sátt, en núna er ég alveg himinlifandi með þetta. Krakkarnir í skólanum, sem eru tíu ára, sögðu að ég væri miklu flottari og „barnalegri“,“ segir hún að lokum og skellir upp úr. *mhg@frettabladid.isw*

Hundagallerí
Smáhundaræktun

Við ræktum: Papillon, Chihuahua, Pomeranian, Japanese Chin, Pug, French bulldog, Cavalier King Charles, Spaniel, Miniature Pinscher, Miniature Púðli, Pekingese, Silky Terrier
Dalsmynni *116 Reykjavík, Sími:566-8417 Fax:5668457 hundagalleri@simnet.is, www.dalsmynni.is



MC PLANET
MCPLANET · AUSTURHRAUNI 3 · 210 GARÐABÆ · SÍMI 533 3805


love from London
Rachel Weisz and
Ioan Gruffudd
BURBERRY
LONDON
The new fragrances for women and men
© BURBERRY LIMITED BURBERRY.COM

## ATVINNA

### PÍPARAR
Erum með vana pípara á skrá sem eru klárir til vinnu.
**Kraftafl ehf S: 840-1616**

### Múrarar
Erum með vana múrara sem óska eftir mikilli vinnu.
Upplýsingar í síma 840 1616.
**Kraftafl ehf**



### VANTAR ÞIG VANA IÐNAÐARMENN?
Höfum milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN
VOOT STARFSMANNAMIÐLUN • HAFNARGATA 90
230 REYKJANESBÆR • SÍMI 581 2222 • WWW.VOOT.IS



### VANTAR ÞIG PÍPU-LAGNINGARMENN?
Höfum milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN
VOOT STARFSMANNAMIÐLUN • HAFNARGATA 90
230 REYKJANESBÆR • SÍMI 581 2222 • WWW.VOOT.IS

## FUNDIR / MANNFAGNAÐIR

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

### FUNDARBOÐ

**Skipulagsstjórinn í Reykjavík og hverfisráð Háaleitis boða til fundar með hagsmunaaðilum við Sléttuveg og nágrennis Kynnt verður tillaga að deiliskipulagi neðan Sléttuvegar fyrir íbúðabyggð.**

Tillaga að deiliskipulagi neðan Sléttuvegar er nú í auglýsingu. Auglýsingatíminn er 6 vikur og stendur frá 9. maí til og með 20. júní. Á þeim tíma gefst íbúum tækifæri á að koma með athugasemdir.

Engin byggð er á svæðinu í dag en það hefur verið nýtt af Skógræktarfélagi Reykjavíkur á síðustu áratugum. Fyrirhugað er að reisa íbúðir á svæðinu. Talsverður trjágróður er á landinu. Leitast verður við að nýta hann sem best fyrir fyrirhugað íbúðasvæði.

**Fundarstaður:** **Álftarmýrarskóli.**
**Fundartími:** **Þriðjudagur 15 maí 2007 kl. 17:00**
**Fundarefni:** **Kynning á deiliskipulagi svæðis neðan Sléttuvegar.**

Með kveðju,

F.h. Skipulagsstjóra
Margrét Leifsdóttir arkitekt FAÍ
Skipulags-og byggingarsvið
netfang: ***margret.leifsdottir@rvk.is***

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

## TILKYNNINGAR

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Yfir 150.000 gestir daglega.**

**Stór-markaður í stofunni heima.**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

FRÉTTABLAÐIÐ
**AUGLÝSINGASÍMI 550 5000**

## FASTEIGNIR

# Draumahús við sjóinn
## *Einstakt hús sem er engu öðru líkt. – Sjón er sögu ríkari!*









Norðvesturhlið

Frum

182 fm heilsárshús á tveimur hæðum við Breiðagerði í Vatnsleysustrandarhreppi. Húsið er timburhús á steinsteyptri plötu og selst fullfrágengið að utan og fokhelt að innan. Gert er ráð fyrir heitum potti uppi á öðrum turninum og arni í stofu á neðri hæð. **Lóðin er eignarlóð, sjávarlóð, 1.500 fm að stærð með fallegu sjávarútsýni, Keili í baksýn og Snæfelljökul í framsýn.** **VERÐTILBOÐ.**

**FASTEIGNA-MARKAÐURINN**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15** 7.932 **+0,96%** **Fjöldi viðskipta:** 404
**Velta:** 5.583 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Atorka** | +8,38% | **Straumur-Burðarás** | -0,25% |
| **Teymi** | +5,32% | **FL Group** | -0,17% |
| **Eimskipafélagið** | +4,40% | **Actavis** | -0,12% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,57 +2,00% ... Actavis 86,40 -0,12% ... Alfesca 4,89 +1,45% ... Atlantic Petroleum 815,00 +1,24% ... Atorka 8,02 +8,38% ... Bakkavör 69,50 +0,43% ... Eimskipafélagið 37,95 +4,40% ... FL Group 29,05 -0,17% ... Glitnir 27,00 +0,37% ... Kaupþing 1.080,00 +1,89% ... Landsbankinn 36,00 +0,28% ... Marel 81,00 +2,40% ... Mosaic Fashions 17,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 20,10 -0,25% ... Össur 110,50 +0,91%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Kaupþing er komið með hámarkshlut í Storebrand

### Norska fjármálafyrirtækið er orðið hlutdeildarfélag í bókum Kaupþings.

Kaupþing er komið með fimmtungshlut í norska fjármálafyrirtækinu Storebrand, sem er sá hámarkshlutur sem Norska fjármálaeftirlitið heimilaði bankanum að fara með. Frá og með 14. maí ætlar Kaupþing að færa Storebrand sem hlutdeildarfélag í bókum félagsins, sem þýðir að bankinn tekur tuttugu prósenta hlut í afkomu Storebrands beint inn í rekstrarreikning. Þetta er sagt draga úr markaðsáhættu bankans.

Það var hinn 20. mars sem fjármálayfirvöld gáfu Kaupþingi og Gjensidige, öðrum stærsta hluthafanum í Storebrand, grænt ljós á að fara með fimmtungshlut í Storebrand. Kaupþing átti þá um níu prósent og hefur því keypt upp ellefu prósent hlutafjár á tæpum tveimur mánuðum.

Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, sagði í samtali við Fréttablaðið á dögunum að hlutdeildaraðferð væri einn af þeim kostum sem væru í stöðunni. Fastlega er búist við að Kaupþing óski eftir heimild til að fara með fjórðungshlut í Storebrand. „Við teljum að það sé mjög líklegt og sjáum ekkert gegn því að norsk yfirvöld leyfi okkur það. Við erum með miklu meiri fjárhagslegan styrkleika en Storebrand og undir eftirliti fjármálayfirvalda í tíu löndum," sagði Hreiðar við það tilefni.

Eignarhlutur Kaupþings í Storebrand er metinn á um 52,5 milljarða króna. **- eþa**

# LÍ spenntur fyrir Teymi

Greiningardeild Landsbankans mælir með kaupum á hlutabréfum í Teymi og ráðleggur fjárfestum að yfirvoga bréfin í hlutabréfasöfnum til skemmri tíma. Nýtt verðmatsgengi er 6,32 krónur á hlut, eða um þrjátíu prósentum hærra en markaðsgengið 4,86. Tólf mánaða markgengi er hins vegar 7,41 króna á hlut.

Niðurstaða á fyrsta ársfjórðungi var vel viðunandi að mati LÍ en mikill viðsnúningur hefur orðið frá fjórða ársfjórðungi 2006. Teymi hagnaðist um 1,6 milljarða króna á fyrstu þremur mánuðum ársins.

Í greiningu Landsbankans kemur fram að fjármagnskostnaður Teymis hafi minnkað umtalsvert með niðurgreiðslu skulda. Eftir nýlegt hlutafjárútboð er Teymi sagt með fulla vasa af reiðufé sem gefi félaginu færi á yfirtökum í upplýsingatæknigeiranum. **- eþa**

# Merck selur til Mylan

**Samheitalyfjahluti þýska lyfjafyrirtækisins Merck verður seldur til bandaríska lyfjaframleiðandans Mylan Laboratories. Kaupverð nemur 4,9 milljörðum evra, jafnvirði rúmra 426 milljarða íslenskra króna. Actavis var lengi vel á meðal þeirra sem helst komu til greina sem kaupendur á samheitalyfjahlutanum en fyrirtækið dró sig úr baráttunni í byrjun mánaðar.**

**Að sögn Merck verður andvirði sölunnar notað til að greiða niður skuldir. Þá fá hluthafar í Merck sérstaka arðgreiðslu í tengslum við hana.** **- jab**

# Hagnast um 19 milljarða

Hagnaður samstæðu Milestone á fyrsta fjórðungi þessa árs nemur 22,8 milljörðum króna fyrir skatta, en 19 að teknu tilliti til tekjuskatts.



KARL WERNERSSON

Stjórn Milestone samþykkti á fundi sínum í gær árshlutareikning fyrsta ársfjórðungs. Þar kemur meðal annars fram að á tímabilinu hafi arðsemi eigin fjár verið 268,3 prósent á ársgrundvelli, heildareignir í marslok numið ríflega 198 milljörðum króna og hafi aukist um 28 milljarða á fyrstu þremur mánuðum ársins. Þá hækkaði eigið fé félagsins um 45,6 prósent frá ársbyrjun og nam 63,7 milljörðum króna í marslok.

„Vöxtur Milestone á árinu hefur verið mikill og ársfjórðungurinn sannarlega viðburðaríkur," er haft eftir Karli Wernerssyni, stjórnarformanni Milestone. Hann segir mikilvægum stoðum hafa verið rennt undir starfsemina og aukin áhersla verið lögð á kjarnastarfsemi. **- óká**


Ferskur fiskur
alla daga í fiskborðum okkar

Kjöt & fisktorgið



Lax í tikka masala
Spriklandi nýr og ferskur lax í austurlensku kryddi og rammíslensku jógúrti ásamt brakandi fersku grænmeti.
Frábær réttur beint í ofninn. Eldið í 200°C heitum ofni í 15-20 mínútur.

*Þessi réttur svíkur engan!*
Hrísgrjón eru kjörin með þessum rétti ásamt fersku grænmeti.



Rúnar Gíslason
matreiðslumeistari

Kjöt & fisktorgið



**Steinbítur** með hvítlauk og kryddjurtum



**Lax** með chili, engifer og hvítlauk



**Lax** með kóríander og hvítlauk



**Ýsa** í malasíukarrí með fersku grænmeti

Úrval fiskrétta

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



†

*Ástkær móðir mín, amma, langamma og systir okkar,*

**Ásta Maríusdóttir**

lést á Landspítala Fossvogi, öldrunardeild, laugardaginn 12. maí 2007. Jarðarför auglýst síðar.

**Ingvar Már Pálsson**
**Ásta Sigríður Ingvarsdóttir**
**Shane Kristófer Mapes**
**Elín Maríusdóttir** **Ólafur Björn Guðmundsson**
**Guðbjörg Lilja Maríusdóttir**
**Jóhann Már Maríusson** **Sigrún Gísladóttir**



†

*Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,*

**Guðrún Á. Ingvarsdóttir**
Ystaseli 13, Reykjavík,

lést á Landspítalanum að kvöldi 11. maí.

**Ólafur Sigurðsson** **Hjördís Smith**
**Sigrún Sigurðardóttir** **Brynjólfur Gíslason**
**Ásgeir Sigurðsson** **Arndís Gísladóttir**



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Magnea Vilborg Þórðardóttir**
Heiðnabergi 12, Reykjavík,

lést á Landspítala við Hringbraut miðvikudaginn 2. maí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát hennar og útför.

**Ottó Gíslason**
**Anna Karolína Konráðsdóttir**
**Þórður Gísli Ottósson**
**Ingibjörg Ottósdóttir** **Guðjón Hreiðar Árnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Níels Friðfinnsson**
Hlíðarvegi 19, 350 Grundarfirði,

lést á heimili sínu laugardaginn 12. maí. Jarðarförin fer fram frá Grundarfjarðarkirkju laugardaginn 19. maí kl. 14.

**Jakobína E. Thomsen**
**Hallgrímur Óðinn** **Jóhanna S.**
**Friðfinnur**
**Guðbjörg Jóhanna** **Kristján Einar**
**Birna Björk** **Kristján Yngvi**
**Margrét Eyrún** **Ævar Rafn**
**og barnabörn.**


**Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför**




**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**
Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is
Vaktsími: **581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt**
**Komum heim til aðstandenda ef óskað er**
Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

**MADELEINE ALBRIGHT (1937)**
**FÆDDIST ÞENNAN DAG**

*„Ef við þurfum að beita mætti okkar er það af því að við erum Bandaríkin. Við erum hin ómissandi þjóð. Við berum okkur af öryggi. Við sjáum lengra inn í framtíðina.“*



***Madeleine Albright varð fyrsti kvenkyns utanríkisráðherra Bandaríkjanna og var á þeim tíma valdamesta kona í sögu Bandaríkjanna. Madeleine fæddist í Tékklandi en flutti ung að aldri til Bandaríkjanna ásamt foreldrum sínum.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 15. MAÍ 1957

## *Bretar gera tilraunir með vetnissprengjur*



Á þessum degi árið 1957 framkvæmdu Bretar fyrstu tilraunir sínar með vetnissprengjur. Vetnissprengjur eru öflugustu kjarnorkusprengjurnar, mun öflugri en sprengjurnar sem Bandaríkjamenn vörpuðu á Hiroshima og Nagasaki. Þær nýta bæði orkuna sem losnar við klofnun og samruna frumeindakjarna en hefðbundnar kjarnorkusprengjur nýta einungis frumeindaklofnun.

Fyrstu kjarnorkutilraunir Breta fóru fram árið 1952 og stóðu tilraunir þeirra með mislöngu millibili allt fram til ársins 1991.

Kalda stríðið og vígbúnaðarkapphlaupið var í fullum gangi á þessum tíma. Bandaríkin höfðu sprengt sína fyrstu vetnissprengju fimm árum áður og Sovétríkin voru líka búin að þróa kjarnorkusprengju.

Þessar tilraunir Breta mættu mikilli andstöðu í heimalandinu og víðar. Almenningur óttaðist að eitthvað færi úrskeiðis við tilraunirnar og mögulegar afleiðingar þess að kjarnorkustyrjöld brytist út.

Aðeins sex árum síðar skrifuðu stórveldin þrjú, Bretland Bandaríkin og Sovétríkin, undir samkomulag um að takmarka tilraunirnar verulega. Alþjóðlegt bann við kjarnorkutilraunum var þó ekki samþykkt fyrr en fjörutíu árum síðar, árið 1996.

**BALTASAR SAMPER:** ÚTNEFNDUR HEIÐURSLISTAMAÐUR KÓPAVOGS

# Á bara eftir að batna með aldrinum



**HEIÐURSLISTAMAÐURINN** Sigurrós Þorgrímsdóttir og Gunnar I. Birgisson afhenda listamanninum Baltasar Samper heiðurslistaverðlaun Kópavogsbæjar. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISSÝ

Baltasar Samper var útnefndur heiðurslistamaður Kópavogs á föstudag. Það voru Sigurrós Þorgrímsdóttir, formaður lista- og menningaráðs Kópavogsbæjar, og Gunnar Birgisson bæjarstjóri sem afhentu honum viðurkenninguna. Auk Baltasars fengu fjórir listamenn styrk en það voru þau Guðrún Vera Hjartardóttir fyrir myndlist, Heiðar Sumarliðason fyrir kvikmyndagerð, Kjartan Einarsson fyrir ljósmyndun og Rúnar Þórisson fyrir tónlist. Framúrskarandi listnemar voru einnig útnefndir og hlutu þeir styrk frá bænum en það voru fiðluleikarinn Gróa Margrét Valdimarsdóttir og trompetleikarinn Jóhann Már Nardeau.

Baltasar var staddur á heimili sínu í veðurblíðunni á Þinghólsbraut þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Hann sagðist ekki hafa gert sér grein fyrir því hvaða þýðingu þessi verðlaun hefðu fyrir hann. „En mér finnst gaman að þessu, sérstaklega í ljósi þess að maður er útlendingur og það er alltaf gaman þegar það er tekið eftir því sem við erum að gera. Ber þess vott um að heimurinn hérna sé að batna,“ segir Baltasar, sem hefur verið búsettur í Kópavogi í rúm fjörutíu ár. Á þeim árum hefur Kópavogur mikið breyst, farið úr því sem margir kölluðu „úthverfi fyrir Reykjavík“ yfir í að verða sjálfstæður og glæsilegur bær. „Þegar ég fluttist hingað var meira að segja enginn kirkjugarður. En þetta hefur mikið breyst og staðurinn hefur fengið sína sál þótt auðvitað vanti alltaf eitthvað,“ segir listamaðurinn.

Og þrátt fyrir að listamaðurinn sé farinn að nálgast sjötugt segist hann hvergi nærri vera á leiðinni að leggja pensilinn á hilluna. „Ég ætla bara að reyna að stunda mína list. Það er nú líka oft þannig að listamenn verða bara betri með aldrinum.“

**freyrgigja@frettabladid.is**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Sigríður Sigurðardóttir**
Lindargötu 57, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 2. maí síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Brynja Breiðfjörð Herbertsdóttir**
**Þórunn Huld Nielsen**
**Kurt Sigurður Nielsen** **Fríða Hafberg Guðmundsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, dóttir, tengdadóttir, tengdamóðir og amma,*

**Guðrún Ásbjörnsdóttir,**
tónlistarkennari, Holtsbúð 4, Garðabæ,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 13. maí.

**Páll Hannesson**
**Björn Rúnar Lúðvíksson** **Rósa Karlsdóttir**
**Jóhann Rúnar Pálsson** **Huld Aðalbjarnardóttir**
**Ásbjörn Pálsson** **Ingibjörg S. Ármannsdóttir**
**Margrét Valgerður Pálsdóttir** **Þórarinn Hauksson**
**Guðrún Sigurðardóttir** **Ásbjörn Guðmundsson**
**Steinþóra Margrét Níelsdóttir**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Margrét Árnadóttir**

sem lést á Vífilsstöðum mánudaginn 7. maí, verður jarðsungin frá Fossvogskapellu miðvikudaginn 16. maí kl. 13.00.

**Nína Hrólfsdóttir** **Stígur Steingrímsson**
**Stefanía Hrólfsdóttir** **Ívar Gissurarson**
**Margrét Jeanette Cela**
**Hrólfur Karl Cela**
**Edda Ívarsdóttir.**



†

*Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma,*

**Auður Jónsdóttir**
Dalalandi 10,

verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 16. maí kl. 13. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Hlín Sveinbjörnsdóttir** **Hávar Sigurjónsson**
**Hrólfur Þeyr Þorrason**
**Auður Hávarsdóttir**
**Sveinbjörn Hávarsson**

Myllu Myllu Myllu Myllu Myllu Myllu Myllu Myllu Myllu Myllu Myllu Myllu Myllu Myllu Myllu Myllu Myllu Myllu Myllu Myllu Myllu Myllu

*Veldu speltkökurnar frá Myllunni*
*3 nýjar tegundir*

Nýtt!




# Myllu Speltkökur

## Kauptu bragðgóðar og nærandi Myllu-speltkökur

Speltkökurnar frá Myllunni eru bakaðar úr spelti sem margir velja fremur en annað korn til matargerðar vegna næringargildis síns og hollustu. Spelti er ævaforn, harðgerð og einstök korntegund, sem ræktuð hefur verið í þúsundir ára og er nú afar vinsæl um allan heim vegna jákvæðra eiginleika sinna fyrir líkamlegt atgerfi.

***Komdu við í næstu búð og veldu speltkökurnar frá Myllunni - fást með þremur bragðtegundum: gulrótum, eplum og múslí.***

Spelti er óhemju góð uppspretta ríbóflavíns (B2 vítamín), ríkt af þíamíni (B1) og níasíni (B3) auk þess að vera uppspretta ýmissa steinefna, s.s kopars, járns, mangans og zinks. Spelti inniheldur mikilvæg steinefni og hyaluronsýru, sem inniheldur m.a. hið fátíða snefilefni, kísil. Hyaluronsýra og kísill þess gegna mikilvægu hlutverki við að viðhalda eðlilegri vökvastarfsemi í augum og liðum líkamans. *Sjá nánar á www.myllan.is*



með gulrótum | með eplum | með múslí

Myllu Spelt KAKA

MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ

**Hafðu það reglulega gott. Kauptu Myllu-speltköku reglulega.**

www.isam.is ÍSAM Merki ÍSAM tryggir íslenskum heimilum hagkvæmar og góðar vörur. Myllan er eitt af gæðavörumerkjum ÍSAM.




## STUÐ MILLI STRÍÐA: Svona er bara lýðræðið

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** SKILUR EKKI KOSNINGAR

Alþingiskosningarnar eru nýafstaðnar. Allir enduðu auðvitað sem sigurvegarar nema Framsóknarflokkurinn.

Sem barðist reyndar í bökkum í sjónvarpsútsendingum við að reyna að draga úr falli sínu. Flokkurinn hefði nú sigrast á skoðanakönnunum. Sömu sögu má segja um Samfylkingu. Þrátt fyrir að hafa tapað tveimur þingmönnum og nánast staðið í stað hvað fylgið varðar þá stóðu flokksmenn upp fyrir formanninum og klöppuðu honum lof í lófa fyrir „kosninguna“. Meira að segja einhverjir forystuhollir flokksmenn reyndu að beita sömu smjörklípuaðferð og græni landsbyggðarflokkurinn og lýstu yfir kosningasigri. Jú, hinar og þessar skoðanakannanir hefðu sýnt flokkinn í sögulegu lágmarki en með markvissri herferð og áróðri hefði honum tekist að blása á allar spár, eins og einn þeirra komst að orði.

Og nú sitja flokksmenn og formenn á rökstólum. Velta því fyrir sér hvernig sé best að haga þessum atkvæðum sem þeir fengu frá þjóðinni. Sumir þingmenn eru með nokkur atkvæði á bak við sig á meðan aðrir þurftu að blóðmjólka allt og alla til að eygja einhverja von um þingsæti. Og skýringarnar sem eru gefnar hljóma alltaf jafn asnalega; svona er lýðræðið á Íslandi. Minnsti flokkurinn gerir sig breiðan fyrir þann stærsta þrátt fyrir að fólkið í landinu hafi gefið honum langt nef og hafnað honum. Meira að segja stjórnin heldur velli þrátt fyrir að hafa fengið færri atkvæði. Minnir á svolítið skemmtilegar kosningar í Bandaríkjunum fyrir nokkrum árum þegar stríðsóður Texasbúi komst í Hvíta húsið þrátt fyrir að hafa fengið færri atkvæði en keppinautur sinn.

En, svona er nú bara lýðræðið. Togað og teygt í þær áttir sem henta stjórnmálamönnunum. Og sauðsvartur almúgurinn fær ekki að segja til um hverjir eigi að stjórna landinu. Hann gaf sínar vísbendingar en stjórnmálamenn þurfa ekkert að taka mark á þeim af einfaldri ástæðu: svona er nú bara lýðræðið á Íslandi.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Kirkman/Scott





# ÍTALSKUR VIÐSKIPTADAGUR

**föstudaginn 18. maí kl. 10 - 11:45**
**Húsi verslunarinnar, 14. hæð, Kringlunni 7**

**DAGSKRÁ**

**Ávörp:**

Valgerður Sverrisdóttir, utanríkisráðherra
S. E. Rosa Anna Coniglio Papalia, sendiherra Ítalíu á Íslandi

**Framsögur:**

**Markaðsetning Íslands á Ítalu**
Guðrún Sigurðardóttir, Islandtours Lecco
**Maremma Toskana á Íslandi**
Roberto Santini, Grosseto Chamber of Commerce Export
**Ítalía- Ísland; viðskiptaumhverfi**
Eygló Ólafsdóttir, útflutningsstjóri, Saclà S.p.A.
**Framkvæmdir á Kárahnjúkum, áskoranir og úrlausnir**
Luciano Cicogna framkvæmdastjóri Impregilo á Íslandi

**Fundarstjóri**
Guðjón Rúnarsson, formaður Ítalsk-íslenska viðskiptaráðsins

Af þessu tilefni mun Gianni Ficulle kokkur frá Toskana framreiða sjö rétta hátíðarkvöldverð með sérvöldum vínum á La Primavera 17. maí. Nánari upplýsingar um kvöldverðinn fást hjá kristin@vi.is

Ítalski viðskiptadagurinn er í samstarfi við Ítalska daga Hagkaupa

ÍTALSK-ÍSLENSKA VIÐSKIPTARÁÐIÐ
Utanríkisráðuneytið


LÉTT BYLGJAN 967
- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!

# Sumarbúðirnar Ævintýraland

## Grunnskólanum á Hellu

# Lausum plássum fækkar óðum!



## Námskeið alla daga:

**Kvikmyndagerð • leiklist • listasmiðja • tónlist/dans**
**íþróttir • ævintýranámskeið •grímugerð**
**Öll námskeið innifalin í verði nema reiðnámskeið.**

Öll tímabilin:
**Ævintýrabarkinn (karaókíkeppni) • Diskótek**
**Hárgreiðslukeppni • Mörk óttans,** **æsispennandi ævintýraleikur**

Tímabil 7, 10- 12 ára:
**Kókósbollukappát • Þolfimi • Dagbókargerð**
**Skartgripagerð • Umhirða húðar • Tískusýning**

Tímabil 8, 12-14 ára
**Lengri kvölddagskrá • Kókósbollukappát • Þolfimi**
**Umhirða húðar • Tískusýning • Grillaðir sykurpúðar**
**Landsþekktur leynigestur • Forvarnaþema**

Hátíðardagskrá 17. júní!!!
**Kókósbollukappát • spákonutjald • sælgæti**
**bandfléttur í hár • tattú • blöðrublak**
**andlitsmálun • grillveisla og margt fleira.**

## Tímabilin:

1) 13/6-19/6, aldur 7 - 12 ára
2) 20/6-26/6, aldur 7 - 12 ára
3) 27/6-03/7, aldur 8 - 12 ára
4) 04/7-10/7, aldur 8 - 12 ára
5) 11/7-17/7, aldur 8 - 12 ára
6) 18/7-24/7, aldur 8 - 12 ára
7) 25/7-31/7, aldur 10 - 12 ára
8) 01/8-07/8, aldur 12 - 14 ára

*Aldursskipt í hópa á öllum tímabilum.*
Verð fyrir vikuna er 32.700 krónur
*Öll námskeið innifalin í verði nema reiðnámskeið.*

Reiðnámskeið: 8.000 krónur (7 klst.)
Á vegum Hestheima, reiðhöll, reiðtúr, viðurkenning og glaðningur.

Staðfestingargjald, 5000 krónur greiðist innan viku frá skráningu og er óafturkræft.

Systkinaafsláttur. Euro og Visa léttgreiðslur.

Sérrúta frá Reykjavík með starfsfólki sumarbúðanna.



Nánari upplýsingar á heimasíðunni:

# www.sumarbudir.is

Skráning í síma

# 551 9160

virka daga milli 10 og 20.





**LISTDANS** Helgi Tómasson er kominn heim með flokk dansara og fjóra frumsamda balletta í farteskinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# MAÐUR TEKUR ÞAÐ BESTA

**Það er bjart í Sogamýrinni þegar Helgi Tómasson kemur í hús í Borgarleikhúsinu. Enginn er í starfsmannaanddyrinu til að taka á móti honum og hópi dansara en Helgi þekkir hér til og vísar sínu fólki til búningsherbergja sem leikarar Leikfélags Reykjavíkur hafa rýmt fyrir gestahópinn frá San Francisco-ballettinum sem hér verður með fjórar sýningar, þá fyrstu annað kvöld.**

Það er skrýtin tilfinning að setjast niður með Helga. Fáir núlifandi menn eiga feril á borð við hans, sem hefur verið langur og gifturíkur. Í honum tengjast þræðir sem liggja langt og víða um lendur danslistarinnar í evrópskri menningu og síðar amerískri.

Frami hans verður helst borinn við frama Halldórs Laxness og Bjarkar, en er þó sýnu lengstur og samfelldur. Reyndar er dansinn það afskekktur í hugmyndum manna um listirnar að slíkur frami er fáum kunnur og því ekki á allra vitorði hvílíkt afrek Helgi hefur unnið á starfsævi sinni.

**Strákur úr Eyjum**

Helgi er fæddur í október 1942 og verður því sextíu og fimm ára í haust. Hann ber aldurinn vel, er snöggur í hreyfingum, lágvaxinn og grannur en ber enn þá glæsilegu byggingu sem skóp honum frægðarorð víða um heim meðan hann dansaði.

Og þegar sest er niður með honum og spurt um dansævina verður fljótt ljóst að við stöndum við gátt á danssögu síðustu aldar andspænis manni sem er enn að móta listræna stefnu langt inn í framtíðina.

Helgi er ekki maður sem hreykir sér. Hann er alúðlegur í fasi.

Við spyrjum fyrst um verkefnin sem verða á dagskránni þessa sýningardaga í Borgarleikhúsinu. Hann talar lýtalitla íslensku, málið er enn af djúpri rót: „Af hverju spyrðu mig um það? Það er alltaf jafn erfitt að tala um sín eigin verk, jafnvel á ensku, hvað þá á íslensku.“ Hann afþakkar að tala við mig á ensku, enda kemur í ljós í samtalinu að móðurmál hans er honum enn tamt, þó á stöku stað í samtalinu grípi hann til enskra frasa, einkum ef hann vitnar í ensk hugtök.

**Af sveitaballi**

„Þetta eru fjögur verk í svona nútímaklassískum ballettstíl sem ég hef samið síðustu árin. Það er enginn söguþráður í þeim, þetta er svona afstrakt. Það er músíkin sem hefur hreyft við mér.“ Helgi sækir tónlist í allar áttir og notar sem hvata fyrir danssmíðina: „Fyrsti ballettinn, Blue Rose, er samin við tónlist eftir rússneska konu sem er nútímatónskáld en þessi tónlist er gerólík flestu sem hún hefur samið. Hún býr í Ástralíu og það er nostalgía í þessari tónsmíð. Kannski var það eitthvað í sjálfum mér sem ég þekkti þarna. Hún minnti mig á svo margt þegar ég var ungur strákur. Það voru sveitaböllin. Þegar ég var ungur strákur og það voru sveitaböll og ég fór sem ungur strákur að horfa á. Þar kenndi mamma mér að dansa skottís og polka og svo fór maður að horfa á: kannski tvær dömur sem dönsuðu saman af því karlarnir voru tregir að stíga í sporið og þurftu að fá sér í staupinu, kannski of mikið stundum, til að treysta sér í dansinn. Það var þetta sem ég leitaði eftir. Það eru þannig atvik úr minni æsku sem leita inn í dansinn, rétt eins og músíkinni hennar sem ég finn þar. Á þessum böllum var alltaf ungur maður sem allar stelpurnar voru hrifnar af eða sæt stúlka sem dansaði vel og strákarnir voru að horfa á.“

**Að upplifa dans**

„En eins og ég hef oft sagt: fólk á bara að horfa á ballett á sama máta og þú hlustar á músík. Þú heyrir eitthvað og hugsar, ansi er þetta fallegt. Þú veist ekkert hver samdi eða hvað stóð á bak við það, en þú hugsar ansi er þetta fallegt – mér líkar það. Það er ekkert að skilja, ekki hvaða spor þetta eru. Þetta eru bara líkamshreyfingar og það er í rauninni stórkostlegt hvað líkaminn getur gert.

Annar ballettinn er samin við tónlist eftir Bach. Ég samdi verk fyrir tuttugu árum síðan, þegar ég var að byrja að semja ballett, við tónlist eftir hann. Það var ekkert sérstakt en góð reynsla fyrir mig. Þennan ballett samdi ég fyrir fjórum, fimm árum síðan og þá fannst mér ég vera orðinn tilbúinn að semja við tónlist eftir Bach. Ég er mikið fyrir hans tónlist. Hún er svo flókin.

Svo er ég með stuttan ballett fyrir fimm karlmenn. Þeir eru að spreyta sig og sýna á margan máta, hægan dans og hraðan dans og stökk. Að mörgu leyti er ég að sýna hvað karldansari getur gert. Ég er líka að reyna að sýna ljóðið í dansinum, karlmennskuna og blíðuna.“

**Of lítil svið**

Helgi gat ekki komið með allan dansflokk sinn hingað, flokkurinn telur nú sjötíu dansara og í haust verður fimm bætt við. San Francisco-ballettinn er því einn stærsti dansflokkur í heimi. Helgi var líka beðinn um að koma hingað með úrval af eigin dansverkum og vildi sýna fjölbreytileika í danssmíðum sínum. Hann segist gjarna hafa viljað koma hingað með stærra prógramm en ákveðið var að hafa bara eitt prógramm í boði. Gaman hefði verið að koma hingað með stóru ballettana hans en sviðið í Borgarleikhúsinu er of lítið: „Allt of lítið,“ segir hann.

**Heimsókn til Eyja**

Helgi kynntist listdansi í heimsókn Friðbjörns Björnssonar, sem var einn af aðaldönsurum Konunglega danska ballettsins. Friðbjörn var ættaður frá Vestmanneyjum og íslenskur að öðru foreldri. Hann fór ungur rétt eins og Helgi til náms erlendis í listdansi og var skipsfélagi Sif Þórz við nám í Höfn. Hún kom heim en Friðbjörn dansaði við Konunglega. Vorið 1947 kom hann hingað til lands með lítinn hóp dansara og hélt sýningar bæði í Iðnó og í Eyjum. Þar sá Helgi ballett í fyrsta sinn. Þegar móðir hans flutti til Reykjavíkur fór Helgi tíu ára gamall í Listdansskólann sem stofnaður var árinu áður í Þjóðleikhúsinu. Hann lenti undir handarjaðri Erics Bidsted og Lisu konu hans. Hann var ráðinn til þeirra fimmtán ára gamall til að dansa í Pantomime-leikhúsinu í Tivolí sem Bidsted stýrði yfir sumarmánuðina: „Eric var strangur og krafðist mikils. Hann var ekki gjöfull á hrós. Það var aldrei nógu gott sem maður gerði.“ Ég spyr hvort Eric hafi verið skólaður í Bournonville-hefðinni: „Nei, alls ekki,“ segir Helgi. „Hann og Lisa voru menntuð í Paris. Hann hafði byrjað hjá Svend Aage Larsen og Svend var svo strangur við hann að Lise sagði að Eric hefði mátt byrja alveg upp á nýtt þegar hann kom til Parísar.“

**My Fair Lady**

Bidsted og Larsen áttu síðar eftir að eiga samstarf hér á landi. Svend kom hingað margsinnis og setti upp stórsýningar í Þjóðleikhúsinu og var í raun helsti leikstjóri söngleikja hér á landi fram til 1962 þegar hann setti hér á svið My Fair Lady, sem hann sviðsetti víða á Norðurlöndunum á þessum árum.

Eftir að Bidsted sleppti hendinni af Helga og hann komst inn í skólann í Danmörku var helsti lærimeistari hans Bartholin, sem líka var menntaður í Paris: „Gamla danska Bournonville-hefðin í Danmörku hafði einangrast og staðnað. Það héldu margir í Ameríku að ég væri þjálfaður í henni en svo var ekki.“

> Fólk á bara að horfa á ballett á sama máta og þú hlustar á músík: þú heyrir eitthvað og hugsar ansi er þetta fallegt. Þú veist ekkert hver samdi eða hvað stóð á bak við það, en þú hugsar ansi er þetta fallegt – mér líkar það.

En hver voru tildrögin að því að Helgi komst vestur? „Ég dansaði í Tivoli á sumrin og kom heim á haustin í skólann. En þegar ég var búinn með gagnfræðaskólann ákvað ég að vera vetur í Höfn og stúdera. Og til að eiga fyrir húsaleigu réði ég mig sem dansara í My Fair Lady. Svo þegar komið var að frumsýningu þá veikist söngkonan og það er frestað um viku svo ég ákvað að fljúga heim og hitta mömmu, fram undan var löng útivist. Og þegar ég kem heim er Jerome Robbins hér með Ballett USA og síðustu sýningarnar á prógrammi sem hann fór með um alla Evrópu.“

**Vesturför**

Robbins hafði í þann tíma skapað sér mikla viðurkenningu sem dansahöfundur, einkum að söngleikjum, og ber þar hæst West Side Story. Hann hafði á sér misjafnt orð og sumir segja að hann hafi fengið peninga til að stofna þennan farandflokk að launum fyrir vitnisburð sinn gagnvart óamerísku nefndinni. Robbins var á þessum árum lykilmaður í danslífi New York: „Það var Lise, kona Bidsted, sem bað um að ég fengi að taka próf og ég fékk það. Ég var skítnervös og kom mér fyrir aftast, en þetta voru elskulegir dansarar og sögðu mér að stíga fram. Og eftir æfinguna spyr Lise hvort hann taki mig sem lærling. Það sagðist hann ekki geta, Ballet USA var ekki starfandi til frambúðar en hann sagðist myndu sjá hvað hann gæti gert og nokkrum vikum seinna fékk ég bréf til Hafnar þar sem mér var boðið skólavist við School of American Ballet sem Robbins starfaði við og Balanchine stýrði.“

**Hjá bestu mönnum í heimi**

Í New York var Helgi kominn í danssali hjá virtustu danshöfundum heimins í þann tíð: „ Það var gífurlegt stökk – og erfitt. það er erfitt að koma sér áfram.“ Í New York hitti Helgi fyrir danska dansarann Stanley Williams sem hafði verið í flokki Friðbjörns í Eyjum forðum og reyndist Williams honum góður kennari.

Tvítugur að aldri var Helgi ráðinn til Robert Joffrey-ballettsins og dansaði þar í tvö ár en réði sig þá til Harknessflokksins sem var farandflokkur sem fór um allan heim. Þar kynntist hann konu sinni: „ Það var dásamleg reynsla að ferðast um allan heim og sjá veröldina,“ segir hann en sex ár sagði hann upp. Hann hafði tekið þátt í Alþjóðlegu danskeppninni í Moskvu og keppt við Baryshnikov og mátt sætta sig við silfrið. Hann var því ekki vonlítill um vinnu en vissi hann hvert hann var að fara? „Nei, ég hef alltaf tekið áhættu. Eric Bruun sagði við mig: Vogun vinnur, vogun tapar. Ég hef alltaf tekið áhættu. Sérstaklega sem stjórnandi.“

**Flokkar í tveimur álfum**

Hann var líka ráðinn sem aðaldansari við New York City Ballet og var þar í fimmtán ár. En hann vissi að líf dansarans var að styttast og vildi snúa sér að öðru. Um tíma íhugaði hann tilboð Konunglega danska ballettsins að flytja til Hafnar og taka þar við stjórn, samningaviðræður voru komnar langt, hann var búinn að setja skilyrði og við flestum þeirra orðið þegar hann fékk tilboð um að skoða það verkefni að stýra einum virtasta dansflokki heims í San Francisco. Og það varð úr.

Helgi Tómasson hefur nú stýrt einum stærsta dansflokki heims í rúma tvo áratugi. Hann samræmir það í starfinu að semja dansa og halda utan um flokk sem á í harðri samkeppni. Hann hefur reynst farsæll stjórnandi og er ekki á þeim buxunum að leggja frá sér dansinn: „Þeir vilja hafa mig og segja að ég geti verið þar eins lengi og ég vil.“

**Stöðug þróun**

Ballettstjórn er kröfuhart starf og erfitt en langur ferill Helga hefur kennt honum þá list sem þarf til að ná árangri. Hann kallar listdansinn í þeirri mynd sem flokkurinn er rómaður fyrir nútímalegan ballett. Verkefnaskráin samanstendur af sígildum verkum sem eru löguð að nýjum kröfum: Ballettinn er alltaf að þróast,“ segir hann. „Kröfurnar aukast og þjálfunin breytist.“ Þó eru klassískir titlar á verkefnaskránni, Hnotubrjóturinn um hver jól, Giselle, Coppelía og Rómeó og Júlía. Sögur sem eru sveipaðar rómantískum ljóma, rétt eins og saga Helga sjálfs – sem er líkust þjóðsagnaminninu forna og strákinn sem fór út í heim og vann bæði konungsríkið og konungsdótturina – utan þess að hann vann sér tign og virðingu í ströngustu list allra lista – dansinum.

- pbb

# Húsgagna dagar

# 10-60%

afsláttur

## af öllum húsgögnum

sófasett, rúm, borðstofuhúsgögn,sjónvarpsskápar og speglar

Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri



Gildir til 23. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

# ÁST

SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Í samstarfi við Vesturport

19. maí kl. 20 Uppselt
20. maí kl. 20 Uppselt
25. maí kl. 20 Uppselt
26. maí kl. 20 Uppselt
31. maí kl. 20 Uppselt
1. júní kl. 20

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is



ÓPERUDEIGLA ÍSLENSKU ÓPERUNNAR
Kynnir þrjár nýjar íslenskar óperur
föstudaginn 18. maí kl. 16.30

**ÓPERUDEIGLA ÍSLENSKU ÓPERUNNAR - FÖS. 18. MAÍ KL.16.30**
Óperudeigla Íslensku óperunnar kynnir þrjár íslenskar óperur í vinnslu föstudaginn 18. maí kl. 16.30 í Íslensku óperunni.

Umræður að kynningum loknum - aðgangur ókeypis, allir velkomnir !
*Nánari upplýsingar á www.opera.is*

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400

ÍSLENSKA ÓPERAN
ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
GRETTIR

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Lau 26/5 AUKASÝNING Síðasta sýning

**LADDI 6-TUGUR**
Þri 29/5 kl. 20 UPPS.
Mið 30/5 kl. 20 UPPS.
Fös 1/6 kl. 20
Lau 2/6 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 22:30 UPPS.
Sun 3/6 kl. 14 UPPS.
Sun 3/6 kl. 20
Mán 4/6 kl. 20 UPPS.
Mið 20/6 kl. 20
Fim 21/6 kl. 20

**SÖNGLEIKURINN ÁST**
Í samstarfi við Vesturport
Lau 19/5 kl.20 UPPS. Sun 20/5 kl.20 UPPS.
Fös 25/5 kl. 20 UPPS. Lau 26/5 kl. 20 UPPS.
Fim 31/5 kl. 20 UPPS. Fös 1/6 kl. 20
Sun 3/6 kl. 20 Fim 7/6 kl. 20
Lau 9/6 kl. 20 Fös 15/6 kl. 20

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Einleikur Eddu Björgvins
Mið 16/5 kl. 20 Síðasta sýning
Styrktarsýning fyrir Eddu Heiðrúnu Backman

**BELGÍSKA KONGÓ**
Mið 30/5 kl. 20 Mið 6/6 kl. 20
Sun 10/6 kl. 20 Fim 14/6 kl. 20
Aðeins þessar 4 sýningar

**SPÍTALINN**
Eftir Jo Strömgren. Gestasýning frá Noregi.
Fös 18/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 20
Sun 20/5 kl. 20

**DAGUR VONAR**
Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20
Fim 24/5 kl. 20
Lau 2/6 kl. 20
Fös 8/6 kl. 20
Ekki er hleypt inní salinn eftir að sýning er hafin

**SÖNGLEIKURINN GRETTIR**
Fös 25/5 kl. 20
Fim 31/5 kl. 20
Sýningar hefjast að nýju í september

**SAN FRANCISCO BALLETTINN**
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS.
Fim 17/5 kl. 20 UPPS.
Fös 18/5 kl. 20 UPPS.
Lau 19/5 kl. 14 UPPS.
Lau 19/5 kl. 20 UPPS.
Sun 20/5 kl. 14 UPPS.
Sun 20/5 kl. 20 UPPS.

**LÍK Í ÓSKILUM**
Þri 5/6 kl. 20 FORS. Fim 7/6 kl. 20 FORS.
Fös 8/6 kl. 20 FORS. Lau 9/6 kl. 20 FORS.
Miðaverð 1.500

**DANSLEIKHÚSSAMKEPPNIN 25 TÍMAR**
Fim 7/6 FORS. Miðaverð 1.500
Fös 8/6 kl. 20

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ




**Stóra sviðið kl. 20:00**

**LEG** - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Lau. 19/5 **örfá sæti laus**, lau. 25/5 **örfá sæti laus. Síðustu sýningar í vor!**
**Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti. Námsmannafslættir!**

**CYMBELINE eftir Shakespeare - í flutningi breska leikhópsins Cheek By Jowl. Í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík.**
Í kvöld þri. **örfá sæti laus,** 15/5, mið. 16/5, fim. 17/5 **örfá sæti laus**, fös. 18/5 **nokkur sæti laus.**
**PARTÍLAND - eftir Jón Atla Jónasson**
**Leikfélagið Gilligogg í samstarfi við Þjóðleikhúsið og Listahátíð í Reykjavík.**
**Lau. 26/5.**

**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

**HÁLSFESTI HELENU eftir Carole Fréchette.**
Fös. 18/5 **nokkur sæti laus**, fös. 25/5. Sýningum fer fækkandi **Umræður eftir sýninguna 13/5 með Viðari Þorsteinssyni heimspekingi og 18/5 með Ingólfi Ibraheem Shaheen.**

**Kassinn**

**HJÓNABANDSGLÆPIR eftir Eric-Emmanuel Schmitt.**
Mið. 16/5, **uppselt** og fim. 17/5 **örfá sæti laus**, fös. 18/5 **uppselt,** lau. 19/5 **uppselt**, sun. 20/5 **örfá sæti laus**, fim. 24/5 **uppselt,** fös.1/6, sun. 3/6.

**Kúlan**

**SKOPPA OG SKRÍTLA, Leiksýning Hrefnu Hallgrímsdóttur og Lindu Ásgeirsdóttur**
Lau. 19/5 kl. 11:00 **nokkur sæti laus** og kl.12:15, sun. 20/5 kl. 11:00 **nokkur sæti laus** og 12:15. **Aðeins þessar sýningar!**

**Miðasala: sími: 551-1200, Tölvupóstur: midasala@leikhusid.is**
**Afgreiðsla miða verður út leikárið á Lindargötu 7 vegna framkvæmda.**
**Miðar afgreiddir í miðasölu aðalbyggingar kl. 19.00 - 20.00 fyrir sýningar á Stóra sviðinu!**
**Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is**
**Leikhúsbloggið er á www.leikhusid.blog.is Fylgist með!**


## NÝJAR BÆKUR




Mál og menning hefur gefið út bókina Hernaðurinn gegn landinu – ÞJÓRSÁRVER – hjarta landsins, eftir Guðmund Pál Ólafsson. Bókin fjallar um stríð sem staðið hefur í hálfa öld, að mestu fjarri kastljósi fjölmiðla. Baráttan hefur geisað um náttúruperluna Þjórsárver og þar hafa tekist á heimamenn og ráðamenn þjóðarinnar, náttúruunnendur og virkjanasinnar: andstæðar hugmyndir um náttúru Íslands og hlutverk mannsins í henni. Höfundur lýsir í greinargóðu máli og með hjálp ægifagurra mynda hvað í húfi er, og rakin er skipulega sagan um stöðuga ásælni orkuyfirvalda sem aldrei hafa gefið upp á bátinn að sökkva þessari hálendisvin til að framleiða rafmagn handa álbræðslum. Guðmundur Páll Ólafsson, rithöfundur, náttúrufræðingur og ljósmyndari, er fyrir löngu landskunnur fyrir einstæðar bækur sínar um náttúru Íslands, sem gert hafa mikið til að opna augu landsmanna fyrir þeim verðmætum og þeim arfi sem okkur er trúað fyrir að varðveita handa komandi kynslóðum.


xelenta

Stórar marmarastyttur fyrir útigarða

Úrval af kristalljósum með eðalkristal

Gjafavörur fyrir öll tækifæri

Skeifan 7 - Reykjavík
Sími: 553 2882

**ATVINNULEIKHÚS Í BORGARNESI**

**MR. SKALLAGRIMSSON** - höf. og leikari Benedikt Erlingsson
mi 16/5 aukasýning kl 16 laus sæti, kl 20 uppselt, fö 25/5 kl. 20 laus sæti, fö. 1/6 uppselt, lau. 2/6 uppselt, lau 9/6. kl. 15 uppselt, lau 9/6 kl. 20 Örfá sæti, fö 15/6 kl. 20, mi 20/6 kl 20, fö 29/6 kl. 20
**MÝRAMAÐURINN** - höf. og leikari Gísli Einarsson
Fö 18/5 örfá sæti, fi. 7/6, fö 8/6 örfá sæti, fi 14/6, - síðasta sýning
**SVONA ERU MENN** - höf. og flytjendur KK og Einar Kárason
su 20/5 kl. 20, lau 26/5, su 3/6 kl. 20, su 10/6 kl. 20, lau 16/6 kl. 20, fö 22/6 kl. 20, lau 23/6 kl. 20 síðasta sýning
**Leikhústilboð í mat:**
Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsinar www.landnamssetur.is

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS


# Heimurinn þarf

**Franski leikarinn Julien Cottereau er atvinnutrúður með dálæti á Íslandi. Hann leikur veigamikil hlutverk í myndinni Skrapp út, sem Sólveig Anspach leikstýrir, á milli þess sem hann þeytist um heiminn og kætir fólk.**

Þetta er í annað sinn sem Julien vinnur með Sólveigu en hann lék í mynd hennar „Hertu upp hugann“ fyrir nokkrum árum. „Við höfum þekkst í sjö ár og ég er afar þakklátur henni fyrir að bjóða mér þetta hlutverk, það er yndislegt að vinna með henni,“ segir Julien. Auk Diddu, sem lék eftirminnilega aðalhlutverkið í mynd Sólveigar, Stormy Weather, leika fleiri kunnugleg andlit í nýjustu mynd hennar, þar á meðal Ingvar E. Sigurðsson, Ólafía Hrönn Jónsdóttir og rithöfundurinn Hugleikur Dagsson. Myndin verður frumsýnd næsta sumar.

### Eldfjöllin innra

„Ég leik franskan stúdent sem er að vinna verkefni um íslenska ljóðlist. Hann ætlar að hitta skáldkonu, sem er persónan sem Didda leikur, því hennar skáldskapur er ekki bara á pappír heldur í hjartanu. Hann mun hitta einhvern sem lifir ástríðufullu og öðruvísi lífi. Hann er að uppgötva ýmislegt og þroskast þótt hann viti það ekki alveg sjálfur,“ segir hann og bætir við: „Þetta er gamanmynd en það býr meira undir niðri, það er gott jafnvægi í sögunni. Hún er bæði eins og íhugul leið til að lýsa heiminum og spennandi frásögn með þéttum takti. Fyrir mér er þessi mynd svolítið eins og Ísland, sumar persónurnar eru með eldfjöll innan í sér.“

Julien skellir upp úr þegar blaðamaður spyr hvort franski stúdentinn búi líka yfir innra eldfjalli. „Nei, hann er týpískur Frakki, þeir eru ekki með eldfjöll innan í sér,“ segir hann í gríni. „Frakkar eru bókaþjóð. Kannski ekki jafnmikil og Íslendingar en það er mikið af menntafólki í Frakklandi og mikið af draumóramönnum – eins og alls staðar. Persónan sem ég leik er virkilega djúpt sokkin í verkefnið sitt en hann mun ekki skilja hversu mikilvæg þessi ferð hans til Íslands er fyrr en hann hefur fengið smá fjarlægð,“ útskýrir hann.

### Á faraldsfæti

Julien var nýlega tilnefndur til frönsku Moliére-leiklistarverðlaunanna sem bjartasta vonin meðal karlleikara. Tilnefninguna hlaut hann fyrir trúðaeinleik sinn „Ímyndaðu þér“. „Minn bakgrunnur er í sirkusnum en ég starfaði fyrst með Cirque du Soleil og var aðaltrúðurinn í sýningunni Saltimbanco frá árinu 1994. Þegar við sýndum í París einu sinni höfðu framleiðendur samband við mig og báðu mig að gera mína eigin sýningu.“ Síðan þá hefur Julien verið á faraldsfæti en sýningin hefur slegið í gegn, gengið afbragðsvel í Frakklandi og á næstunni mun hann halda til Tahítí og Ástralíu með sýninguna. „Mér þætti afar gaman að geta sett upp sýninguna hér á landi. Ég hef alltaf verið hrifinn af Íslandi, þegar ég var unglingur las ég bók um Ísland og kynnti landið í skólanum. Ég veit ekki af hverju, það eru svo mörg lönd í heiminum en einhvern veginn dregst ég að Íslandi. Ef ég hefði tækifæri til þess að koma hingað oftar yrði ég mjög glaður.“

Fyrir nokkrum árum kom Julien í heimsókn hingað og hélt námskeið í trúðaleik en hann segist því miður hafa misst sambandið við þá vini og félaga sem hann kynntist þá. „Ég vildi gjarnan heyra frá þeim aftur,“ segir hann spenntur og bendir á að hægt sé að hafa samband við hann gegnum Zik Zak sem sem framleiðir myndina Skrapp út.

### Hugsjónatrúður

Trúðurinn hefur leitt Julien um allar jarðir en hann hefur til dæmis starfað með samtökunum „Trúðar án landamæra“ sem líkt og „Læknar án landamæra“ ferðast til stríðshrjáðra landa og annarra svæða þar sem íbúar búa oft við ótryggar aðstæður og fátækt. „Mig dreymdi alltaf um að gera eitthvað stærra og meira en að leika bara í Frakklandi, að ferðast til staða þar sem fólk hugsar öðruvísi. Eins og vinir mínir hér segja þá þekkjum við bara lúxusvandamál miðað við fólk sem virkilega þarf að berjast fyrir afkomu sinni, sérstaklega börnin.“ Julien hefur ásamt öðru listafólki ferðast til Súdan, Afganistan og flóttamannabúða í Palestínu til þess að skemmta fólki og segir þá reynslu sína hafa kennt sér mikið um það að vera trúður. Hann stefnir að því að fara í fleiri ferðir í framtíðinni. „Sum barnanna sem við hittum fæðast í flóttamannabúðum, þau þekkja ekkert annað – þau hafa aldrei séð sýningu eða komið saman til annars en að bíða eftir mat eða læknisaðstoð,“ útskýrir hann. Trúðurinn hans Julien er landamæralaus og tungumálið er engin hindrun því sýningin byggist á látbragði og hljóðum. „Það er yndislegt að setja upp sýningar þar sem allir koma saman. Börnin, fullorðnir og eldra fólkið hlær saman. Það er sjaldgæft fyrir þau en afar fallegt. Það eru ekki margir trúðar í heiminum en trúðurinn getur sameinað fólk með hlátrinum. Börn hlæja vegna orkunnar sem þau hafa og húmorsins fyrir hinu grófa eða því sem er „burlesque“, fullorðnir hlæja því þeir vita að þeir voru einu sinni börn.“

### Hláturinn lifi

„Það er frábært starf að vera trúður, í alvörunni,“ segir Juli-





eftir Dr. Gunna
FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!
20. maí kl. 14 örfá sæti laus
Síðasta sýning
Miðasala í síma 555 2222 eða á www.midi.is
www.abbababb.is
Leikhópurinn Á senunni & HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ

550 5600
Hringdu ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið

## NÝJAR BÆKUR

Mál og menning hefur gefið út bókina Hernaðurinn gegn landinu – ÞJÓRSÁRVER – hjarta landsins, eftir Guðmund Pál Ólafsson. Bókin fjallar um stríð sem staðið hefur í hálfa öld, að mestu fjarri kastljósi fjölmiðla. Baráttan hefur geisað um náttúruperluna Þjórsárver og þar hafa tekist á heimamenn og ráðamenn þjóðarinnar, náttúruunnendur og virkjanasinnar: andstæðar hugmyndir um náttúru Íslands og hlutverk mannsins í henni. Höfundur lýsir í greinargóðu máli og með hjálp




ægifagurra mynda hvað í húfi er, og rakin er skipulega sagan um stöðuga ásælni orkuyfirvalda sem aldrei hafa gefið upp á bátinn að sökkva þessari hálendisvin til að framleiða rafmagn handa álbræðslum. Guðmundur Páll Ólafsson, rithöfundur, náttúrufræðingur og ljósmyndari, er fyrir löngu landskunnur fyrir einstæðar bækur sínar um náttúru Íslands, sem gert hafa mikið til að opna augu landsmanna fyrir þeim verðmætum og þeim arfi sem okkur er trúað fyrir að varðveita handa komandi kynslóðum.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

10 11 12 **13** 14 15 16

**Sunnudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 16.00 Vortónleikar **Kórs Átthagafélags Strandamanna** verða haldnir maí í **Árbæjarkirkju**. Þar syngur kórinn undir stjórn **Krisztinu Szklenár** en meðleikari á píanó er **Judith Þorbergsson.**

☐ 16.00 Vortónleikar í **Grafarvogskirkju**. **Kór Grafarvogskirkju** undir stjórn **Hilmars Arnar Agnarsdóttur** og **Krakkakórinn** undir stjórn **Gróu Hreinsdóttur** koma fram. **Barna- og unglingakórinn** flytur söngleikinn **Sekkur jörðin** ásamt einsöngvurnum og röppurum og hljómsveit. Stjórnandi er **Svava Kristín Ingólfsdóttir**. Ókeypis aðgangur.

☐ 20.00 Kanadíski háskólakórinn **University of Alberta Concert Choir** heimsækir Ísland og heldur tónleika í **Skálholtskirkju**. Stjórnandi er **dr. Debra Cairns**.

### SÝNINGAR

☐ 13.00 **Handverkssýning** og **uppákomur** á **Vitatorgi**. Sýndir verða listmunir sem gestir hafa unnið í félagsmiðststöð Vitatorgs að undanförnu auk þess sem **Vitatorgskórinn** og **Vitatorgsbandið** troða upp og skemmta gestum. Félagsmiðstöðin er öllum opin óháð aldri.

☐ 13.00 Sýningin **MÍNÍ VOTT** stendur yfir í galleríinu **START ART** á **Laugavegi 12b**. Með sýningunni verður vígt nýtt sýningarrými á efri hæð gallerísins. Á sýningunni eru ný smáverk eftir **Önnu Eyjólfsdóttur**, **Ragnhildi Stefánsdóttur**, **Rúrí** og **Þórdísi Öldu Sigurðardóttur** og myndband eftir **Pál Steingrímsson** um systursýninguna **MEGA VOTT** sem sett var upp í Hafnarborg á síðasta ári.

☐ 10.00 Myndlistarsýning **Fjölmenntar** á Akureyri stendur yfir í **Amtsbókasafninu**. Sýningin verður opin á þjónustutíma safnsins til 30. júní.

### OPIÐ HÚS

☐ 14.00 **Gamli bærinn** í **Laufási** verður opinn í tilefni af **vinnuhjúaskildegi**. Í tilefni þessa merkisdags og sumaropnun Gamla bæjarins í Laufási munu **STOÐvinir** Minjasafnins flytja fróðleiksmola um vinnuhjúaskildaginn og kveðnar verða rímur í baðstofunni. Kaffi,kakó og lummur í **Gamla prestssetrinu**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.



# Flugminjasöfn skipulögð

Fyrir rúmu ári skipaði menntamálaráðherra nefnd til að kanna stöðu flugminjasafna á landinu. Nefndinni var falið að sinna eftirfarandi verkefnum sérstaklega:

Kanna hvaða heimildir eru til um íslenska flugsögu og hvaða skráning hefur farið fram á íslenskum flugminjum. Safna saman upplýsingum um þær flugminjar s.s. flugvélar, flök flugvéla, flugvallarbúnað, ljósmyndir, kvikmyndir og aðrar minjar sem nýtast myndu við stofnun safns af þessum toga. Hún skyldi kanna þau söfn sem nú þegar eru í rekstri: Flugminjasafn Íslands á Akureyri og Flugminjasafnið á Hnjóti og koma með tillögur um hvernig megi samræma þennan rekstur, hvaða rekstrarform myndi henta slíku flugminjasafni og hvaða aðilar gætu komið að rekstrinum. Hvaða kostir eru í staðsetningu, ekki síst með tilliti til þeirra safna sem þegar eru starfrækt. Nefndin hefur nú skilað áliti og er það að finna á vef ráðuneytisins. Nefndin telur mikilvægi flugminjasafns á Íslandi ljóst, sér í lagi þar sem flugsaga er stór þáttur í menningu landsins, en upphaf flugsamgangna markaði tímamót hér á landi hvað varðar samskipti við aðrar þjóðir. Nefndin leggur til að stofnað verði Flugminjasafn Íslands sem samnefnari sjálfstæðra flugsafna á Íslandi með sameiginlegri stofnskrá sem tryggi samstarf, yfirsýn og heildarstefnumótun. Flugsafnið á Akureyri er að mati nefndarinnar eina safnið sem uppfyllir sem stendur skilyrði sem aðildarsafn að Flugminjasafni Íslands. Önnur söfn gætu síðar einnig orðið aðilar, svo sem fyrirhuguð flugsöfn í Reykjavík og á Suðurnesjum. Vekur athygli að safnið á Hnjóti er ekki talið með í tillögum nefndarinnar og hljóta það að vera vonbrigði Vestfirðingum en safnið á Hnjóti hefur verið nokkurt aðdráttarafl ferðamönnum. Einnig verði formlegt samstarf við önnur söfn, fyrirtæki og félög sem sinna flugsögunni með einum eða öðrum hætti. Fyrirmynd að þessu er stofnun samtaka sjóminjasafna á Íslandi.

pbb@frettabladid.is

# Jaðarsportmyndir

Árleg kvikmyndasýning BANFF fer fram í Háskólabíói í dag og á morgun. Þar verða sýndar stuttmyndir af afrekum og ævintýrum einstaklinga sem stunda fjallamennsku, snjóbretti, klifur, kajakróður og fleiri jaðarsport. Myndirnar eru afar fjölbreyttar en eiga það sameiginlegt að fjalla um samspil manns og náttúru þar sem adrenalínflæðið er talsvert. Samtals er um að ræða fjóra tíma af ævintýraþrá, útivist og fjöri í ellefu myndum. Sýningarnar hefjast kl. 20 báða dagana.

Klúbburinn Ísalp stendur fyrir sýningunum en hann býður meðal annars upp á námskeið í allra handa fjallamennsku sem og ýmiss konar ævintýraferðir.



**ADRENALÍNIÐ FLÆÐIR** Ísklifur nýtur talsverða vinsælda hjá fólki í fjallamennsku. MYND/VALDIMAR ÖRN SVAVARSSON

Samfylkingin

# Við þökkum stuðninginn

**Samfylkingin þakkar kjósendum sínum stuðning í kosningunum.**

**Niðurstaðan er staðfesting þess að jafnaðarstefnan á sterkan hljómgrunn í íslensku samfélagi og fyrir hugsjónum hennar verður barist áfram með oddi og egg.**

**Við þökkum öflugum hópi sjálfboðaliða ötult og árangursríkt starf í kosningabaráttunni. Með samhentu átaki snerum við vörn í sókn sem gefur starfinu framundan byr undir báða vængi.**

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Nýtt lúxusspa á Selfossi vekur athygli



**LÚXUS ÚTI Á LANDI** Northern Lights Spa á Hótel Selfossi verður velkomin viðbót í heilsulindaflóruna, en hótelrekendur segjast hafa fundið fyrir mikilli eftirspurn eftir slíkri aðstöðu.

Ný lúxusheilsulind og snyrtistofa sem áformað er að opna á Hótel Selfossi í haust hefur þegar vakið athygli utan landsteinanna. „Við erum einmitt að svara fyrirspurn frá breska tímaritinu Spa Opportunities núna," sagði Ágústa Símonardóttir, einn hóteleigendanna. Hún sagðist ekki vita til þess að sambærilegt spa, eins og það heitir á fagmálinu, sé í boði á öðrum hótelum á landsbyggðinni. Enda var ráðist í framkvæmdina vegna mikillar eftirspurnar eftir auknum lúxus í hótelgistingu, frá ferðamönnum jafnt sem ráðstefnugestum. „Þetta á að vera fyrsta flokks, alveg á heimsklassa," sagði Ágústa, en heilsulindin mun bera nafnið Northern Lights Spa.

„Við fengum þýska framleiðandann Klafs, sem er mjög framarlega á þessu sviði í heiminum, í lið með okkur. Við kaupum af þeim sánaklefa og blautgufu og þeir sáu líka um hönnunarvinnuna," sagði Ágústa, en teikni- og hönnunarvinna hefur verið í gangi í hálft ár. „Svo ráðgerum við að opna í nóvember," bætti hún við.

Fyrir utan heita potta, blautgufu og sánaklefa mun snyrtistofan bjóða upp á hefðbundnar meðferðir. „Það verður andlitsbað, nudd, fótsnyrting og handsnyrting. Svo verðum við líka með ísskrúbb sem fólk getur notað til að kæla sig niður eftir gufuböðin," útskýrði Ágústa. Þjónustan verður öllum opin og segir Ágústa heilsulindina stíla jafnt inn á erlenda gesti og innfædda. - sun



**HÚN HLÓ** Katrín Jakobsdóttir skellir upp úr á fyrsta þingflokksfundi sínum á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



HÚN HLÓ



HÚN SKELLI, SKELLIHLÓ

# Kátt á hjalla hjá Katrínu Jakobs

Katrín Jakobsdóttir skemmti sér stórvel á fyrsta þingflokksfundi sínum á sunnudag ef marka má myndirnar sem ljósmyndari Fréttablaðsins smellti af henni. Aðspurð hver hefði verið svona fyndinn kvaðst Katrín ekki muna það fyrir víst. „Ég man nú ekki lengur hvað ég heiti þessa dagana, svo það er nú ekki alveg að marka það minnisleysi," sagði hún og hló við. „Það hlýtur að hafa verið Jón Bjarnason, hann er svo fyndinn. Ég hlæ afar mikið, stundum svo horfir til vandræða, og alltaf sérstaklega mikið með Jóni Bjarnasyni. Við sátum saman á þessum fundi," bætti hún við.

Það er sem sagt ekki þingmennskan sjálf sem er gleðiefnið? „Líf mitt hefur nú ekki breyst mikið hingað til," sagði Katrín og hló.

„Það var algjörlega eins og það var fyrir þremur dögum, en það var gaman að lifa þá og er enn," sagði hún. - sun



**AFRÍSK Í ANDA** Þau Tariq Khalfan, Mamis Dekon, Þorgerður Sigurðardóttir og Hrund Guðmundsdóttir voru á meðal gesta í Hafnarhúsinu. Afrískar mussur settu svip sinn á suma gesti sem klæddust í anda tónlistarinnar.



**ALLUR ALDUR** Ekki voru allir tónleikagestir háir í loftinu. Feðgarnir Ingólfur og Gylfi Garðarsson voru á meðal þeirra sem nutu tónlistarinnar.



**ÁNÆGJA MEÐ AFRÍSKA TÓNA** Ásta Hulda Ármannsdóttir og Gunnlaugur Geirsson létu sig ekki vanta á tónleika Konono N°1 og voru ánægð að sjá.

# Kongóstemning um kvöld

**Seiðandi heimsmúsík lagði Hafnarhúsið undir sig á föstudagskvöldið þegar Konono N°1 steig á stokk. Hljómsveitin var komin alla leið frá Kongó til að skemmta tónlistarþyrstum Íslendingum, og ekki annað að sjá en að ferðalagið hafi verið þess virði. Það var að minnsta kosti létt yfir tónleikagestum í Hafnarhúsinu eins og myndirnar bera vitni um.**



**KONGÓTAKTUR** Hljómsveitarmeðlimir Konono spila á hljóðfæri sem mörg hver koma Íslendingum spánskt fyrir sjónir. Takturinn virtist þó hitta beint í mark og hrífa áheyrendur með sér. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN



**GÓÐUR FÉLAGSSKAPUR** Feðginin Olga og Jakob Fenger nutu stemningarinnar í góðum félagsskap.



**REYKVÍSKUR DANS** Kolbrún Ragnheiður Kristjánsdóttir og Benedikt Ólafsson voru á meðal þeirra tónleikagesta sem áttu erfitt með að standa hreyfingarlaus og tóku nokkur dansspor. Ekki er þó gott að segja hvort dansinn var af afrískum uppruna.





**PARIS** Þessi klæðaburður heyrir nú sögunni til og í staðinn hefur fyrirsætan tekið upp „hefðbundnari“ klæðnað.

# Nunnan París Hilton

Paris Hilton virðist vera byrjuð á miklu ímyndarstríði og hefur tekið sjálfa sig í gegn en hún er sögð vonast til þess að bætt hegðun forði sér frá fangelsisvist. Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum þá var hún nýlega dæmd til 45 daga fangelsisvistar.

Samkvæmt breska blaðinu The Sun hefur hótelerfinginn sett alla efnislitlu kjólana sína inn í skáp og tekið upp ögn hefðbundnari klæðaburð. Þá ku áfengi vera á bannlista en lögfræðingar Paris hafa ráðlagt henni auðmjúka hegðun í staðinn fyrir þá ofdekruðu og snobbuðu sem áður var.

# Guðfaðirinn besta bannaða myndin

Óskarsverðlaunamyndin Guðfaðirinn hefur af lesendum kvikmyndatímaritsins Empire í Bretlandi verið valin besta myndin sem bönnuð var áhorfendum yngri en átján ára. Myndin, sem skartaði þeim Marlon Brando, Al Pacino og James Caan í aðalhlutverkum, skaut geimverutryllinum Alien, mafíósameistarastykkinu Goodfellas og hryllingsmyndinni The Texas Chainsaw Massacre ref fyrir rass í kosningunni.



**GUÐFAÐIRINN**

Guðfaðirinn segir frá uppgjöri mafíufjölskyldna í New York. Myndin var gerð árið 1972 og þykir ein áhrifamesta glæpamynd síðari tíma. Hún var tilnefnd til ellefu Óskarsverðlauna á sínum tíma og hlaut þrenn, þar af sem besta myndin.



**KIRSTEN DUNST** Dunst, sem leikur í Spider-Man 3, hefur hitt draumaprinsinn sinn.

# Örlögin réðu

Leikkonan Kirsten Dunst segir að örlögin hafi gripið í taumana þegar hún hitti kærasta sinn, Johnny Borrell, sem er forsprakki hljómsveitarinnar Razorlight.

„Ég trúi því að fólki sé ætlað að vera saman. Þú finnur það fólk sem tengist þér á einhvern hátt. Það eru örlög,“ sagði Dunst, sem hefur áður verið í samböndum með leikurunum Tobey Maguire og Jake Gyllenhaal. „Þegar ég var yngri vildi ég sumt sem ég gat ekki fengið eða einhvern sem kom illa fram við mig en ég held að allir gangi í gegnum slíkt. Það er miklu auðveldara að vera með manneskju sem er ekki með stæla. Annars verður dramatíkin of mikil. Auðveldustu samböndin eru oftast best fyrir mann.“

# Lindsay Lohan komin með nýjan

Hollywood-leikkonan Lindsay Lohan er komin með enn einn kærastann upp á arminn. Sá er breski glaumgosinn Calum Best, sonur knattspyrnuhetjunnar George Best. Calum hefur sagt vinum sínum að mikil alvara sé í sambandi þeirra. Það er eitthvað nýtt fyrir hann því hingað til hefur Calum verið orðaður við ótal konur.

Calum og Lindsay kynntust aðeins nokkrum dögum eftir að breska blaðið News of the World birti myndir af henni að taka kókaín. Lindsay bauð honum í kjölfarið á frumsýningu nýjustu myndar sinnar, Georgia Rule, í Bandaríkjunum. Því næst skelltu skötuhjúin sér í rómantískt frí á Bahamaeyjum. Þar náðu ljósmyndarar myndum af þeim í innilegum faðmlögum á ströndinni.



**ÁSTFANGIN** Lindsay Lohan er sögð yfir sig ástfangin. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

„Þau virðast vera yfir sig ástfangin,“ sagði einn sóldýrkandinn á Bahamaeyjum við The Sun. Það þykir líka vísbending um alvarleika sambandsins að Lindsay hefur kynnt Calum fyrir mömmu sinni.

Síðustu árin hefur Calum átt vingott við ótal konur í Bretlandi. Ef marka má nýlegt viðtal gæti hann þó verið tilbúinn að láta af þeim lífsstíl. „Ég er kominn með nóg af skyndikynnum og tilgangslausum samböndum. Nú langar mig að finna mér fullkomna eiginkonu,“ sagði hann. Hvort sú kona er Lindsay verður að koma í ljós.



**HEPPINN** Víst er að margir karlmenn myndu vilja vera í sporum Calums Best. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES







SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| IT´S A BOY GIRL THING | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| SPIDERMAN 3 | kl. 5 - 8 - 11 | B.I. 10 ÁRA |
| SPIDERMAN 3 SÝND Í LÚXUS | kl. 5 - 8 - 10.50 | |
| NEXT | kl. 5.45 | B.I. 14 ÁRA |
| PATHFINDER | kl. 8 - 10.15 | B.I. 16 ÁRA |
| HILLS HAVE EYES 2 | kl. 10.30 | B.I. 18 ÁRA |
| PERFECT STRANGER | kl. 5.30 - 8 | B.I. 16 ÁRA |
| TMNT | kl. 3.40 | B.I. 7 ÁRA |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL | kl. 3.45 | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| IT´S A BOY GIRL THING | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | |
| SPIDERMAN 3 | kl. 5.30 - 8.30 - 10.20 | B.I. 10 ÁRA |
| PATHFINDER | kl. 8 | B.I. 16 ÁRA |
| INLAND EMPIRE | kl. 5.45 - 9 | B.I. 16 ÁRA |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL | kl. 6 | |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| IT´S A BOY GIRL THING | kl. 8 - 10 | |
| SPIDERMAN 3 | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | B.I. 10 ÁRA |
| NEXT | kl. 6 | B.I. 14 ÁRA |

MIÐASALA Á midi.is

midi.is BÍÓ.IS – allt á einum stað







HÁSKÓLABÍÓ

| | | |
|---|---|---|
| THE CONDEMNED | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | B.I. 16 ÁRA |
| THE LIVES OF OTHERS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | B.I. 16 ÁRA |
| NEXT | kl. 10.30 | B.I. 14 ÁRA |
| MÝRIN 2 FYRIR 1 | kl. 5.40 | B.I. 12 ÁRA |
| KÖLD SLÓÐ 2 FYRIR 1 | kl. 5.50 | B.I. 12 ÁRA |
| HOT FUZZ | kl. 10.10 | B.I. 16 ÁRA |

HAGATORG www.haskolabio.is SÍMI 530 1919


# Kærkominn sigur Serba

**Marija Šerifovic er orðin stórstjarna eftir sigurinn í Eurovision-söngvakeppninni í Helsinki um síðustu helgi. Sigurinn er jafnframt kærkominn fyrir Serbíu, sem hefur átt erfitt uppdráttar undanfarin ár.**



**MARIJA ŠERIFOVIC** Sigurvegarinn í Eurovision söng lagið Molitva af mikilli innlifun. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Sigurlagið í Eurovision, balladan Molitva eða Bænin, fjallar um ástina, þar sem trúarlegar tilvísanir eru áberandi. „Ég get ekki logið að Guði þegar ég krýp og bið bænirnar. Þú ert ástin í lífi mínu,“ söng hin serbneska Marija Šerifovic á meðan fimm bakraddasöngkonur stóðu þétt fyrir aftan hana og sýndu erótíska tilburði með lesbísku ívafi.

### Þekkt í heimalandinu

Marija Šerifovic fæddist 14. nóvember 1984 í bænum Kragujevac í Serbíu. Fyrsta plata hennar, Naj, najbolja, var gefin út árið 2003 og fékk hún mjög góðar viðtökur í heimalandinu. Sló lagið Znaj da znam í gegn og vakti mikla athygli á henni. Önnur plata Šerifovic, Bez ljubavi, var gefin út á síðasta ári en fékk ekki jafngóðar viðtökur.

### Stolið lag?

Sigurlaginu Molitva hefur verið líkt við gamalt albanskt lag, sem vann söngvakeppnina Top Fest. Auk þess hafa verið uppi kenningar um að það hafi einungis unnið af því að nágrannar Serbíu í Austur-Evrópu hafi allir gefið laginu tólf stig, meira að segja fyrrum óvinir Serbíu í Balkanstríðinu, Króatía og Bosnía.

Šerifovic hefur ekki látið þetta á sig fá og sagði eftir sigurinn að góðar lagasmíðar hefðu borið sigurorð af sýndarmennskunni. „Mér finnst gaman að hlusta á tónlist, ekki horfa á hana,“ sagði hún. „Ég vona að þetta verði söngvakeppni á nýjan leik í Belgrad á næsta ári.“

### Stjarnan hyllt

Móttökurnar sem Šerifovic fékk þegar hún kom heim til Serbíu eftir að sigurinn var í höfn voru stórfenglegar. Þrjátíu þúsund manns mættu í miðborgina til að hylla stjörnuna. „Ég vann fyrir Serbíu, ég vann fyrir ykkur öll,“ sagði Šerifovic. Söng hún sigurlagið af svölum borgarstjóraskrifstofunnar í Belgrad á meðan áhorfendur kölluðu „Serbía, Serbía!“ og veifuðu fánum af miklu kappi.

### Ekkert stríðslag

Sigurinn hefur verið kærkominn fyrir serbnesku þjóðina, sem hefur átt erfitt uppdráttar undanfarin ár. Var þetta í fyrsta skipti sem þjóðin tók þátt í Eurovision-keppninni sem sjálfstæð þjóð því undanfarin ár hefur hún verið hluti af Serbíu-Svartfjallalandi og þar áður hluti af Júgóslavíu. „Ég er virkilega ánægður með að þetta sé ekki einhvers konar stríðslag,“ sagði Aleksandar Tijanic, yfirmaður hjá serbneska ríkissjónvarpinu. „Með því að halda hátíðina á næsta ári í Belgrad verðum loksins orðin eðlileg á nýjan leik.“ freyr@frettabladid.is

# Íslendingar spila í Brighton

Hljómsveitirnar Benni Hemm Hemm, Stórsveit Nix Noltes og Seabear koma fram á Iceland Airwaves-kvöldi á Great Escape-hátíðinni í Brighton á Englandi um næstu helgi.

Hátíðin hefur verið leiðandi í kynningu nýrrar og spennandi tónlistar og þykir gefa góða vísbendingu um hvað verður helst á baugi í heimi rokksins á komandi misserum. Jakobínarína, Hafdís Huld og Lay Low koma einnig fram á hátíðinni, þó ekki á Airwaves-kvöldinu. Á meðal fleiri hljómsveita sem stíga á stokk verða CSS, Magic Numbers, Nouvelle Vague, The Rakes og Hot Club de Paris.



**STÓRSVEIT NIX NOLTES** Stórsveit Nix Noltes spilar á Great Escape-hátíðinni í Brighton.

Airwaves-kvöldið á Great Escape er haldið í samvinnu við nýstofnaða Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar, með dyggum stuðningi Icelandair. Hljómsveitirnar sem koma fram á kvöldinu voru valdar í samvinnu við útsendara Great Escape.




| SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| THE REAPING | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i.16 | BREACH | kl. 8 | B.i.12 |
| SPIDER MAN 3 | kl. 3:30 - 6 - 9 - 10:30 | B.i.10 | MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 4 | Leyfð |
| SPIDER MAN 3 VIP | kl. 6 - 9 | | ROBINSON FJ... M/- ÍSL TAL | kl. 4 | Leyfð |
| BLADES OF GLORY | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i.12 | WILD HOGS | kl. 8 | b.i 7 |
| SHOOTER | kl. 10:30 | B.i.16 | BECAUSE I SAID SO | kl. 6 | Leyfð |

| SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI | | | |
|---|---|---|---|
| GOAL 2 | kl. 5:50 - 8:10 - 10:30 | B.i.7 | |
| THE REAPING | kl. 8:10 - 10:20 | B.i.16 | |
| BLADES OF GLORY | kl. 6 - 8:10 | B.i.12 | |
| 300. | kl. 10:20 | B.i.16 | DIGITAL-3D |
| | | | DIGITAL |

| SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| SPIDERMAN 3 | kl. 8 - 10 | B.i. 10 |
| NEXT | kl. 8 | Leyfð |

| SAMBÍÓIN / AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| GOAL 2 | kl 8 -10 | B.i. 7 |
| BLADES OF GLORY | kl 8 - 10 | B.i.12 |

www.SAMbio.is

www.SAMbio.is 575 8900 www.SAMbio.is




# Fítonskraftur Konono

**TÓNLEIKAR**
Konono N°1
Hafnarhúsið 11. maí 2007
★★★★
Stórskemmtileg upplifun þar sem gleðin og stuðið spilaði stóra rullu og ekki var tónlistin sjálf til að spilla fyrir.

Tónleikar Kongósveitarinnar Konono no. 1 voru með þeim sérstæðustu og skemmtilegustu sem farið hafa fram hérlendis í dágóðan tíma. Þurfti sú staðreynd reyndar ekki að koma mörgum á óvart enda tónlist Konono frábrugðin flest öllu öðru sem heyrist í tónlist í heiminum í dag. Því fékk fólk að kynnast strax í fyrsta laginu sem dundi á áhorfendum Listasafnsins í hátt í þrjá stundarfjórðunga. Í fyrstu fór reyndar hljómurinn í salnum illa í mig, fannst þetta einum af mikið glamm. Þessi pirringur stóð ekki yfir lengi og auðvitað áttaði ég mig á því að fáir tónleikastaðir á landinu hefðu náð að beisla eins vel þann hráleika sem einkennir þessa mögnuðu sveit. Í upphafi virtust reyndar sjálfir meðlimir sveitarinnar hálf skeptískir uppi á sviðinu en eins og með hljóminn í huga mínum þá fylltust þeir fljótt sjálfstrausti. Þeir brostu, dönsuðu, hlógu og höfðu sig alla við til þess að skapa magnaða stemningu ekki síður en tónlistarflutning.

Ljót staðreynd var hins vegar að sjá að eftir því sem leið á tónleikana fækkaði nokkuð í salnum og virðist sem „fína fólkið“ hafi ekki alveg verið að melta þessa tónlist nógu vel og frekar þráð að komast í öryggi einhvers heldri barsins með aðeins meira framandi drykki en voru á boðstólnum í Listasafninu. Mikil synd, því tónlist Konono er vissulega allra, þrátt fyrir að virka oft á tímum endurtekningasöm og fábreytileg, með gamla kalla uppi á sviðinu sem plokkuðu raf-likembé líkt og þeir væru að spila á Game Boy tölvuspil. En fítonskrafturinn í þessari hljómsveit! Þarna voru eingöngu notuð þrjú likembé, lítil sneriltromma, tvær bongótrommur, smá skvetta af kúabjöllum og síðan gleðin ein. Úr varð fyrirtaks skemmtun sem reis og reis allan tímann og endaði í æðisgengu uppklappslagi þar sem allt ætlaði um koll að keyra. Tónleikar sem renna væntanlega þeim sem fylgdust með frá upphafi til enda seint úr minni.

**Steinþór Helgi Arnsteinsson**

vilborga@centrum.is


VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



Ísskápur á mynd GCG21SISFSS

30% AFSLÁTTUR

# Alvöru amerískir!

**GE kæliskáparnir eru öflugir, endingargóðir og glæsilega innréttaðir**

General Electric
ELECTRIC

**GCE23YTFSS**
Stærð: h 176x b 90,9 x d 60,7 sm
400 ltr. kælir og 188 ltr. frystir
Með ryðfríum stálhurðum
**Verð áður kr. 285.100 stgr.**

**Verð nú kr. 199.570 stgr.**

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík Sími 588 0200 | www.eirvik.is



Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



2 fyrir 1 í bíó



Námufélagar fá tvo miða á verði eins í Smárabíó, Regnboganum, Borgarbíó Akureyri og Laugarásbíó mánudaga til fimmtudaga gegn framvísun Námukortsins.

Tilboðið gildir ekki í lúxussal né á íslenskar myndir.

Landsbankinn

## > Bjarni semur við St. Raphael

Handknattleikskappinn Bjarni Fritzson er búinn að skrifa undir tveggja ára samning við franska félagið St. Raphael sem Akureyringurinn Jónatan Magnússon lék með síðasta vetur. St. Raphael pakkaði saman næstefstu deild í Frakklandi og var komið upp þegar fimm umferðir voru eftir af deildinni. Liðið ætlar sér stóra hluti næsta vetur að sögn Bjarna og er búið að styrkja sig um fjóra leikmenn. Að baki liðinu standa sterkir bakhjarlar og Bjarni segir að það sé spennandi verkefni að fara til liðsins. Hann hafnaði meðal annars tilboðum frá Spáni og Frakklandi.



**sport**

sport@frettabladid.is

**GUNNAR HEIÐAR ÞORVALDSSON:** VERÐUR SENNILEGAST ÁFRAM HJÁ HANNOVER 96 Í ÞÝSKALANDI

# *Í meðferð hjá færasta íþróttalækni Evrópu*

Meiðslasaga Gunnars Heiðars Þorvaldssonar þetta tímabil hefur verið löng. Hann hefur aldrei komist almennilega í gang hjá þýska úrvalsdeildarliðinu Hannover 96 sem hann gekk til liðs við síðastliðið sumar. Hann hefur verið að glíma við nárameiðsli en lengi vel tókst ekki að greina almennilega hvað nákvæmlega væri að. En nú horfir til betri vegar.

„Ég er nú á leið til München í þriðja skiptið á skömmum tíma," sagði hann í samtali við Fréttablaðið. Þar hefur hann verið í meðferð vegna meiðslanna hjá einhverjum færasta íþróttalækni Evrópu, að sögn Gunnars Heiðars. „Hann sér um leikmenn Bayern München og þýska landsliðsins og er mjög þekktur í þessum geira."

Gunnar Heiðar kom hingað til lands fyrir nokkrum vikum til að fá meðferð hér við meiðslum sínum. „Ég kom miklu betri til baka og þá ætluðu læknar Hannover að reyna að gera eitthvað sjálfir. Ég tók fyrir það og þá sendu þeir mig til München. Og ég held að hann hafi fundið hvað hafi verið að mér," sagði hann.

Síðan þá hefur hann farið tvívegis í sprautumeðferð hjá lækninum og lokaheimsóknin er í dag.

„Ég verð vonandi orðinn nokkuð góður eftir nokkra daga. Það er bara einn leikur eftir af deildinni og veit ég ekki hvort ég fái tækifæri þá."



Tveir landsleikir eru fram undan í næsta mánuði og hefur Gunnar Heiðar áður sagt að hann stefni á að taka þátt í þeim. „Ég veit ekki hvort ég verð valinn upp úr þessu. Ég myndi ekki gera það sjálfur. Ég er að stíga upp úr meiðslum og þetta tekur sinn tíma að jafna sig endanlega."

Hann segir þá líklegt að hann verði áfram hjá Hannover. „Mér sýnist á öllu að þeir vilji halda mér. Ég vil líka sýna og sanna að ég á fullt erindi í þetta lið og þessa deild. En það er aldrei að vita hvað gerist á næstu vikum."

Hannover mætir Nürnberg í lokaumferð deildarinnar á laugardag.

**KR 1-2 Keflavík**

KR-völlur, áhorf.: 1321 — Egill Már Markússon (7)

*0-1 Guðmundur Steinarsson, víti(40.)*
*0-2 Símun Samuelsen (62.)*
*1-2 Björgólfur Takefusa (82.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 11–6 (5–2) |
| Varin skot | Kristján 0 – Ómar 4 |
| Horn | 6–5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 12–16 |
| Rangstöður | 3–3 |

| **KR** 4–3–3 | | **KEFLAV.** 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Kristján Finnbogas. | 6 | Ómar Jóhannsson | 7 |
| Skúli Jón Friðgeirss. | 6 | Branislav Milicevic | 6 |
| **Gunnlaugur J.** | **7** | Nicolai Jörgensen | 7 |
| Pétur Marteinsson | 6 | Hallgrímur Jónasson | 7 |
| Ágúst Gylfason | 6 | Guðjón Árni | 6 |
| Kristinn Magnússon | 4 | Marko Kotilainen | 6 |
| (45. Guðm. Reynir | 4) | Jónas Guðni Sævarss. | 5 |
| Bjarnólfur Lárusson | 5 | Baldur Sigurðsson | 6 |
| (76. Henning J. | -) | Guðmundur Steinarss. | 5 |
| Atli Jóhannsson | 6 | Símun Samuelsen | 6 |
| Grétar Hjartarson | 7 | (88. Ingvi Guðmunds. | -) |
| Sigmundur Kristjáns. | 5 | Magnús Þorsteinsson | 3 |
| (75. Óskar Örn | -) | (45. Einar Örn E. | 3) |
| ***Björgólfur Takef.** | **7** | | |

*Maður leiksins

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FH** | **1** | **1** | **0** | **0** | **3-2** | **3** |
| KEFLAVÍK | 1 | 1 | 0 | 0 | 2-1 | 3 |
| **FYLKIR** | **1** | **1** | **0** | **0** | **1-0** | **3** |
| FRAM | 1 | 0 | 1 | 0 | 1-1 | 1 |
| **VALUR** | **1** | **0** | **1** | **0** | **1-1** | **1** |
| HK | 1 | 0 | 1 | 0 | 0-0 | 1 |
| **VÍKINGUR** | **1** | **0** | **1** | **0** | **0-0** | **1** |
| KR | 1 | 0 | 0 | 1 | 1-2 | 0 |
| **ÍA** | **1** | **0** | **0** | **1** | **2-3** | **0** |
| BREIÐABLIK | 1 | 0 | 0 | 1 | 0-1 | 0 |

# Keflavík skellti KR í Vesturbænum

**Keflavík byrjar sumarið með látum en þeir fóru með þrjú stig heim úr Vesturbænum í gær. Keflavík spilaði skynsaman bolta, nýtti sín færi á meðan KR spilaði slakan sóknarleik og gaf Keflavík eitt mark með kærulausum varnarleik.**

**FÓTBOLTI** KR-ingar voru mun sterkari framan af og líklegri til að taka forystuna. Þau fáu færi sem heimamenn sköpuðu sér fóru þeir ákaflega illa með.

Annars var spilamennska liðsins í fyrri hálfleik ekki merkileg. Hún gekk meira og minna út á langar sendingar fram völlinn þar sem Björgólfur Takefusa fór í kapphlaup við varnarmenn Keflavíkur. Það kann ekki góðri lukku að stýra enda Björgólfur leikmaður sem kýs að fá boltann í fæturna.

Það var eingöngu Grétar Hjartarson sem bjó eitthvað til hjá KR og Vesturbæingar hefðu að ósekju mátt koma boltanum oftar í fæturna á honum. Það var hann sem lagði upp þau fáu færi sem KR fékk í hálfleiknum. Ekkert spil var upp kantana og þar með voru Atli og Sigmundur ekki með í leiknum.

Keflvíkingar lágu mjög aftarlega og sköpuðu sér engin færi í hálfleiknum. Þeim gekk illa að halda bolta og voru fáir í framlínunni þegar sendingar komu af köntunum.

Það var því talsvert gegn gangi leiksins þegar Keflvíkingar tóku forystuna á 40. mínútu. Guðmundur Steinarsson skoraði örugglega úr vítaspyrnu sem dæmd var á Pétur Marteinsson fyrir brot á Magnúsi Þorsteinssyni.



**BARÁTTULEIKUR Í VESTURBÆNUM** Sigmundur Kristjánsson, leikmaður KR, rennir sér hér á eftir boltanum í leik KR og Keflavíkur í gærkvöldi. Suðurnesjamennirnir fóru með öll stigin úr Vesturbænum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Síðari hálfleikur fór rólega af stað og það hafði lítið sem ekkert gerst þegar Samuelsen kom Keflavík í 2-0. Hann afgreiddi þá sendingu Kotalainen auðveldlega í markið enda var hann á auðum sjó í teignum. Hrikalegur varnarleikur hjá KR en varnarmenn þeirra voru úti á túni.

Markið sló KR nokkuð út af laginu og heimamenn virtust ekki eiga nein svör og héldu áfram að hjakka í sama farinu. Sóknir þeirra voru hugmyndasnauðar og varnarmenn Keflavíkur voru í litlum vandræðum með að stöðva þær.

Það var fátt sem benti til þess að KR kæmist inn í leikinn þegar Björgólfur kom liðinu loksins á blað skömmu fyrir leikslok. Fyrir vikið kom meiri kraftur í leik heimamanna. Þeir héldu áfram að kýla boltanum fram völlinn og fjölguðu í sókninni en tilviljanakenndur sóknarleikurinn skilaði þeim ekki öðru marki.

Björgólfur var þeirra bestur í gær. Var sífellt á hreyfingu og ógnaði þegar boltanum var spilað í lappirnar á honum. Grétar var góður framan af en hvarf á löngum köflum í síðari hálfleik. Leikur KR olli vonbrigðum og þá sérstaklega sóknarleikurinn, sem hefur ekki batnað mikið frá því í fyrra ef mið er tekið af þessum leik.

Keflvíkingar spiluðu skynsaman bolta í gær og vörðust vel þar sem Hallgrímur og Jörgensen voru öflugir aftast og Ómar öruggur þar fyrir aftan. Þeir nýttu síðan nánast sitt eina færi í leiknum. Hefðu eflaust verið sáttir við eitt stig en fengu þrjú, sem þeir eru án vafa himinlifandi með.

henry@frettabladid.is


**Réttu tækin í þrifin**

Háþrýstingur á bílinn, stéttina og húsið



Bjarnþór Þorláksson
bílstjóri RV

Vortilboð 2007
Nilfisk-ALTO háþrýstidælur

51.888 kr.



Nilfisk-ALTO P160 1-15 B X-tra
Dæluþrýstingur: 160 bör.
Vatnsmagn: 650 l/klst.

12.888 kr.



Nilfisk-ALTO C120 2-6
Dæluþrýstingur: 120 bör.
Vatnsmagn: 520 l/klst.

Tilboðið gildir út maí 2007 eða meðan birgðir endast.

Rekstrarvörur - vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

25 ára Rekstrarvörur 1982–2007

TUNGLIÐ RV6234C


Magnús Gunnarsson hafnaði tilboði frá Snæfelli:

# Verð áfram í Keflavík

**KÖRFUBOLTI** Magnús Þór Gunnarsson hefur samið við Keflavík til eins árs en hann skoðaði það einnig vandlega að ganga til liðs við Snæfell.

„Ætli Keflavíkurhjartað hafi ekki slegið hraðar en Snæfellshjartað að þessu sinni," sagði Magnús við Fréttablaðið. Hann ákvað sig um helgina eftir vandlega íhugun. „Það hefði ekki verið minni áskorun að fara í Snæfell. Þar eru góðir leikmenn og góður þjálfari."

Magnús hefur allan sinn feril leikið með Keflavík og samdi nú til eins árs eins og áður segir. „Nú á að vinna allt sem er í boði. Við höfum verið það lélegir síðustu tvö árin að nú er komið að því að sýna okkar rétta andlit." - esá



**MAGNÚS ÞÓR** Verður áfram í Keflavík. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Framtíð Gylfa Einarssonar er í lausu lofti hjá Leeds:

# Gylfi er ekki á heimleið

**FÓTBOLTI** Gylfi Einarsson sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að það kæmi ekki til greina að hann spilaði á Íslandi í sumar. Gylfi staðfesti að nokkur félög á Íslandi hefðu spurst fyrir um hvort hann hefði áhuga á því að koma aftur heim.

Gylfi sagði jafnframt að hann vissi enn ekkert um framtíð sína hjá Leeds United, sem fór á dögunum í greiðslustöðvun en þetta fornfræga félag er nú fallið niður í 3. efstu deild á Englandi.

„Ég vil bara fá að spila. Ef ég fæ þá ósk ekki uppfyllta hér fer ég eflaust á láni eitthvert annað," sagði Gylfi, sem enn á eitt ár eftir af samningi sínum hjá Leeds. - hþh

# Öflugasti fréttavefurinn




## 26% fleiri fréttir

Samkvæmt mælingu Fjölmiðlavaktarinnar sem framkvæmd var 15.mars – 15.apríl 2007 var fjöldi innlendra og erlendra frétta á Mbl.is 2.186 en **2.761 á Vísir.is**



**Þórir Guðmundsson**
**Ritstjóri**
Á annan tug fréttamanna vinna við öflugasta fréttavef landsins, Vísir.is

vísir.is
Fyrstur með fréttirnar

## WESLEY SNIPES

Vampíruveiðarinn Blade, öðru nafni Wesley, er ekki í góðum málum. Hann var ákærður fyrir stórfelld skattsvik á árunum 1996 til 2004 og handtekinn í lok síðasta árs. Wesley kvaðst vera saklaus og var leystur úr haldi gegn tryggingu. Sökum umfangs málsins fer það ekki fyrir dóm fyrr en í október og á leikarinn yfir höfði sér allt að sextán ára fangelsi. Wesley leikur í Nine Lives kl. 00.00.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ INDÍANA ÁSA HREINSDÓTTIR MÆLIR MEÐ BROTHERS & SISTERS

# *Alvöru dramaþættir með frábærum leikurum*

Spennan komst í hámark á mínu heimili þegar Sýn fór að auglýsa þátttöku Íslendinga á heimsmeistaramótinu í póker. Poppið og kókið var því tilbúið þegar fyrsti þátturinn byrjaði. Gamanið kárnaði hins vegar fljótlega. Leikurinn var klipptur niður og örfáar hendur sýndar og aðeins þegar þátttakendur settu allt sitt undir. Fyrir vikið varð áhorfið ekkert skemmtilegt. Ég efa að knattspyrnuáhugamenn myndu sætta sig við að sjá aðeins mörkin en ekki heilu leikina. Við gáfumst fljótlega upp og horfðum á alvöru póker í tölvunni í staðinn.

Þættirnir Strictly Confidential eru frábærir en því miður er síðasti þátturinn á dagskrá annað kvöld. Bretar eru snillingar að búa til frábærar en of stuttar þáttaseríur. Það truflar mig samt hvað Linda, aðalgellan, er róleg þótt margt bendli eiginmann hennar við morð, framhjáhald og afbrigðilega kynlífshegðun.

Hef séð nokkra þætti af bandarísku syrpunni Brothers & Sisters og er kolfallinn aðdáandi. Þetta eru alvöru dramaþættir með frábærum leikurum eins og Calistu Flockhart og Sally Field og ég mæli með að sjónvarpsstöðvarnar tryggi sér réttinn sem allra fyrst. Brothers & Sisters er næsta Grey's Anatomy.



**BROTHERS & SISTERS** Þessir dramaþættir eru næsta Grey's Anatomy.

## EKKI MISSA AF



**22.25 Njósnadeildin**
SJÓNVARPIÐ



**19.40 Simpsons** STÖÐ 2



**22.00 Malibu´s Most Wanted**
STÖÐ 2 BÍÓ



**22.45 American Idol** SIRKUS



**19.30 Snocross - Lokaþáttur**
SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Franklín** (74:78)
**18.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Everwood** (13:22)

**20.55 Ómur af Ibsen - Kóngulóarveislan** (6:8) Norsk þáttaröð þar sem sagðar eru nútímasögur byggðar á verkum Henriks Ibsens. Hilde og Tom hafa verið saman lengi og vilja bæði að eitthvað fari að gerast. Þau undirbúa garðveislu og bjóða trúðnum Ásbirni. Leikstjóri er Arild Østin Ommundsen.

**21.25 Bless amma** (Farvel farmor) Danskur þáttur um Mine Pedersen sem fæddist árið 1900 og lést 2006. Barnabarn hennar sem er fréttamaður hjá Danska sjónvarpinu rekur ævi hennar í stórum dráttum og bregður um leið upp svipmynd af hinum miklu breytingum sem urðu á lífi fólks og umhverfi á 20. öld.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Njósnadeildin** (4:10) Breskur sakamálaflokkur. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.20 Víkingasveitin** (1:4) (Ultimate Force) Breskur spennumyndaflokkur um sérsveit innan hersins sem fæst við erfið mál. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. e.

**00.20 Kastljós**
**00.55 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Timeline**
**08.00 Cheaper By The Dozen 2**
**10.00 Little Black Book**
**12.00 Hope Floats**
**14.00 Cheaper By The Dozen 2**
**16.00 Little Black Book**
**18.00 Hope Floats**
**20.00 Timeline**

**22.00 Malibu´s Most Wanted** Glæpamynd á laufléttum nótum. Aðalhlutverk: Jamie Kennedy, Taye Diggs, Anthony Anderson. Bönnuð börnum.

**00.00 Nine Lives**
**02.00 Children of the Corn 6**
**04.00 Malibu´s Most Wanted**

## STÖÐ 2

**07.20 Batman**
**07.40 Myrkfælnu draugarnir**
**07.55 Myrkfælnu draugarnir**
**08.05 Oprah**
**08.50 Í fínu formi 2005**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 Forboðin fegurð** (49:114)
**10.10 Numbers** (11:24)
**11.05 Fresh Prince of Bel Air 4**
**11.30 Man´s Work** (9:15)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Homefront**
**13.55 Las Vegas** (16:23)
**14.40 Whose Line Is it Anyway? 4**
**15.05 Veggfóður** (17:20)
**15.50 Shin Chan**
**16.13 Horance og Tína**
**17.03 Taz-Mania 1**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 Simpsons** (3:21)

**20.05 The Apprentice** (13:16) Donald Trump snýr aftur í fimmtu seríunni af Lærlingnum þar sem hann leitar enn á ný að lærlingi fyrir Trump-fyrirtækjaveldið.

**20.50 Shark** (19:22)

**21.40 Las Vegas** (5:17) Spennandi bandarísk þáttaröð sem gerist í partíborginni Las Vegas.

**22.25 The Unit** (6:23) Önnur sería þessarar vinsælu þáttaraðar sem fjallar um störf leynilegrar úrvalsveitar innan bandaríska hersins.

**23.10 Twenty Four** (17:24) Sjötta þáttaröð vinsælasta spennuþáttar Stöðvar 2 síðustu árin. Stranglega bönnuð börnum.

**23.55 Cold Case** (16:24) Lily Rush er rannsóknarmaður hjá lögreglunni í Fíladelfíu sem hefur þarft verk að vinna. Bönnuð börnum.

**00.40 Øyenstikker** (Dragonflies) Norsk verðlaunamynd. Bönnuð börnum.

**02.25 Mary Shelley´s Frankenstein** (e)
**04.25 Shark** (19:22)
**05.10 Fréttir og Ísland í dag**
**06.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider** Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bakvið heitasta slúðrið í Hollywood.

**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**

**19.40 Entertainment Tonight** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur.

**20.10 Da Ali G Show**

**20.40 Gene Simmons: Family Jewels** (11:13) Rokkgoðið Gene Simmons úr hljómsveitinni Kiss hleypir áhorfendum inn í líf sitt í þáttunum Family Jewels. Simmons sýnir á sér nýja hlið sem hefur verið falin þar til nú. Fá áhorfendur að kynnast konu hans til 20 ára og börnunum þeirra tveimur. Sjáðu mjúku hliðar Simmons þar sem hann reynir að laga fjölskyldulífið að lífi rokkarans.

**21.10 Young Blades** (2:13) Spennandi þáttaröð þar sem sögusviðið er Frakkland á miðöldum og svokallaðar skyttur sjá um að verja landið gegn illum öflum. Ný kynslóð af skyttum eru í þjálfun og meðal þeirra er sonur hinnar þekktu skyttu D´Artagnan. Hinn ungi D´Artagnan og félagar hans þurfa að leggja allt undir til að verja konung sinn gegn hinum illa kardínála Mazarin sem gerir hvað sem er til að komast til valda.

**22.00 Grey´s Anatomy** (21:25)

**22.45 American Idol** (36:41) Slagurinn heldur áfram á American Idol sviðinu en nú fer að styttast í úrslitakvöldið. Það eru aðeins fjórir söngvarar eftir en í lok kvöldsins fáum við að vita hverjir verða þeir þrír efstu.

**23.30 American Idol** (37:41)
**00.15 Pussycat Dolls Present: The Search** (2:8) (e)
**01.05 Entertainment Tonight** (e)
**01.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.

**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Melrose Place** (e)
**10.30 Óstöðvandi tónlist**
**15.15 Vörutorg**
**16.15 Fyrstu skrefin** (e)
**16.45 Beverly Hills 90210**
**17.30 Melrose Place**
**18.15 Rachael Ray**
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)

**19.30 Snocross - Lokaþáttur** Íslenskir snjósleðakappar í skemmtilegri keppni þar sem ekkert er gefið eftir.

**20.00 Queer Eye for the Straight Guy** Hinir fimm fræknu hjálpa misheppnuðum náunga sem er fastur í miðöldum. Nú langar hann að bera upp bónorðið og tískulöggurnar hjálpa honum að gera augnablikið ævintýralegt.

**21.00 Innlit / útlit** Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við, heimsækja skemmtilegt fólk og breyta og bæta á heimilum þess.

**22.00 Close to Home** (21:22) Annabeth Chase er ungur saksóknari sem vill ólm fá öll erfiðustu glæpamálin og hlífir sér hvergi. Spillt lögga er sýknuð af morðkæru en Annabeth neitar að gefast upp eftir að lykilvitni í málinu er myrt.

**22.50 Everybody Loves Raymond**
**23.15 Jay Leno**
**00.05 Heroes** (e)
**01.05 Jericho** (e)
**01.55 Beverly Hills 90210** (e)
**02.40 Melrose Place** (e)
**03.25 Vörutorg**
**04.25 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**08.00 Ítölsku mörkin** (e)
**14.00 Blackburn - Reading** (frá 13. maí)
**16.00 Watford - Newcastle**(frá 13. maí)
**18.00 Þrumuskot** (e)
**19.00 Tottenham - Man. City** (frá 13. maí)
**21.00 Ítölsku mörkin** (e)
**22.00 Liverpool - Charlton** (frá 13. maí)
**00.00 Þrumuskot**
**01.00 Dagskrárlok**



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.50
### Shark



James Woods er hér í hlutverki saksóknarans Sebastians Stark, sem er mikið hörkutól í réttarsalnum. Í þætti kvöldsins þarf Stark að sækja til saka forstöðukonu kvennaathvarfs sem sökuð er um morð á klámframleiðanda. Þetta reynist erfitt þar sem konan er almennt talin hetja í samfélaginu. Stark er þó ekki vanur að bíða lægri hlut og því þarf hann að finna lausn á málinu sem fyrst.

### ▶ Við mælum með
### ÓMUR AF IBSEN
### Sjónvarpið kl. 20.55

Norsk þáttaröð þar sem sagðar eru nútímasögur byggðar á verkum Henriks Ibsen. Hilde og Tom hafa verið saman lengi og vilja bæði að eitthvað fari að gerast. Þau undirbúa garðveislu og bjóða trúðnum Ásbirni. Leikstjóri er Arild Østin Ommundsen.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Lífsjátning
**14.30** Seiður og hélog
**15.03** Orð skulu standa
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn
**20.10** Sagnaþættir Jóns Helgasonar
**20.55** Í heyranda hljóði: Torf í arf
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Lotta í Wetzlar og Weimar
**23.10** Fimm fjórðu
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**07.00 Landsbankadeildin 2007** (KR - Keflavík)

**16.20 Landsbankadeildin 2007** (KR - Keflavík)

**18.10 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**

**18.40 Coca Cola deildin** (Derby - Southampton)

**20.40 PGA Tour 2007 - Highlights** (The PLAYERS Championship) Svipmyndir frá síðasta móti á PGA-mótaröðinni í golfi í Bandaríkjunum. Farið er yfir helstu tilþrifin fyrstu þrjá keppnisdagana en svo er efstu kylfingunum fylgt eftir á lokaholunum.

**21.35 Heimsmeistaramótið í póker** (World Cup of Poker) Heimsmeistaramótið 2006 í Póker sem fram fór á Spáni síðastliðið haust. Þar tóku Íslendingar þátt í fyrsta sinn og verður spennandi að fylgjast með gengi þeirra.

**22.35 UEFA Cup Final 2005/2006** (Evrópukeppni félagsliða) Útsending frá úrslitaleiknum í UEFA bikarnum 2006 þar sem Sevilla tók Middlesbrough í bakaríð.

**00.25 Coca Cola deildin** (Derby - Southampton)

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.

**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

## DR 1

**6.00** Postmand Per **6.15** Noddy **6.30** Jeg elsker bøfler **7.00** Grønne haver **7.30** Deadline 2. Sektion **8.00** Jersild & Spin **8.30** Studenterne fra Pumwani **9.00** Den 11. time **9.30** Grauballemanden **10.00** TV Avisen **10.10** Horisont **10.35** Ud i naturen **11.00** Genbrugsguld **11.25** Aftenshowet **12.20** Hold masken **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawson's Creek **14.00** Hjerteflimmer **14.30** Shin Chan **14.35** Ninja Turtles: Tidsrejsen! **15.00** 21 dage i Amazon-junglen **15.30** Lille Nørd! **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **16.55** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd **18.00** Hokus Krokus **18.30** Smag på Danmark - med Meyer **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Wicked Minds **21.30** Hercule Poirot **4.30** Dyrene fra Lilleskoven **5.00** Rasmus Klump **5.10** Palle Gris på eventyr **5.30** Kaj og Andrea - og Yrsa **6.00** Postmand Per

## NRK 1

**6.30** Jukeboks **7.20** Puls: Bedre Puls **7.45** Faktor: Livets lotto **8.15** Fremlegging av revidert nasjonalbudsjett **9.05** Oddasat - Nyheter på samisk **9.20** Distriktsnyheter **9.40** Fra Nordland **10.00** Siste nytt **10.05** Distriktsnyheter 1**0.20** Fra Møre og Romsdal **10.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **11.00** Siste nytt **11.05** Lunsjtrav **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Oslo og Akershus **12.40** Fra Østfold **13.00** Siste nytt **13.05** James Ellroy **14.00** Siste nytt **14.03** Pokerlandet **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Jan i naturen **15.40** Tid for tegn **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Lille Prinsesse **16.15** Robotgjengen **16.25** En altmuligmann til mamma **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Ut i naturen: Magasin **17.55** En statsminister takker for seg **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Standpunkt **20.15** Extra-trekning **20.30** Safari **21.00** Kveldsnytt **21.15** Kulturnytt **21.20** Utsyn: Barn i slavearbeid **22.05** 4•4•2: Bakrommet: Fotballmagasin **22.35** Beth Hart **5.30** Jukeboks

## SVT 1

**7.30** När gräsrötterna tar över **8.00** Barnet och orden - om språk i förskolan **8.30** De skapade historia **9.00** Vetenskap - människan avslöjad **9.30** Välfärd från vagga till grav **10.00** Rapport **10.05** Atlantens outforskade vildmark **12.25** Sommarnöje sökes **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Poniente **15.25** Sport mit Simone **15.30** Krokomax **16.00** Myror i brallan **16.30** Sagoberättaren **17.00** Lilla Aktuellt - kortnyheter **17.05** Kinas hopp **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Hunter **20.00** Argument **21.00** Rapport **21.10** Kulturnyheterna **21.20** Kobra **21.50** Stina! **22.50** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige


MPM
MASTER OF PROJECT MANAGEMENT



MPM meistaranám í verkefnastjórnun



Umsóknarfrestur til 22. maí

TVEGGJA ÁRA NÁM SAMHLIÐA STARFI

Nýr og spennandi kostur fyrir þá sem hafa áhuga á afar hagnýtu stjórnunarnámi.

Alþjóðleg vottun í verkefnastjórnun í umboði alþjóðasamtaka verkefnastjórnunarfélaga (IPMA)





| MEÐAL NÁMSEFNIS Á 1. ÁRI | MEÐAL NÁMSEFNIS Á 2. ÁRI |
|---|---|
| • Stefnumótun | • Ferli og ferlisvæðing |
| • Áætlanagerð | • Hópurinn og hópdýnamík |
| • Leiðtoginn og sjálfið | • Stjórnandinn og skipulag |
| • Samningar og deilur | • Fjármál verkefna |
| • Upplýsingatækni | |

ÞÁTTTÖKUSKILYRÐI:

- BA/BS/B.ed. eða sambærilegt
- Minnst þriggja ára reynsla úr atvinnulífinu
- Reynsla við verkefnavinnu æskileg



www.mpm.is

VERKFRÆÐIDEILD
HÁSKÓLA ÍSLANDS

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Þegar maður er að flýta sér eru tveir staðir sem standa upp úr. Það eru eldbökuðu Rizzo pizzurnar í Árbænum, og svo Food taxi. Það er tær snilld.“*

Hjalti Úrsus Árnason, kraftakarl og kerfisfræðingur.

# Egill Helga vann 30 þúsunda kosningapott

„Já, ég vann kosningaveðmál fyrirtækisins. Veðbanka var komið á til að giska á kosningaúrslitin og hver skyldi nú hafa sigrað nema ég,“ segir Egill Helgason sjónvarpsmaður.

Logi Bergmann Eiðsson var veðbankastjóri – þekktur fyrir að standa að slíkum uppákomum til eflingar vinnumóral – og var þátttaka mjög góð. Um þrjátíu manns lögðu þúsund krónur undir hver og þann pott, í kringum þrjátíu þúsund, hirti Egill. Í öðru sæti var Einar Mar Þórðarson, kosningaspekingur Stöðvar 2, og ofarlega var á blaði Sigmundur Ernir Rúnarsson.



**LOGI BERGMANN** Veðbankastjórinn efnir gjarnan til veðmála til eflingar starfsandanum.

„Það var verið að giska á prósentutölu allra flokkanna með aukastaf einnig. Og þegar þetta var reiknað út reyndist ég vera með minnst frávik frá niðurstöðunni,“ segir Egill harla ánægður með það. Talar um að hann hafi þar með heldur betur styrkt stöðu sína sem stjórnmálaskýrandi.

Spurður um niðurstöðuna segir Egill skilaboðin óljós. Og nú keppist menn við að vera í einhverjum leik.

„Fyndið til dæmis hvað Vinstri grænir virðast áfjáðir að komast í stjórn með Sjálfstæðisflokknum. Sá möguleiki að Framsóknarflokkurinn sitji áfram virðist til málamynda og til þess fallinn að styrkja samningsstöðu Sjálfstæðisflokksins. Hver verður niðurstaðan? Nú gæti ég átt á hættu að tapa þessu áliti sem ég hef unnið mig upp í. En ætla að spá að þetta endi með stjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar. Þessu spái ég af fullkomnu ábyrgðarleysi og þó ég hafi verið grísinn hvað kosningapottinn snertir er ekki víst að það verði aftur.“ - jbg



**EGILL HELGASON** Styrkti stöðu sína sem stjórnmálaskýrandi verulega með því að hirða kosningapottinn.

| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | 13 | | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT 2.** örverpi, **6.** rykkorn, **8.** sefa, **9.** prjónavarningur, **11.** tveir eins, **12.** fínt efni, **14.** lúkar, **16.** samanburðartenging, **17.** hækkar, **18.** farfa, **20.** tónlistarmaður, **21.** mannvíg.

**LÓÐRÉTT 1.** svik, **3.** tveir eins, **4.** stjórnmál, **5.** mál, **7.** reiknivél, **10.** rá, **13.** ílát, **15.** sót, **16.** loga, **19.** á fæti.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** urpt, **6.** ar, **8.** róa, **9.** les, **11.** ll, **12.** silki, **14.** káeta, **16.** en, **17.** rís, **18.** lit, **20.** kk, **21.** dráp.

**LÓÐRÉTT: 1.** fals, **3.** rr, **4.** pólitík, **5.** tal, **7.** reiknir, **10.** slá, **13.** ker, **15.** aska, **16.** eld, **19.** tá.

ERLENDUR BALDURSSON: VERULEGA SUBBULEG AUGLÝSING

# Lalli kostaði 300 þúsund

„Ef einhver drepur einhvern þá er það sjálfsagt góð auglýsing fyrir Securitas. Sjálfum finnst mér þessar auglýsingar mjög ósmekklegar og fer ekki í grafgötur með þá skoðun,“ segir Erlendur Baldursson hjá Fangelsismálastofnun.

Auglýsingar frá Öryggismiðstöðinni „Hver vaktar þitt heimili?“ þar sem birtist flennimynd af góðkunningja lögreglunnar, Lalla Johns hinum kunna smákrimma, hafa vakið athygli og afar blendin viðbrögð. Andlit Lalla er þar augljóslega notað til að vekja á því athygli að innbrotsþjófar séu á kreiki. Erlendur segir sjálfsagt mega túlka þetta á ýmsa vegu en þetta sé frjálst land og ekki hægt að banna auglýsingar af þessu tagi. Og sjálfsagt hafi Lalli fengið greitt fyrir fyrirsætustörf sín. En óneitanlega vakni spurningar um siðferði, auglýsingastofan virðist ekki virða nein mörk þar. Hennar starf gangi út á að ná athygli og sá tilgangur virðist helga meðalið. „Spurning er hvað menn vilja ganga langt í svona málum,“ segir Erlendur.

Það er auglýsingastofan Himinn og haf sem gerir auglýsingarnar og þar er fyrir svörum Eiríkur Aðalsteinsson framkvæmdastjóri. Hann segir auglýsingarnar hafa verið gerðar í samráði við aðstandendur Lalla sem lögðu blessun sína yfir auglýsingagerðina sem og SÍA – Samtök íslenskra auglýsingastofa.

„Við erum að reyna að koma þessu fram sem forvarnardæmi. Út á það gengur herferðin. Lalli vill snúa við blaðinu og taka þetta að sér. Það fannst okkur skemmtileg leið til að bæta ímynd hans.“

Eiríkur samsinnir því að Lalli sé þarna í hlutverki smáglæpamanns en hann sé að segja frá því hvernig þetta var. Og Lalli stundi ekki innbrot lengur.

„Já, þetta var tekið á Litla-Hrauni, við vorum í góðu samstarfi við yfirvöld og Lalli stóð sig mjög vel,“ að sögn Eiríks.




**UMDEILD AUGLÝSING** Lalli Johns sjálfur er ánægður með auglýsinguna enda vanur myndavélunum og fékk „mjög mjög gott“ greitt fyrir.

**ERLENDUR BALDURSSON** Hann fer hvergi í grafgötur með þá skoðun sína að auglýsingin sé afar ósmekkleg.

Lalli sjálfur, sem nú situr bak við lás og slá, er ánægður með auglýsingarnar enda ekki óvanur myndavélum. En hvað fékk Lalli greitt fyrir? „Mjög mjög gott,“ segir Lalli og talar um mánaðarlaun?

Tvö til þrjú hundruð þúsund?

„Ha? Nei, minna. Hundrað þúsund.“

En samkvæmt heimildum Fréttablaðsins felst í þessu sjónvarpsréttur einnig og mun greiðsla til Lalla alls hafa numið í kringum þrjúhundruð þúsund.

Lalli lætur vel af sér á Litla-Hrauni en er ósattur við að sitja inni með sjö mánaða dóm á bakinu. Segist ekki fá að fara í meðferð eins og hans réttur kveði á um og þá er þetta tiltekna afbrot málum blandið.

„Þetta er fyrir einhverja skrifblokk og leikfangabangsa sem ég á að hafa stolið,“ segir Lalli sem ætlar nú að snúa við blaðinu, er búinn að fá sig fullsaddan af þessu líferni og langar helst á sjóinn að lokinni afplánun. **jakob@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Íslensku blaðamennirnir sem fylgdust grannt með gangi mála í Eurovision-söngvakeppninni í Helsinki ráku upp stór augu þegar á vegi þeirra varð sjálfur yfirlögregluþjónninn **Geir Jón Þórisson**. Þó að Geir Jón sé söngmaður mikill var ekki vitað til þess að hann væri sérstakur áhugamaður um Eurovision. Enda koma það á daginn, við nánari eftirgrennslan, að ekki var það Eurovision sem dró Geir Jón til Finnlands heldur ráðstefna yfirlögregluþjóna höfðuborganna en þeir eru að ráða ráðum sínum til hvaða aðgerða megi grípa gegn skipulögðum glæpahringjum. Geir Jón sýndi Eurovision takmarkaðan áhuga og þótti þetta fremur furðuleg samkoma.



Annar sem sást á vappi í Helsinki, söngmaður mikill en þekktur af öðru en Eurovision-áhuga, nefnilega sjálfur **Bjarni Ármannsson**. Þótti tíðindum sæta að sjá hann ganga hjá útibúi Kaupþings þar í borg og spruttu fram samsæriskenningarnar um hvort hann væri að ganga til liðs við Kaupþing. Hitt er vitað að Bjarni er að skipuleggja mikla bankastjóraráðstefnu í Reykjavík þar sem koma til funda um fjörutíu bankastjórar ásamt mökum. Og verður þá öllu til tjaldað svo að vel fari um gestina. En slík ráðstefna er haldin árlega og var í Aþenu fyrir ári.



Nokkur æsingur greip um sig meðal sjálfstæðismanna kosninganóttina þegar kvikmyndatökugengi var mætt til að mynda það þegar foringinn **Geir H. Haarde** kæmi til að taka á móti hyllingu sinna manna. Ekki voru nema tvö hundruð manns á Broadway og smalaði **Gísli Marteinn Baldursson** af miklu öryggi fólki saman og setti innan ramma þannig að allt liti sem best út á mynd. -jbg



## LEIÐRÉTTING

Í frétt á sunnudaginn um endurfundi gamalla Hagaskólanemenda urðu þau leiðu mistök að sagt var að þetta væru endurfundir nemenda sem voru í skólanum árin 1950-1965. Hið rétta er að það eru nemendur fæddir á þessum árum sem ætla að hittast.


HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



STILLUM HITANN HÓFLEGA

Góð ráð og gagnlegar upplýsingar um heita vatnið

www.stillumhitann.is


# Silja Hauksdóttir stýrir Stelpunum

Silja Hauksdóttir hefur verið ráðin leikstjóri sjónvarpsþáttaraðarinnar Stelpurnar, sem hafa verið sýndar á Stöð 2 við miklar vinsældir. Tekur hún við keflinu af Sævari Guðmundssyni sem síðast sat í leikstjórastólnum en ný þáttaröð verður frumsýnd í vetur. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er Silja fyrsta konan til að leikstýra gamanþáttaröðinni en áður hafa þeir Óskar Jónasson, Ragnar Bragason og áðurnefndur Sævar verið við stjórnvölinn.

Silja er þó langt frá því að vera ókunnug Stelpunum því hún var hluti af handritsteymi þáttarins þegar þeir fóru fyrst af stað. „Ég hef svona eiginlega verið utanáliggjandi á þeim síðan þá,“ segir Silja sem kveið því ekkert að fara að leikstýra þessum valinkunna grínhóp. „Ég hef unnið með þeim áður og það verður bara gaman að taka þetta alla leið,“ útskýrir leikstjórinn. Hún hefur verið að leikstýra auglýsingum fyrir Saga-Film og daðrað aðeins við handritagerð þótt hún vilji lítið gefa upp um þá stöðu mála. Þá fór hún í nokkrar ferðir til Afríku fyrir jól og tók upp efni fyrir UNICEF og festi meðal annars á filmu ferðalag Sigur Rósar til Svasílands.

Enn á eftir að ráða í helstu hlutverk en eins og undanfarin ár hafa verið róteringar á leikhópnum og leikarar komið og farið. „Það er alveg ótrúlega gaman að vera hluti af þessum hóp og nú erum við bara að skrifa handritið,“ segir Silja. Meðal þeirra sem sitja sveittir við skriftir eru Kjartan Guðjónsson, Sigurjón Kjartansson, Katla Margrét Þorgeirsdóttir, Ilmur Stefánsdóttir og María Reyndal auk Margrétar Örnólfsdóttur. - fgg



**SILJA HAUKSDÓTTIR** Segist ekki kvíða því að leikstýra hinum óstýriláta grínhópi sem prýðir sjónvarpsþáttaröðina Stelpurnar.


**Tilboð**

Ferskur stór humar 3900kr/kg

**Laxasteikur í teriyaki -hunangs-appelsínu**

1290kr/kg

HAFIÐ FISKIPRINSINN

*Þú getur alltaf treyst á prinsinn*

Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi

s: 554 7200 • www.hafid.is

# Maítilboð



Mamma framkallaði
100 myndir fyrir
aðeins 2.900

**Stafræn** framköllun
í **Maí** aðeins **29 kr** myndin

**29**
**kr. stk.**

HANS PETERSEN

Bankastræti · Fjörður · Kringlan · Laugavegur 178 · Smáralind



# VIÐ HEIMTUM ÓDÝRA FARSÍMA!

Farsímalagerinn.is

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

vísir www.visir.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR



BAKÞANKAR

KARENAR D. KJARTANSDÓTTUR

# *Fögur er flugstöðin*

Það er engin tilviljun að hvergi í alheiminum er til líkingin „fallegur eins og flugstöð“. Væri Dante uppi nú á tímum væri einn hringja helvítis í vítisljóðum hans líkastur risavaxinni flugstöð. Reikandi sálir, með þunga pinkla í eftirdragi, vafra þar um vegvilltar og svefnvana.

**DRÝSLARNIR** sem kvelja syndara í gömlum helvítisljóðum með eldi og brennisteini eiga margt sameiginlegt með öryggisvörðum flugstöðva. Örþreyttu fólki er miskunnarlaust skipað í langar biðraðir til þess að ókunnugir hliðverðir, með málmleitartæki í stað þríforks, geti þuklað það og rótað í eigum. Ástæðurnar fyrir aðgerðunum þykja mér mjög á huldu. Bæklingarnir sem eiga að skýra út ástæðurnar fyrir skaðsemi heklunála og naglaklippa veita jafn greinargóð svör og talan 42 veitir við tilgangi lífsins.

**ÞAÐ** er erfitt að gera grein fyrir gerðum sínum þegar maður er tekinn höndum fyrir að hafa verið með hluti eins og tannkremstúpu eða farða í fórum sínum. Slíkir hlutir vekja ávallt mikla furðu meðal öryggisvarða heimsins. Fátt virðist ógna flugöryggi meira en varningur af því tagi.

**EFTIR** að reiðileg kona hafði strokið mér allri, líklega hefur hún verið að kanna hvort ég hefði meira tannkrem í fórum mínum, og rótað hafði verið í farangri mínum án þess að nokkuð vafasamt kæmi í ljós þótti mér afsökunarbeiðni sjálfsögð. Mér varð ekki að ósk minni. Stefnan er að gruna alla þá sem fara um í gegnum flugstöðvar um möguleg illvirki. Því furða ég mig á því hve sjaldan ég heyri fréttir af því að hlutir, sem eru hættulegir í raun og veru, finnist í fórum ferðalanga. Síðasta sumar man ég reyndar eftir að hafa lesið frásögn af konu sem tekin var höndum á flugvelli í Vestur-Virginíu eftir að eldfimur vökvi fannst í fórum hennar. Greint var frá því að hún væri 28 ára og frá Palestínu. Skoðaði frétt af sama atviki á annars staðar og komst að því að vökvinn hafði verið andlitsvatn. Rafstýrður róbóti var látinn eyða þeim ófögnuði undir eftirliti sérsveitar lögreglumanna. Samkvæmt síðari fréttaveitunni virtist konan hafa verið búsett í Bandaríkjunum frá barnæsku. Starfsmenn hennar höfðu greinilega ekki lagt metnað í að rekja ættir hennar til meira framandi staða en Massachusetts.

**MIÐAÐ** við allan þann metnað sem lagður er í leit á farþegum, undir því yfirskyni að verið sé að gæta öryggis þeirra, kemur mér á óvart hvað er svo látið óátalið. Eftir að hafa komist í gegnum öryggishliðið við illan leik sá ég konu sem var í svo annarlegu ástandi að hún hafði misst þvag. Öldruð kona gekk svo um óttaslegin á svip æpandi Istanbul án þess að starfsmenn sinntu um hana. Sá hana reyndar aftur eftir um tvo tíma ásamt tyrkneskum manni úr matsölunni sem virtist leiðbeina henni á áfangastað. Hann var eins og engill í víti. Ef það er öryggi farþega sem veldur biðröðum á flugvöllum mætti vel athuga fleiri þætti en hvort þeir séu með naglaþjalir eða farða í farteskinu.




**KIA Sportage** dísil túrbó
KIA Sportage er kröftugur sportjeppi með eyðslugrannri og hljóðlátri 2ja lítra dísilvél sem skilar 140 hestöflum.

**Nú getum við boðið nokkur eintök af þessum vinsæla jeppa með aflmikilli dísilvél á lækkuðu verði, 2.890.000 kr.**

**Heilsársdekk og dráttarbeisli fylgja með.**

KIA Sportage er sigurvegari í sínum flokki, samkvæmt gæðakönnun hins virta alþjóðlega rannsóknarfyrirtækis JD Power. Könnunin náði til 115 þúsund bíleigenda í Bandaríkjunum.

**29.616 kr.** á mánuði* AVANT
*M.v. 30% útborgun og 84 mánaða gengistryggt bílalán frá AVANT.
Einnig fáanlegur með 100% láni.

HEKLA ***KIA umboðið*** á Íslandi er í eigu HEKLU

KIA • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is

KIA MOTORS *The Power to Surprise™*